



RAFVERKTAKAR - RAFÞJÓNUSTA - VERSLUN

Símar – Heimilistæki – Raflagnaefni – mikið úrval af PERUM
Fagmennska í fyrirrúmi – löggiltur rafverktaki.

PÓLLINN EHF

POLLGÖTU 2 - ÍSAFIRÐI - SÍMI 456 3092



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 13. nóvember 2014 · 45. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Afdrífaríkt að hringja í vitlaust númer



Guðrún Stella Gissurardóttir hefur verið búsett á norðanverðum Vestfjörðum í tvo áratugi. Tíðrög þess að hún fluttist vestur voru þau, að hún hringdi í vitlaust númer. Síðan var hún í Önundarfirði í tvö ár en fluttist svo til Bolungarvíkur því að það var auðveldara en að flytja rótfastan bónda þaðan í Önundarfjörðinn.

30 ára afmælisblað

HÁGÆÐA VERKFÆRI FRÁ

KRAFTWERK



SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

– NÝTT Á SUBWAY –

Elskaðu spínat

– GRÆNA BYLTINGIN –

Nú getur þú sett spínat
á bátinn þinn - frítt

Spínat er
á boðstólum
í takmarkaðum
tíma



SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Vestfirðir eru sá landshluti þar sem hlutfall innflytjenda af mannfjölda er hæst.

Hæst hlutfall innflytjenda á Vestfjörðum

Vestfirðir eru sá landshluti þar sem hlutfall innflytjenda af mannfjölda er hæst, en þar eru 13,2% innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð. Næsthæst er hlutfallið á Suðurnesjum þar sem 13,1% mannfjöldans eru innflytjendur eða börn þeirra. Lægst er hlutfallið á Norðurlandi vestra, en þar eru um 4,5% mannfjöldans innflytjendur eða börn þeirra.

Á vef Hagstofunnar kemur fram

að 1. janúar 2014 voru 27.447 innflytjendur á Íslandi eða 8,4% mannfjöldans. Það er fjölgun frá því í fyrra þegar þeir voru 8,1% landsmanna. Annarri kynslóð innflytjenda fjölgaði einnig á milli ára og voru í þeim hópi 3.204 í fyrra en 3.532 nú.

Samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 9,5% af mannfjöldanum og hefur það hlutfall einungis verið hærri árið

2009 (9,6%). Fólki með erlendan bakgrunn, öðrum en innflytjendum, fjölgaði einnig lítillega milli ára, var 6,4% mannfjöldans í fyrra en 6,5% nú.

Í ársbyrjun voru 10.141 íbúar á Íslandi upprunnir frá Póllandi, eða 36,9% allra innflytjenda. Pólskir karlar voru 40,5% allra karlkyns innflytjenda eða 5.321 af 13.140. Pólskar konur voru 33,7% kvenkyns innflytjenda.

Þar á eftir koma innflytjendur frá Filippseyjum og Litháen, en frá hvoru þessar landa koma 5,2% innflytjenda.

Innflytjandi er skilgreindur sem einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda er fólk sem fætt er á Íslandi og á foreldra sem báðir eru innflytjendur.

Jólatónleikar vestfirskra tónlistarmanna

Hópur vestfirskra tónlistarmanna hefur tekið höndum saman og skipulagt stórtónleika í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 21. desember kl. 20:00. Jólagleðin verður í hávegum höfð á tónleikunum og munu hugljúfir og hátíðlegir tónar óma um kirkjuna þetta kvöld. Á tónleikunum koma fram söngvararnir Dagný Hermannsdóttir, Hjalti Karlsson, Sigrún Pálmadóttir, Stefán Jónsson og Svanhildur Garðarsdóttir. Hljómsveitina skipa Hulda Bragadóttir, Jón Hallfréð Engilbertsson, Jón Mar Össurarson, Samúel Einarsson og Stefán Jónsson. Miðasala verður auglýst síðar.



Ralf Trylla í Dynjandaneft

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, tekur sæti í nefnd Umhverfisstofnunar um gerð verndar- og stjórnumaráætlunar fyrir Dynjanda í Arnarfirði. Ralf er tilnefndur í nefndina af Ísafjarðarbæ. Umhverfisstofnun er skylt samkvæmt lögum að hafa umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og er undirbúningur að gerð áætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda hafinn. Dynjandi er friðlýst náttúruvætti frá árinu 1981.

Leggjast gegn deiliskipulagi á Suðurtanga

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ leggja gegn tillögu að deiliskipulagi íbúðarhúsnæðis á Suðurtanga. Engu að síður var samþykkt að auglýsa skipulagið með fimm atkvæðum Í-listans auk atkvæðis bæjarfulltrúa Framsóknarflokks-

ins. Í bókun Daníel Jakobssonar, oddvita Sjálfstæðisflokksins, segir að hann telji ekki rétt að svo stöddu að samþykka skipulagið þar sem lítill eftirspurn sé eftir að byggja íbúðarhús á Suðurtanga. Daníel segir að skipulagið þrengi að Bygðasafninu

með þeim hætti að það gæti hamlað þróun svæðisins.

„Frekar ætti að mínu mati að sameinast um að næstu 10 árin verði þarna styrkt sú notkun sem verið hefur á þessu svæði s.l. ár með tjaldstæði, tónleikahaldi og útivist almennt. Gengið yrði í að

taka til þarna, koma t.d. upp sviði, útigrilli o.fl. Þegar eftirspurn hefur myndast eftir íbúðarhúsnæði þarna yrði sú notkun endurskoðuð,“ segir í bókun Daníels. Sá hluti deiliskipulagsins sem snýr að hafnar- og iðnaðarsvæði var samþykkt einróma í bæjarstjórn.



Esprit rúmföt
14.900,-



Esprit rúmföt
14.900,-



Esprit rúmföt
14.900,-



Esprit baðsloppar
13.900,-



Esprit handklæði
margir litir í boði,
til í 3 stærðum,
verð frá: 1.410,-



Esprit teppi
14.900,-

ESPRIT
home



RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á facebook

Opíð virka daga frá kl. 09.00–18.00, lau 10.00–14.00, sun lokað

RB RÚM

Enn betra samband á Vestfjörðum



Vodafone jók nýlega 3G þjónustu sína við Ísafjarðardjúp verulega. Við bjóðum nú einnig ljósnetið á öllum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum.

**Tryggðu þér besta sambandið
hjá Vodafone.**

Vodafone

Góð samskipti bæta lífið





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Gústaf Gústafsson Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Auglýsingar: Litróf ehf.
Prentvinnsla: 2.200 eintök
Upplag: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Dreifing: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Stafræn útgáfa: Á ferð um Vestfirði
Önnur útgáfa: ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðunum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Bæjarins besta 30 ára

Hratt flýgur stund. Hver hefði látið sér til hugar koma þegar strákarnir, Halldór og Sigurjón, leituðu á náðir Gumma Massa með að fá húsaskjól hjá honum með barnungann þeirra, Bæjarins besta (BB) sem þeir höfðu gengið með um nokkurt skeið, en tók á fjórða ánda degi nóvember mánaðar 1984, sín fyrstu skref í heimi blaðaútgáfu á Ísafirði, sem vissulega hafði af mörgu að státa, allt frá Þjóðvilja Skúla Thoroddsen; litríkt og átakamikið tímabil í ísfirskri blaðaútgáfu, sem aldrei verður ofmetið, hvað sem afstöðu til einstakra manna og málefna líður. Eða, svo gripið sé til eftirfarandi tilvitnunar:

„Hvernig halda menn að tekist hefði til með ritun Sögu Ísafjarðar og Eyrarhrepps, svo dæmi sé tekið, ef ekki hefðu komið til heimildir hinna mörgu blaða sem gefin hafa verið út hér um slóðir á því tímabili, sem sagan greinir frá.“ (J.P.Þ. Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps) Gleggja verður ekki að orði komist um veigamikinn þátt landsmála-blaða í því sem kalla mætti grunnvinnu söguritunar. Þá má ekki gleyma að landshlutamiðlar, blöð og vefsíður, geta verið, og eru í mörgum tilfellum, beitt vopn í stöðugri baráttu byggðarlaga fyrir tilveru sinni og framtíð. Vel má svo orða að Gummi Massa hafi tekið guttana tvo og blaðið þeirra í föstur. Víst er að fóstrinn brást ekki traustinu, meðan hans naut við.

Senn líður að öðrum tímamótum í útgáfustarfseminni, nánar til tekið 4. janúar n.k. þegar fréttavefurinn bb.is verður 15 ára. Vefurinn hefur allt frá upphafi verið mikið sóttur. Ástæða er til að undirstrika að efni blaðsins og vefsins skarast ekki nema að hluta. Þannig birtist burðarefni blaðsins, svo sem mannlífsviðtölin í sérhverju tölublaði, aðalsmerki BB allt frá árinu 1986, ekki á vefnum.

Vikuleg útgáfa BB í þrjá áratugi hefði aldrei orðið veruleiki ef ekki hefðu margir lagt hönd á plóginn. Öllum þeim fjölda fólks sem þann flokk fyllir eru færðar hugheilar þakkir. Þakkir eru færðar lesendum og fyrirtækjum, viðskiptavinum blaðsins, sem segja má að hafi haft líftaug BB í hendi sér. Þessi mikli stuðningur hefur viðhaldið þeirri trú í brjósti útgefenda, að þeir hafi ekki misst sjónar á því markmiði, sem að var stefnt í upphafi: Blaði sem umfram allt væri málsvári vestfirskra hagsmuna. Því einu er við að bæta að svo lengi sem BB mun koma fyrir augu þín, lesandi góður, mun ekki vikið af þeim vegi.

Bæjarins besta þakkar samfylgdina í þrjá áratugi og vonast til að fá að njóta hennar áfram. s.h.

Spurning vikunnar

Ertu hlynnt(ur) eða mótfallin(n) sameiningu Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar?

Alls svöruðu 646.

Hlynnt(ur) sögðu 279 eða 43%

Mótfallin(n) sögðu 294 eða 46%

Hef ekki skoðun sögðu 73 eða 11%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fv. alþingismaður og núverandi formaður Landssambands eldri borgara

Alltaf góð samskipti við blaðamenn og ritstjóra

Bæjarins besta sem nú á 30 ára afmæli sem óháð fréttablað á Vestfjörðum hefur staðið sig með miklum ágætum þann tíma. Það hefur þroskast í tímanum rás og að mér finnst í rétta átt. Ég man að það var alltaf mikil tilhlökkun á fimmtudögum þegar blaðasalar komu í Hnífsdal um kvöldmatarleytið og spurt var: Viltu kaupa BB? Og alltaf var blaðið keypt og sá sem var fyrstur til dyra fékk að lesa blaðið fyrstur.

Ég vildi reyndar að það flytti meiri fréttir af öllum Vestfjörðum, því oft finnst mér það ein-skorða sig of mikið við Ísafjarð-



arsvæðið. Spurning hvort ætti að kaflaskipta því milli svæðanna í meira mæli. En það hafa alltaf

verið góð samskipti við blaðamenn og ritstjóra, hafi ég þurft að koma einhverju efni að.

Oft hefur vafalaust verið á brattann að sækja til að lifa af í hörðum heimi lítilla landsmála-blaða. Það er því ákveðið afrek og lofsvert að eiga 30 ára afmæli. Og ekki má gleyma þeirri viðbót sem fyrir 15 árum kom með net-útgáfunni, sem ég veit að er skoðuð og lesin um allan heim.

Ég vona sannarlega að blaðið eigi framtíð fyrir sér áfram og óska því og aðstandendum til hamingju með glæsilegan árangur.

Pétur Georg Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

Þakklæti, aðdáun, fyrirmynd

Það sem kemur fyrst upp í hugann þegar rætt er um BB og þau merku tímamót sem núna eru hjá blaðinu eru þrjú orð: Þakklæti, aðdáun, fyrirmynd.

Þakklæti fyrir að halda málefnum fjórðungsins á lofti, hagsmunum og tilvistarbaráttu, óháð flokkum, línupólitík og kosninga-



vetrum. Aðdáun fyrir þá þraut-seigju að halda úti slíkri hugsjónastarfsemi sem fjölmiðlun er á okkar svæði. Og að vera sú fyrirmynd sem birtist í leiðurum blaðsins viku eftir viku og er að sönnu staðföst og stöðug rödd Vestfjarða. Til hamingju með áfangann og takk fyrir mig.



**Magnús Ólafur Hansson, verkefnastjóri Atvinnu-
þróunarfélags Vestfjarða með aðsetur á Patreksfirði**

Ómetanlegt fyrir samfélagið

Ég óska Bæjarins besta hjartanlega til hamingju með þrítugsafmælið. Jafnframt óska ég afleggjara þess, fréttavefnum bb.is, til hamingju með fimmtán ára afmælið núna um áramótin. Ég efast ekki um að það hefur ekki alltaf verið auðvelt að halda þessum miðlum úti af þeim myndar-

skap öll þessi ár sem reynslan hefur leitt í ljós.

Í fyrstunni var Bæjarins besta pínulítið innanbæjarblað á Ísafirði, lítið annað en sjónvarpsdagskrá og auglýsingar, en á skömmum tíma óx því fiskur um hrygg. Vel man ég þegar byrjað var að bera blaðið í hús í Bolung-

arvík, þar sem ég átti heima á þeim tíma.

Síðan hefur Bæjarins besta vaxið og dafnað á allan hátt. Það er stórkostlegt og ómetanlegt fyrir samfélagið á norðanverðum Vestfjörðum að eiga svona blað og fyrir Vestfirði alla að eiga fréttavefinn bb.is.

Síðustu sætin Tenerife & Kanarí

í nóvember og desember

Gerðu jólainnkaupin í sólinni



Tenerife

VERÐ FRÁ:

102.700 KR

BROTTFARIR Í BOÐI

19. nóv. 2014
27. nóv. 2014
10. des. 2014

Kanarí

VERÐ FRÁ:

87.900 KR

BROTTFARIR Í BOÐI

18. nóv. 2014
26. nóv. 2014
2. des. 2014
10. des. 2014

Nánar á urvalutsyn.is/vetrarsol

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is



Stíklur í 30 ára sögu Bæjarins besta og 15 ára sögu bb.is

„Í dag hefur þú, lesandi góður, fyrsta eintakið af Bæjarins besta í höndunum. Það hefur lengi blundað í undirrituðum að gefa út eitthvert blað í líkingu við þetta en aldrei orðið að veruleika fyrir en nú. Tilgangur Bæjarins besta er, eins og nafnið bendir til, að koma á framfæri því sem um er að vera í bæjarfélagi okkar í hvert skipti. Ætlun mín er að reyna að hafa blað þetta sem fjölbreyttast og er það opið öllum þeim sem vilja leggja því lið með efni, svo og eru allar ábendingar um efnisval vel þegnar. Með von um góðar viðtökur óska ég ykkur alls hins besta. Sigurjón.“

Með þessum tilvitnuðu orðum, sem Sigurjón J. Sigurðsson, stofnandi Bæjarins besta, ritaði í fyrsta tölublaðið 14. nóvember 1984, var stefnan mörkuð. Hann mun þó ekki hafa órað fyrir því á þeim tíma hver vöxtur blaðsins og viðgangur yrði. Hvað þá að nokkur annar hefði trúað því. Ýmsir spáðu illa fyrir þessu uppátæki og hæddust jafnvel að því.

Núna eru tölublöð Bæjarins besta komin vel yfir 1.500. Þar fyrir utan eru ýms aukablöð, svo sem sérstök jólagjafablöð, sem borið hafa haus Bæjarins besta, og ferðablað um Vestfirði, sem komið hefur út árlega í tvo áratugi.

Mjór er mikils vísir

Fyrstu tölublöðin voru vélrituð og allt stærra letur límt inn með þrykkistöfum. Þegar umbroti var lokið var blaðið sent til Reykjavíkur þar sem það var filmuðnið og sett á prentplötur, sem sendar voru vestur á Ísafjörð. Fyrsta blaðið sem rann út úr vélinni á Ísafirði árla morguns um miðjan nóvember fyrir þrjátíu árum var ósköp smátt, átta síður í brotinu

A5 (eins og samanbrotið ljósrítunarblað), enda var það fyrst og fremst hugsað sem auglýsingablað með sjónvarpsdagskrá.

Pikkinu á ritvélinu lauk fljótlega og farið var að tölvusetja blaðið. Sumarið 1985 stofnuðu þeir Sigurjón J. Sigurðsson ritstjóri og Halldór Sveinbjörnsson prentari fyrirtæki um útgáfunu og rekstur prentsmiðju. Þá var ráðist í fjárfestingar í tækjabúnaði og varð sú ákvörðun til þess að ekki varð aftur snúið. Blaðið breytti um útlit og þegar rétt ár var liðið frá útkomu fyrsta tölublaðsins var ákveðið að stækka brot þess, ráða blaðamann og gera það að alvöru fréttablaði fyrir Ísafjörð og nágrenni.

Fyrstu fimm árin tók blaðið miklum breytingum, bæði hvað varðar útlit og innihald. Í júní 1989 var brot blaðsins enn stækkað og enn á ný var það stækkað í apríl 1991.

Fram til haustsins 1992 var blaðinu dreift frítt. Þá var svo komið að auglýsingatekjurnar einar stóðu ekki undir rekstrinum. Því var ekki nema um tvennt að ræða, annað hvort að hætta útgáfunni eða að hætta frídreifingu og fara að selja blaðið. Síðari kosturinn var tekinn og síðan var það selt í liðlega tuttugu ár eða fram í ársbyrjun 2013. Frá þeim tíma hefur því verið dreift frítt á norðanverðum Vestfjörðum.

Fyrsti árgangurinn þrjú tölublöð

Fyrsti árgangur Bæjarins besta var ekki stór. Hálfur mánuður leið milli fyrstu blaðanna og aðeins komu út þrjú tölublöð á árinu 1984. Fyrsta blað ársins 1985 kom út þegar þrjár vikur voru liðnar af nýja árinu en upp frá því var útgáfan vikuleg og sá árgangur

ur varð 47 tölublöð. Síðan hafa verið 50-53 tölublöð í hverjum árgangi eftir því hvernig hefur staðið á vikudögum og eftir því hvort komið hefur út blað milli jóla og nýárs.

Þó er árið 1987 sérkennileg undantekning. Þá kom Bæjarins besta út tvisvar í viku í ellefu vikur samfleytt eða á þriðjudögum og fimmtudögum frá marsbyrjun og fram í síðari hluta máí. Það ár komu út 62 tölublöð.

Fyrsta tölublað Bæjarins besta var 8 síður, annað tölublaðið 12 síður og hið þriðja 16 síður. Þetta sýnir í hnotskurn þær viðtökur sem blaðið fékk hjá auglýsendum. Þriðja tölublaðið sem út kom 14. desember var reyndar lítið annað en auglýsingar. Meira að segja ruddu þær út sjónvarpsdagskránni, sem annars var naglenn í súpunni, og ekki var heldur neinn leiðari eða ávarpsorð til lesenda frá útgefandanum.

Bæjarins besta er aldarspegill

Fróðlegt er að skoða fyrstu eintökin af Bæjarins besta. Þar blasa ekki aðeins við þær tæknibreytingar sem orðið hafa heldur líka og ekki síður þær breytingar á fyrirtækjum og mannlífi sem orðið hafa á þeim tíma sem liðinn er. Blaðið er sannkallaður aldarspegill, sérstaklega hvað Ísafjörð varðar.

Fyrsta árið eða þangað til sérstakur blaðamaður var ráðinn var fremur lítið efni í Bæjarins besta fyrir utan sjónvarpsdagskrá og auglýsingar, enda var útgefandinn í öðru starfi. Þó voru þar alltaf einhverjar smáfréttir sem blaðið hleraði og ýmislegt léttmeti, skopmyndir og barnahorn, auk þess sem pistlahöfundar fjölluðu um málefni liðandi stundar.

Smáauglýsingar voru líka frá upphafi ómissandi fyrir lesendur.

Á forsíðu fyrsta tölublaðsins var teikning eftir Pétur Guðmundsson myndlistarmann og kennara á Ísafirði. Á forsíðu annars tölublaðsins var dúkrista eftir Jón Sigurpálsson myndlistarmann. Á forsíðu þriðja tölublaðsins var jólamynd eftir Evu Dögg Pétursdóttur, fimm ára.

Í fyrsta tölublaðinu voru meðal annars fréttir af starfi Sunddeildar Vestra og Litla leikklúbbsins. Jafnframt hleraði blaðið „að Hvítasunnusöfnuðurinn hér í bæ hafi óskað eftir því við bæjarráð að fálóðina á horni Hafnarstrætis og Mjallargötu til að byggja félagsheimili. Bæjarráð gat ekki orðið við þeirri beiðni vegna þess að lóðin er ekki í eigu bæjarins. Þar slapp Útvegsbankinn fyrir horn“, eins og þar er komist að orði.

Neðst á forsíðu fyrsta tölublaðsins var auglýsingaborði frá Pólnum hf. á Ísafirði. Aðrir auglýsendur í blaðinu voru Silfur-torgið, Videoleigan Hafraholti 36, KRÍ-húsið, Brauðval sf., Gullauga, Vélsmiðjan Þór og skemmtistaðirnir Uppsálir og Dokkan.

Upplagið ekki nógu stórt!

Fróðlegt er að lesa pistil (ritstjórnargrein eða leiðara) frá Sigurjóni J. Sigurðssyni útgefanda í öðru tölublaði Bæjarins besta. Hann er á þessa leið:

„Takk fyrir! Undirritaður þakkar þær góðu móttökur sem þetta blað mitt hefur fengið og hvatningarorð um áframhald sem hafa veitt mér mikinn styrk. Ekki óraði mig fyrir því að móttökurnar yrðu slíkar sem raun hefur orðið á.

Þrátt fyrir alla byrjunarörðugleika er það von mín að blað þetta verði fjölbreyttara og ánægju-

legra til lestrar með hverju tölublaðinu sem út kemur. Síðasta blað svo og þetta hafa borið svolíttinn keim af því hversu góður auglýsingamiðill þetta er, því auglýsingar eru fjölmargar nú sem þá.

Mistök urðu mér á varðandi fyrsta eintak BÆJARINS BESTA en þau voru að upplagið var ekki nógu stórt fyrir allan bæinn svo að Hnífsdalur og ein til tvær götur í neðri hluta bæjarins urðu útundan. Þetta blað er því í stærra upplagi og er það von mín að allir fái það með skilum. Bæjarins besta verður einnig dreift í stærstu verslanir í nágrennafjörðunum. Með kveðju. Sigurjón.“

Pistlar, pistlahöfundar og fastir liðir

Fyrsti fasti pistlahöfundur Bæjarins besta var Kjói, sem ritaði hugleiðingar sínar í fyrsta tölublaðið og síðan öðru hverju fyrstu mánuðina. Pistlahöfundurinn ISNOB kom fljótt til sögunnar. Ef það dulnefni er lesið aftur á bak munu ýmsir Ísfirðingar sem komnir eru af léttasta skeiði átta sig á því hver hann er. Í framhaldi af ISNOB er ekki óviðeigandi að nefndur sé til sögunnar BB í London (Bjarni Brynjólfsson frá Ísafirði, síðar ritstjóri Iceland Review og fleiri blaða og nú upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar), sem skrifaði öðru hverju pistla í blaðið á fyrstu árunum.

Mikilvirkasti pistlahöfundurinn á uppvaxtarárum Bæjarins besta var þó Hákur, sem byrjaði með sína dálka í febrúar 1986, fyrst öðru hverju en síðan í hverju blaði í nokkur ár. Hákur var oft beinskeyttur og sama má segja um Stakk, sem byrjaði að skrifa sína föstu pistla snemma árs 1994



STYTTRI FERÐALÖG LENGRI FAÐMLÖG

Flugfélag Íslands sendir innilegt knús til
Bæjarins besta á 30 ára afmæli blaðsins með
þökkum fyrir fljúgandi gott samstarf öll þessi ár.

Til hamingju,
Flugfélag Íslands



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



og gerir enn, meira en tuttugu árum síðar. Oft hafa heyrst ágískanir um það hver Stakkur sé í raun og veru, og hvort þetta sé alltaf sami maðurinn eða að fleiri leynist undir þessu dulnefni. Fyrst voru greinar Stakks ekki í hverju blaði en urðu það fljótlega og núna eru pistlar hans komnir á annað þúsundið.

Leiðaraskrif voru ekki reglubundin fyrstu árin og ýmsir rituðu þá leiðara sem birtust, svo sem áður nefndur ISNOB, Hlynur Þór Magnússon og Ólafur Helgi Kjartansson, auk Sigurjóns J. Sigurðssonar. Fljótlega fór þó að bera á undirskriftinni s.h. undir ritstjórnargreinum og hefur verið svo í hverju blaði í fjöldamörg ár. Sumir hafa talið að þessi undirskrift táknaði Sigurjón og Halldór en aðrir að hún merkti eitthvað allt annað. Þetta hefur aldrei komist á hreint fremur en varðandi Stakk.

Jólahugvekkjur hafa verið fastur liður í jólablöðum Bæjarins besta og hafa margir prestar og raunar fleiri ritað þar hugleiðingar sínar.

Annar fastur þáttur í jólablöðunum eru smásögur Ólafs Helga Kjartanssonar, fyrrum skattstjóra og svo sýslumanns á Ísafirði, síðan sýslumanns á Selfossi og nú lögreglustjóra á Suðurnesjum. Þær eru orðnar 26 talsins.

Blaðamenn og ljósmyndun

Fyrir utan ritstjórnann Sigurjón J. Sigurðsson, sem í upphafi var iðulega eini blaðamaðurinn um lengri eða skemmri tíma, hafa fjölmargir blaðamenn starfað við Bæjarins besta, einn eða fleiri í senn eftir atvikum. Seinni árin hafa jafnan verið tveir blaðamenn starfandi við Bæjarins besta og fréttavefinn bb.is, núna þau Smári Karlsson og Sæbjörg Freyja Gísladóttir.

Ljósmyndari blaðsins lengst af var Halldór Sveinbjörnsson, annar eigenda útgáfunnar allt fram á nýliðið sumar ásamt Sigurjóni J. Sigurðssyni og jafnframt ábyrgðarmaður ásamt honum. Iðulega tóku þó Sigurjón og blaðamenn líka myndir við ýmis tækifæri. Núna er það fyrst og fremst

Sigurjón sem tekur myndir fyrir blaðið og vefinn.

Fyrir utan fasta blaðamenn hafa ýmsir tekið viðtöl fyrir Bæjarins besta. Þar á meðal hafa fyrrverandi blaðamenn iðulega verið fengnir til þess. Einnig tók Sigurjón ritstjóri allmörg stór viðtöl á fyrstu árunum.

Á eins árs afmæli Bæjarins besta í nóvember 1985 var fyrsti blaðamaðurinn ráðinn. Það var Snorri Grímsson, núverandi útsölustjóri Vínbúðarinnar á Ísafirði, sem var í hálfu starfi á blaðinu í rúmlega hálft ár eða til maíloka 1986, þegar fyrsti blaðamaðurinn var ráðinn í fullt starf.

Það var Hlynur Þór Magnússon, sem þá starfaði við Menntaskólann á Ísafirði, og var hann í þeirri lotu blaðamaður á Bæjarins besta fram á vor árið eftir eða tæplega eitt ár. Löngu síðar var hann blaðamaður á Bæjarins besta um árabil og jafnframt ritstjóri fréttavefjarins bb.is í nokkur ár. Enda þótt hann sé fluttur af svæðinu fyrir nærri áratug vinnur hann enn í dag meira og minna

við blaðið og vefinn gegnum net og síma og hefur samanlagt að baki langlengstan starfsaldur allra hjá útgáfunni ef frá eru taldir þeir Sigurjón og Halldór.

Fréttavefurinn bb.is

Fréttavefurinn bb.is, sem er afleggjari Bæjarins besta, verður 15 ára eftir einn og hálfan mánuð, en hann fór í loftið 4. janúar árið 2000 í umsjón þeirra Sigurjóns J. Sigurðssonar og Hlyns Þórs Magnússonar.

Líkt og þegar fyrsta tölublað Bæjarins besta sá dagsins ljós á sínum tíma grunaði þá sem komu vefnum af stað fyrir hálfum öðrum áratug alls ekki að vöxtur og viðgangur þessa nýgræðings yrði eins og reyndin hefur orðið. Aðsóknin varð strax langt umfram björtustu vonir og minnir á þá þekktu staðreynd, að flestir Vestfirðingar eru brottfluttir Vestfirðingar og vilja fylgjast með því sem gerist á þeirra gömlu slóðum.

Hugmyndin var í fyrstu að setja inn á vefinn fjórar (!) fréttir á dag, en strax var gert gott betur

en það. Viðtökur og hvatning notenda vefjarins og aðsóknin að honum urðu til þess að aukinn kraftur var settur í málið. Mikill metnaður var lagður í sem fjölbreyttast efni á vefnum, góðan fréttaflutning og aðra þjónustu.

Vefurinn bb.is átti sér reyndar talsvert merkilegan forvera. Í Bæjarins besta 6. mars 1996 segir svo í frétt:

„Föstudaginn 1. mars sl. hófst regluleg útgáfa BB á Veraldarvefnum svonefnda. [...] Með útgáfu BB á Netinu hófst nýr þáttur í útgáfumálum blaðsins, þáttur sem veitir Íslendingum um allan heim nýjustu fréttir frá Vestfjörðum í viku hverri.“

Þetta var nýjung hérlandis og Bæjarins besta var fyrsta íslenska blaðið sem hægt var að lesa og fletta í sinni réttu mynd á tölvuskjánum.

– Hlynur Þór Magnússon sagnfræðingur tók saman þetta ágrip af sögu Bæjarins besta og bb.is

Halldór Halldórsson, fv. bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Mikilvægi héraðsfréttamiðils síst minna en fyrir 30 árum

Ég man eftir stofnun blaðsins fyrir þrjátíu árum. Þó ég hafi á þeim tíma búið fyrir sunnan, þá fylgdist maður alltaf með því sem gerðist fyrir vestan. Þannig er það enn og þannig verður það væntanlega alla tíð, því römm er sú taug er rekka dregur föðurtúna til.

Þegar stofnað var til blaðsins var það við samkeppnisaðstæður. Samkeppni sem blaðið með skýtna nafnið (því jú vissulega varð manni fyrst hugsað til vagns við Tryggvagötu í Reykjavík en ekki blaðs þegar nafnið var ljóst) stóð sig vel í. Blaðið kemur út ennþá, en fyrrverandi keppinautar og sumir sem síðar komu hafa ekki til þessa staðist þá samkeppni.

Síðan kom vefurinn, og man ég hvað það var mikil breyting á allri nálgun fjölmiðla þegar marg-

ar fréttir á dag fóru að berast af mönnum og málefnum. Samskiptin við blaðamenn jukust verulega og breyttust.

Svo kom sá möguleiki að skrifa athugasemdir við fréttir og hafði það auðvitað miklar breytingar í för með sér. Ég hef stundum orðað það þannig, að sumir sem skrifa athugasemdir við fréttir, sama hvort það er við fréttir bb.is eða annarra vefmiðla, séu fólkið sem skellt var á í Þjóðarsálinni sálugu á Rás 2. En margar athugasemdirnar eru málefnalegar og geta jafnvel haft einhver áhrif.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að tilvist Bæjarins besta, bæði blaðsins og vefjarins (sem ég held að hafi meiri áhrif en blaðið, því miklu fleiri sjá vefinn) skiptir máli fyrir Vestfirði alla, því annars kæmu hreinlega færri fréttir



af svæðinu. Um leið og vefmiðlar hafa dregið úr vægi annarra héraðsfréttamiðla eins og Útvarpsins, sem lét sig hverfa af svæðinu, þá koma þeir í staðinn, sem betur fer.

Hvernig Bæjarins besta mun þróast næstu árin er erfitt að segja til um, en mikilvægi héraðsfréttamiðils er síst minna núna en fyrir 30 árum. Daglegar fréttir þurfa að berast frá Vestfjörðum og það

er gott að geta flett upp í gömlum útgáfum af blaðinu til að setja sig inn í málefni þeirrar stundar sem maður vill kynna sér.

Til hamingju með tímamótin, starfsfólk og eigendur BB.

iPhone 6 hjá Nova!

Ókeypis
heimsending
um allt land!
Á vefverslun
nova.is

2.000 kr.
notkun eða
2GB á mán.
í 12 mán.
fylgir.



 iPhone 6

iPhone 6 16GB

119.990 kr. stgr.

7.290 kr. /18 mán.

iPhone 6 64GB: **129.990 kr.** stgr.

iPhone 6 Plus 16GB

129.990 kr. stgr.

7.990 kr. /18 mán.

iPhone 6 Plus 64GB: **149.990 kr.** stgr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afbörgun greidd með kreditkort og brosi á vör + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánar á nova.is.

NOVA

Bæjarins besta og nærsamfélagið

Bæjarins besta er eitt best af þekktu héraðsfréttablaðunum á landsvísu enda hefur blaðið ánnið sér virðingarsess í íslenski fjölmiðlaflóru á 30 ára farsælum ferli. Blaðið hefur að ýmsu leyti verið í forustu í þróun blaðamennsku og blaðaútgáfu og var frumkvöðull í samþættingu vefmiðilsins bb.is og prentútgáfunnar, sem aðrir miðlar, bæði staðarmiðlar og landsdekkandi miðlar, hafa litið til sem fordæmis.

Þetta er mikilvægt hlutverk og væri í sjálfu sér nægt tilefni til sérstakrar umfjöllunar, enda á miðillinn stóran þátt í því að halda Vestfirðum og vestfirskum sjónarmiðum á lofti í landsdekkandi miðlum og hjá stjórnsýslunni, almenningi annars staðar á landinu og ekki síst brottfluttum Vestfirðingum. Hér verður hins vegar kastljósinu beint að öðru hlutverki Bæjarins besta og raunar annarra svæðisbundinna miðla, því hlutverki sem snýr að Vestfirðingum sjálfum og samfélaginu á Vestfirðum – nærsamfélaginu.

Lýðræði í nærsamfélaginu og kannski sérstaklega gæði mannlífs þar snýst ekki síst um það að borgararnir geti tekið virkan og upplýstan þátt í að móta tillögur og taka ákvarðanir um atriði sem varða þá og skipta máli í nærumhverfi þeirra. Upplýsingaflæði og almenn félagsleg virkni, það sem kalla mætti samfélagsþátttöku, samfélagssamheldni eða félagsauð, eru því í lykilhlutverki í íbúalýðræði. Staðbundnir fjölmiðlar eins og Bæjarins besta eru mikilvægur farvegur upplýsinga og umræðu í nærsamfélaginu, sem rannsóknir sýna að efla þessa grunnþætti.

Hlutverk fjölmiðla

Ef tiltekinn hópur fólks ætlar að taka sameiginlega ákvörðun um eitthvert málefni þarf fólkið að tala saman. Slíkt er frumforseta þess að hægt sé að kalla ákvörðunina sameiginlega. Þetta má líka orða þannig, að almenn umræða og opinber skoðanskípti séu forsenda lýðræðislegra samfélagsháttanna. Ef almenningur á að taka upplýstar ákvarðanir um málefni sem hann varðar þarf hann að hafa sem bestar og gleggstar upplýsingar um þá valkosti og þau sjónarmið sem tengjast viðkomandi viðfangsefni.

Spurningin um hvernig þessar upplýsingar koma fram og hvernig þeim er miðlað – hvernig upplýsingakerfi lýðræðisins starfar – getur því skipt sköpum um það hvort lýðræði raunverulega virkar

eins og til er ætlast. Það er í þessu samhengi sem hlutverk fjölmiðla birtist hvað skýrast.

Segja má að það sé tvískipt. Annars vegar hafi fjölmiðlarnir ákveðið „varðhúðshlutverk“ og veiti stjórnvöldum og valdi aðhald. Hins vegar hafi þeir það hlutverk að styrkja bönd og tengja saman samfélagið með samtali um það sem skiptir almenning máli. Fjölmiðlar séu þannig í hlutverki eins konar lýðræðislegs samfélagssmiðs, skapi almennrými þar sem ólík sjónarmið og hagsmunir tengjast og líma samfélagið saman.


Í opinberri umræðu er oft talað fjálglega um mikilvægi rannsóknarblaðamennsku og hlutverk varðhúðsins og ekki skal lítið gert úr því. Hins vegar er ástæða til að vara við röddum sem samhliða því að lofsyngja aðhaldshlutverkið gera lítið úr hlutverki samfélagssmiðsins. Það hlutverk er ekki síður mikilvægt og í sumum aðstæðum getur það beinlínis skipt sköpum um lífsgæði tiltekinnar samfélaga.

Hlutverk samfélagssmiðsins

Bæjarins besta sinnir báðum þessum hlutverkum af stakri þryði, en fullyrða má að þar, eins og raunar hjá fleiri staðbundnum miðlum á Íslandi og í heiminum, er áherslan á hlutverk samfélagssmiðsins ríkari en á hlutverk varðhúðsins. Tengslin milli fjölmiðlanotkunar og samfélagssamheldni hafa verið skoðuð sérstaklega og niðurstöðurnar eru mjög á einn veg. Almenn virðist vera samhengi milli blómlegra staðarfjölmiðla og mikillar samfélags-samheldni. Hlutverk samfélagssmiðsins snýst að verulegu leyti um að framkalla samtal og þess vegna er öflug staðbundin fjölmiðill líkleg til að framkalla samfélagssamheldni og/eða meiri staðarvitund.

Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir á tengslum samfélagssamheldni eða félagsauðs og fjölmiðla á Íslandi. Þó gerði sá sem þetta ritar eigindlega rannsókn á Akureyri árið 2010 þar sem staðlað viðtal var tekið við 33 bæjarbúa. Þar voru m.a. skoðuð tengsl ýmissa þátta samfélags-samheldni og notkunar á staðbundnum fjölmiðlum. Niðurstöður virðast benda til svipaðs mynsturs hér á landi og annars staðar varðandi þessi tengsl og væntanlega gildir það sama fyrir Vestfirðina. Meðal þess sem fram kom var að:

1. Fólk sem fylgist með stað-



Hér má sjá samanburð á efnisflokkum í fimm héraðsfréttablaðum. Miðað er við meðaltal fyrir fimm ára tímabil 2004-2010 og eru mældar tvær vikur tvisvar sinnum fyrir hvert ár. Sláandi er lágt hlutfall auglýsinga í Bæjarins besta miðað við önnur blöð, og hátt hlutfall fréttar, sérstaklega mannlífsfréttar eða „mjúkra fréttar“.

bundnum fréttum er ólíklegri en hinir til að vilja flytja burt.

2. Áskrifendur að staðarblaðinu og fólk sem fylgist með staðbundnum fréttum er almennt áhugasamara um þjóðfélagsmál-efni (ekki bara á Akureyri).

3. Fólk sem er í áskrift að staðarblaðinu og fylgist með staðbundnum fréttum finnst það vera hluti af samfélagi bæjarins og að tengsl við aðra bæjarbúa skipti sig miklu máli.

4. Fólk sem er í áskrift að staðarblaðinu og fylgist með staðbundnum fréttum er reiðubúna til að vinna með öðrum að því að gera bæinn betri en hinir.

5. Fólk sem er í áskrift að staðarblaðinu og fylgist með staðbundnum fréttum er líklegri til að spjalla við aðra bæjarbúa en hinir.

Aðrar rannsóknir sem ég hef gert benda til að hlutverk staðbundinna fréttablaða sé gríðarlega mikilvægt fyrir stjórnarmálin, ekki aðeins í sveitarstjórnarkosningum heldur líka í Alþingiskosningum, og má nefna að framþjóðendur í síðustu sveitarstjórnarkosningum telja að Facebook og héraðsfréttablað séu mikilvægustu fjölmiðlarnir fyrir sjónarmið þeirra í stjórn málaumræðunni fyrir kosningar.

Bæjarins besta

Niðurstöður af þessu tagi ættu ekki að koma þeim á óvart sem þekkja til og lesa Bæjarins besta reglulega, blaðið eða vefinn. Í þessum efnum er öruggt að miðillinn skiptir miklu máli. Sérstaklega Bæjarins besta felst e.t.v. að hluta í því hve sterkur vefurinn er og hinni greinilegu verkaskiptingu



af mannlífi og fólki.

Erfitt rekstrarumhverfi

Annað atriði sem vert er að taka eftir og draga fram í þessu samhengi er lágt hlutfall auglýsinga í blaðinu. Þetta endurspeglar e.t.v. sérlega erfiða landfræðilega og markaðslega stöðu blaðs sem gefið er út á strjálbýlu svæði, þar sem þjónusta og viðskipti eru lítið á auglýsingamarkaði. Þetta þýðir einfaldlega að rekstur hlýtur að vera margfalt erfiðari en ella, og ekki annað hægt en taka ofan fyrir þeim eldhugum sem í 30 ár hafa haldið úti þessari gríðarlega mikilvægu samfélagsstarfsemi.

Bæjarins besta er miðill sem litið er til alls staðar að af landinu sem forustuafls í nærfjölmiðlun. Því miður hefur sú tegund fjölmiðlunar ekki mætt miklum skilningi hjá stjórnvöldum, hvorki í héraði né á landsvísu, og nærfjölmiðlar hafa almennt ekki fengið ívilnanir eða aðstoð sem í öðrum löndum þykir víða sjálf-sögd þegar svo mikilvæg samfélagsstarfsemi er annars vegar.

Vonandi mun það breytast og tækifæri fyrir miðla eins og Bæjarins besta skapast til að styrkjast enn frekar til að vinna samfélagi sínu og notendum gagn í marga áratugi til viðbótar. Ég vil óska miðlinum alls hins besta á þessum tímamótum.

Ert þú búin(n) að tryggja þér auglýsingapláss fyrir jölin? Hafið samband við Gústaf í síma 456 4560 eða á netfangið auglysingar@bb.is

EINSTÖK VIRKNI EGF HÚÐDROPA™

Vinna gegn aldurstengdri þynningu húðarinnar
og sýnilegum áhrifum öldrunar



Greinileg minnkun á sýnilegum hrukkum hjá Íslenskum notanda
EGF Húðdropa á tímabilinu maí-júlí 2014

*Nýjar niðurstöður úr óháðri rannsókn á virkni EGF Húðdropa™

Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla
Fylgstu með okkur á facebook.com/egfhudvorur og á www.egf.is

Markaðurinn breytist með aukinni netnotkun

Ég óska BB innilega til hamingju með afmælið. Það er afrek að hafa haldið út rekstri blaðsins í 30 ár. Héraðsfréttablöð hafa gegnt mikilvægu hlutverki í gegnum tíðina og þar hefur BB staðið vaktina. Nú eru þessi fréttablöð smám saman að breytast í netmiðla, sem eru ekki síður mikilvægir en blöðin hafa verið. Vefurinn bb.is er dýrmætur samfélaginu og nauðsynlegt að rækta hann sem virkan fréttamiðil. Vefsíðan er mikið lesin og kjörinn vettvangur til að halda okkur vakandi um eigin málefni og vekja athygli á málum sem okkur varða og því sem hér er að gerast.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að skipta megi staðbundnum fréttamiðlum í tvær tegundir, „samfélagssmiðinn“ og „varðhundinn.“ Sá fyrri hefur jákvæðara inntak og sinnir mýkri fréttum, en sá síðarnefndi er meira í eftirlits- og aðhaldshlutverki. Sterk tengsl eru á milli samheldni samfélags og ástands staðbundinna fjölmiðla á viðkomandi svæðum. Hérlandar rannsóknir

Birgis Guðmundssonar frá Háskólanum á Akureyri benda til þess að sömu tengsl eigi við hér á landi. Fólk sem les héraðsmiðla er líklegra til þátttöku í samfélaginu og er jafnframt ólíklegra til að flytjast brott. Héraðsfréttablöð þjóna þar af leiðandi sem nokkurs konar „samfélagslím“ og eru vettvangur innansveitar samtals.

BB er trúlega í hlutverki samfélagssmiðsins fremur en varðhundsins. Það má sannarlega hrósa BB fyrir fjölda fréttaskota sem gera íbúum mögulegt að fylgjast vel með því sem hér er að gerast. Líklegt er að sú áhersla geti aukið samkennd íbúa og tilfinningu þeirra fyrir að vera hluti af samfélaginu. Það er áreiðanlegt, að hafa þarf talsvert fyrir því að halda upp svo stöðugu streymi fréttu á síðunni. Fjöldi fréttanna getur reyndar bitnað á gæðunum, lítið tími gefst til að leita traustra upplýsinga eða gagnstæðra sjónarmiða. Venjulega eru þó íbúar fljótir að benda á ef mistök verða og þá getur BB brugðist við með



leiðréttingum eða viðbótarfréttum. Tengingin við Facebook gerir það líka að verkum, að stundum koma fram auknar upplýsingar og ný sjónarmið í kommentum.

Blaðið sjálft, pappírsútgáfan, stendur líklega á nokkrum tímamótum núna á þrítugsafmælinu. Það er talsvert verk og kostnaðarsamt að halda út góðu blaði á pappírformi. Markaðurinn hefur líka breyst mikið með vaxandi netnotkun. Gerðar hafa verið

ýmsar tilraunir með efnistöð til að lifga upp á blaðið og oft tekist vel til. Í nokkurn tíma hefur blaðið þó fyrst og fremst verið afrit af því helsta sem fram hefur komið á síðum BB vefsins. Áhugaverð viðtöl við fólk úr héraði gefa blaðinu samt sérstöðu og hvetja fólk til að líta í blaðið, auk þess sem þar má finna kjarnyrtan leiðara og skoðanir Stakks. Einhverjum finnst sjálfsagt gott að fá fréttayfirlitið í pappírformi, og

þá kannski ekki síst þeim sem eldri eru.

Það væri mikill sjónarsviptir að missa BB-blaðið úr bæjarlífinu og því óska ég því allra heilla og brýni það til frekari dæða á næstu árum. Það á sinn sess við hlið vefmiðilsins og nauðsynlegt er að útlit og efnistöð dragi lesendur að blaðinu þannig að það geti rækt hlutverk sitt í samfélaginu.

Guðjón A. Kristjánsson, fyrrv. alþingismaður

Þar fá viðhorf fólksins í hinum dreifðu byggðum rými

Byggðirnar, fólkið, samgöngur, atvinnuöryggi. Umræða fólks utan Stór-Reykjavíkur fer sjaldan fram án þess að komið sé inn á stöðu byggðanna út um landið og hver framtíð þeirra verði á næstu áratugum. Héraðsfréttablöðin hafa verið fréttaveitur landshluta og svæða, þar sem viðhorf fólksins í dreifðum byggðum hafa fengið rými í greinum eða viðtölum.

Ég var þingmaður Vestfjarða og síðar Norðvesturkjördæmis í áratug og þar voru einkum þrjú

fréttablöð gefin út, Bæjarins besta, Skessuhorn og Feykir. BB hefur verið gefið út í 30 ár og vefur þess virkur í 15 ár. Netmiðlar eru nú virkir hjá blöðunum og þar má sjá daglegar fréttir og viðhorf fólks. Aðgengi að fréttum og viðhorfum fólks í byggðunum eru nú einnig á heimasíðum einstakra byggðakjarna eða svæða.

Á sumum landsvæðum innan Norðvesturkjördæmis eru því miður ennþá til staðar sömu vandamálin óleyst. Samgöngur innan Vestfjarða eru alls ekki í



lagi. Þegar ég flutti þingmál á Alþingi í upphafi nýrrar aldar um að gerð yrði tímasett verkáætlun um áherslur á 15 jarðgöngum á landinu og láglandisvegi með þverun fjarða, þá fannst mörgum of í lagt og töluðu gegn málinu. Ég er enn þeirrar skoðunar að leggja eigi af erfiða fjallvegi með gerð jarðganga og tryggja þannig örugga umferð um heilsársvegi.

Nú hálfum öðrum áratug síðar er krafa landsmanna um tryggar þjóðvegasamgöngur vetur, sum-

ar, vor og haust rökfastari og almennari. Jarðgöng eru dýr framkvæmd, en viðhald í vel gerðum jarðgöngum er lítið og umferðaröryggi mikið, eins og m.a. hefur komið í ljós í umferðarþyngstu göngunum, Hvalfjarðargöngum.

Byggðirnar og fólkið þar þurfa öryggi um sinn hag. Þess vegna verður að festa verulegan fiskveiðikvóta varanlega við sjávarbyggðirnar svo að veiðirétturinn og atvinna af vinnslu sé réttur sem ekki verði veðsettur eða seldur burt. Landsbyggðin lifi!

Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Koma þessir sjálfsögðu hlutir sjálfrennandi?

Í þrjá áratugi hefur Bæjarins besta fært okkur fréttir og fróðleik um vestfirsk málefni og veitt okkur ánægju og skemmtun. Maður er fyrir langalöngu orðinn vanur að fá blaðið á hverjum fimmtudegi, renna í gegnum það strax og lesa það betur eftir kvöldmatinn.

Í hálfan annan áratug hefur maður farið inn á bb.is einu sinni á dag hið minnsta. Maður rennir yfir fréttirnar, fræðist um það

sem hæst ber í nærsamfélaginu og víðar, les aðsendar greinar og skoðar atburðadagatalið. Stundum leitar maður að gömlum fréttum sem þarf að rifja upp, jafnvel til að muna hvar maður var þennan eða hinn daginn eða hvenær þessi eða atburðurinn átti sér stað.

Svona eru blaðið og vefurinn samofin lífi okkar Ísfirðinga og allra annarra sem fylgjast með vestfirskum málefnum. Þetta er hluti af manns daglega lífi, sem



maður gengur að sem sjálfsögðum hlut eins og vatninu í krananum.

En koma þessir sjálfsögðu hlutir sjálfrennandi? Hefur ekki

einhver þurft að leggja vatnslagnirnar, skrifa greinarnar, prenta blaðið, búa til vefinn og afla tekna til að halda þessu úti? Auðvitað hlýtur svo að vera. Ekkert gerist

af sjálfu og alls ekki útgáfa fréttamiðla. Þeim sem að slíkum miðlum ber því að þakka – að minnsta kosti á 15 ára fresti.

Fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða vil ég óska Sigurjóni og hans fólki kærlega til hamingju með þessi tímamót og þakka fyrir sérstaklega gott samstarf og einstaklega góða þjónustu við að koma á framfæri upplýsingum og fréttum af Fræðslumiðstöðinni.



Trefjaríkar flögur og stökkt granóla



Nýtt!

Góð nýjung

Morgnar eru til þess að njóta! Byrjaðu daginn með skál af Havre-crunch sem bæði bragðast dásamlega og uppfyllir hollustukröfur Skráargatsmerkisins. Prófaðu Havre-crunch ef þér finnst bragðið skipta að minnsta kosti jafnmiklu máli og heilsan. Bragðgóð máltíð.

NJÓTTU HOLLUSTU





Eiginlega búinn að skila fullu ævistarfi

Sumarið 1985 stofnuðu Ísfirðingarnir Halldór Sveinbjörnsson prentari og Sigurjón J. Sigurðsson skrifstofustjóri fyrirtæki um rekstur prentsmiðju og útgáfu Bæjarins besta, en þá höfðu þeir gefið blaðið út fjölritað í hálf tón á þessum ári í kringum það væri neitt apparat. Þeir voru síðan í sameiningu útgefendur og ábyrgðarmenn blaðsins og svo jafnframt fréttavefjarins bb.is alveg þangað til núna í sumar, þegar Sigurjón keypti hlut Halldórs í fyrirtækinu. Núna er Halldór ráðsmaður hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða með reglulegan vinnutíma og frí á kvöldin og um helgar og sér á næsta ári fram á fyrsta sumarfríð síðan hann var 25 ára.

Halldór er spurður hvort áratuginir sem prentsmiðjustjóri og í útgáfustarfinu, þar sem hann var jafnframt helsti fréttaljósmyndarinn og vann mikið að öflun auglýsinga, hafi verið lengi að líða.

Í heildina spennandi og gefandi tími

„Nei, þegar maður hefur nóg að gera og þokkalega gaman er í vinnunni og mikið krydd í kringum mann, þá líður tíminn rosalega fljótt. Margt er búið að vera óskaplega skemmtilegt, sumt að vísu nokkuð þreytandi á köflum, og vissulega hafa komið mjög

erfiðar stundir í starfinu sem fréttamaður og ljósmyndari, en þegar á heildina er lítið hafa þessir áratugir verið spennandi og gefandi tími.

Það hafa orðið miklar tækni-nýjungar í prentinu frá því að ég byrjaði í faginu í prentsmiðjunni Ísrúnu árið 1975 eða fyrir nærri fjörutíu árum. Þá var maður að vinna með blýdót og síðan tók eitt við af öðru. Reynslan þar var mér dýrmæt þegar við Sigurjón fórum að gefa út Bæjarins besta í sameiningu.“

– Heldurðu að þig hafi óráð fyrir því þegar Bæjarins besta var að feta fyrstu skrefin, að sú stund kæmi að haldið yrði upp á þrjátíu ára afmæli blaðsins?

„Alveg örugglega ekki, ekki einu sinni tíu ára afmæli, hvað þá tuttugu ára eða þrjátíu ára afmæli! Þannig framtíðarplön voru aldrei inni í myndinni. Svo bara leið þetta mjög fljótt. Það sem eftir stendur er ríkidæmi fyrir sálina, en við höfum ekki orðið ríkir af peningum í þessum rekstri eða verið með mikið undir koddanum.“

Útgáfa af þessu tagi er samfélagsverkefni

Halldór segir að það hafi í aðra röndina verið mjög erfitt að hætta á þessum starfsvettvangi.

„Útgáfa blaðsins og fréttavef-

urinn eru samfélagsverkefni, sem mér fannst erfitt að segja skilið við. Svæðið hérna bókstaflega verður að eiga málagn, fjölmiðil, tæki til þess að koma upplýsingum á framfæri, hvort heldur er í formi auglýsinga eða ritaðs máls og myndefnis.“

– Einhverjir sérstakir atburðir á þessum langa tíma við útgáfu Bæjarins besta sem eru ofar í huga en aðrir, skemmtilegri en aðrir, erfiðari en aðrir?

„Upphafið er mér að sjálfsögðu mjög minnisstætt. Fæðingin var óskaplega skemmtileg og spennandi, en líka erfið. Það voru margar næturnar fyrir utan alla dagana sem fóru í það að gera upp litla prentvél, öllu heldur fjölrítunavél, sem Guðmundur Marzellíusson gaf okkur og var eiginlega handónýtt. Síðan reyndist hún okkur bara nokkuð vel í góðan tíma.

Skemmtilegu viðburðirnir eru nánast óteljandi. Nýja íþróttahúsið á Ísafirði tekið í notkun, nýjar skíðalyftur, óskaplega margt sem gaman var að taka þátt í. Stjórnarsýsluhúsið, jarðgöngin, íþróttahúsið í Bolungarvík, Edinborgarhúsið á Ísafirði, hin og þessi fyrirtæki á svæðinu og þar fram eftir götunum. Maður fékk að taka þátt í öllum þessum opunarhátíðum. Það hefur verið gaman og gefandi að sjá svo ótal-

margt nýtt verða til.“

Sárustu minningarnar frá ferlinum

Svo verður Halldór alvarlegur í bragði og segir:

„En líka hafa ýmsir sorgaraburðir dunið yfir okkur á þessum tíma, eins og snjóflóðin mannskæðu í Súðavík, á Flateyri og í Tungudal. Það var voðalega erfitt og þurrkast aldrei úr minningunni.“

– Þú tókst þátt í björgunarstarfinu í Súðavík ...

„Ég fékk að fljóta með til Súðavíkur sem fréttamaður og ljósmyndari. Mér var gert ljóst hverjar mínar skyldur væru, mér væri að sjálfsögðu ekki heimilt að birta hvað sem væri.

Þegar komið var til Súðavíkur eftir svakalega sjóferð fór ég náttúrulega af stað með myndavélina og tók þrjár myndir. Þá var fyrsta vaktin að koma í hús eftir að hafa verið að moka í marga klukkutíma. Ég fékk skóflu hjá einum af þeim sem voru að koma og fékk honum í staðinn myndavélina og bað hann að fara með hana inn.

Par með byrjaði törnin mín sem björgunarsveitarmaður, þarna átti fullfrískur maður ekkert að vera að þvælast með myndavél. Þetta var alveg hrikaleg vinna á annan sólarhring. Þetta er það sem fast-

ast situr eftir frá starfi mínu sem fréttaljósmyndari í öll þessi ár.“

Altmúligmand hjá Heilbrigðisstofnuninni

Eins og áður sagði venti Halldór sínu kvæði í kross í sumar, kvaddi iðngrein sína og útgáfuna og gerðist ráðsmaður hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

– Hvað felst í því starfi og hverju breyta þessi vistaskipti?

„Ráðsmannsstarfið felst eiginlega í því að vera „altmuligmand“ eins og það er stundum kallað, að vera umsjónarmaður með hinum ólíkustu hlutum og halda öllu batteríinu gangandi. Það er eiginlega ekkert þar sem er mér óviðkomandi. Ef eitthvað bilar, þá annað hvort geri ég við það sjálfur eða fæ einhvern hæfan í það verk. Þetta er mjög gefandi og skemmtilegt, gott starfsfólk á stofnuninni og góður andi. Flottur vinnutími – og sumarfrí!“

Frí um kvöldin og meira til

Halldór segir að það sé langhlaup og þolhlaup að gefa út blað. Og þriggja áratuga starf hjá sama fyrirtækinu sé bara nokkuð gott, hvað þá nærri fjörutíu ára samfelld starf í sömu iðngreininni.

„Það er eiginlega fullt ævistarf hjá mörgum. Mér fannst kominn tími á að breyta til. Þegar ég fékk



Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða **næsta útibú Olís** og leitið tilboða.

Bolungarvík | 456 7990

REKSTRARLAND
- léttir þér lífið



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Öliuverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



hvatningu til að sækja um þetta starf þurfti ég ekki miklar vanga-veltur til að ákveða mig. Ég fékk einfaldlega tilboð sem ég gat ekki hafnað og sé ekki eftir að hafa tekið því. Vinnutíminn er virka daga frá átta á morgnana til fjögur-fimm á daginn. Það er mjög ólíkt því sem verið hefur hjá mér í áratugi, þar sem ég var að hlaupa til og taka myndir hér og þar á öllum tímum og ekki síður um helgar en virka daga. En ég held að ég eigi nú samt að minnsta kosti tvær forsíðumyndir á Bæjarins besta síðan ég hætti!

Núna á ég frí á kvöldin og um helgar og fæ meira að segja sumarfrí á næsta ári! Síðast fékk ég almennilegt sumarfrí árið 1982. Ég fæ föst laun og veit fyrirfram hvað ég fæ útborgað og veit fyrirfram hversu mikið ég má veita mér og fjölskyldunni. Það er annað en hjá sjálfstæðum atvinnurekanda þar sem tekjurnar eru aldrei fyrirséðar með neinni vissu.“

Nauðsynlegt að eiga sér áhugamál

Af skiljanlegum ástæðum sér Halldór fram á að geta lagt meiri stund á áhugamálin sín en áður, þó að hann hafi alls ekki vanrækt þau með öllu. Þannig gefist núna meiri tími fyrir kajakróðra og skútusiglingar og fleira skemmtilegt.

„Í eins erfiðu og slítandi starfi og svona útgáfustarfsemi er, þá er algerlega nauðsynlegt að eiga

gott áhugamál fyrir utan vinnuna og geta kúplað sig frá henni öðru hverju. Hjá mér var það körfuboltinn framan af en síðan fór ég yfir í kajakinn og skúturnar. Það hefur þannig verið nokkur fjölbreytni hjá mér líka utan vinnunnar, og kannski þess vegna er geðheilsan í bara nokkuð góðu lagi!“

Þakkir til allra ...

Mikill fjöldi starfsmanna hefur komið við sögu í prentinu og blaðamenskunni og öðrum störfum hjá þeim Halldóri og Sigurjóni gegnum tíðina.

„Það hefur verið ákaflega gaman að vinna með öllu þessu góða fólki. Við Sigurjón hefðum sko aldrei getað gert þetta einir! Við höfum haft ótrúlega mikið af flottu fólki í kringum okkur allan þennan tíma.“

Halldór biður fyrir bestu kveðjur og þakki til viðskiptavinanna í prentinu, til lesenda Bæjarins besta og bb.is og til auglýsendanna. Jafnframt til þeirra fjölmörgu ágætu starfsmanna sem unnið hafa með honum í prentsmiðjunni eða við blaðamenskuna eða í öðrum verkefnum í rekstrinum, og síðast en ekki síst til félaga síns gegnum súrt og sætt, Sigurjóns J. Sigurðssonar ritstjóra.

Undirritaður vill líka nota hér tækifærið og koma opinberlega á framfæri innilegum þökkum til Halldórs Sveinbjörnssonar fyrir einstaklega ljúf og góð kynni í nærri þrjá áratugi.

– hþm.

Sendi BB og Sigurjóni hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Suðurgötu 9 • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sindragötu 14 • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Aðalstræti 22b • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Ártorgi 1 • 550 Sauðárkróki

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Aðalstræti 19 • 415 Bolungarvík

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni. Þökkum gott samstarf í gegnum árin



Hafnarstræti 19 • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sundstræti 45 • 400 Ísafirði

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900g



1498 KR.




CRISPY DUCK: Beinlaus forelduð/steikt önd og 24 pönnukökur og sósa. Asiurveisla fyrir þrjá til fjóra



Islandsnaut 100% íslenskt ungnautahakk



Kjarnafæði Kofareyktur hangiframpartur m.beini



Bónus úrváls Bacon



Bónus Piparkökur 400g



Neutral Sturtusápa 1 ltr.



ISIO4 OLIA 20% MEIRA MAGN



HP Rúgbrauð 400g



Bónus Piparkökur 400g



Neutral Sturtusápa 1 ltr.



ISIO4 OLIA 20% MEIRA MAGN



OS Íslenskur brauðostur



Egils Appelsín kippa 4 x 2 ltr.



Pepsi & Pepsi MAX 4 fl. x 2 ltr.



BONUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl. Gilda til 16.nóv. 2014

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Stendur ekki und- ir skuldbindingum

Fólksfækkun, hækkandi aldur og fækkun starfa eru ástæður þess að Lífeyrissjóður Vestfirðinga nær ekki að standa undir framtíðar skuldbindingum að óbreyttu. Þetta kom fram í máli Margrétar Birkisdóttur, stjórnarformanns sjóðsins, á sjóðsfélagafundi í síðustu viku. Á fundinum var kynntur samningur um samruna Lífeyrissjóðs Vestfjarða og Gildis-lífeyrissjóðs.

Samkvæmt samningnum verður áfram skrifstofa á Ísafirði og í

ávarpi Margrétar kom fram að áformað er að styrkja starfsstöðina með aðkomu starfsendurhæfingar í húsnæði Lífeyrissjóðsins. Gildi-lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður Vestfirðinga eru á margan hátt líkir, að sögn Margrétar, báðir blandaðir verkafólki og sjómönnum og því félagslegar aðstæður áþekkar. „Við sameiningu verður reksturinn hagkvæmari, eignastýringin eflist og þá styrkist tryggingafræðileg staða,“ sagði í ávarpi Margrétar.



Hafa ekki heyrt um hugmyndir Framsóknar

Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur ekki myndað sér skoðun á hugmyndum um samrekstur slökkviliðs Ísafjarðarbæjar og áhaldahússins. „Ég veit ekki hvernig þetta er hugsað, hef ekki heyrt af þessum hugmyndum og hef því ekki myndað mér skoðun á þeim,“ segir Þorbjörn. Á fundi bæjarráðs í síðustu viku voru þessar hugmyndir ræddar í kjölfar tillögu Marzellíusar Sveinbjörnssonar, bæjarfulltrúa Framsóknarflokks, um að stofna starfshóp til að skoða samrekstur slökkviliðs, áhaldahúss og daglegrar umsýslu hafnarmannvirkja.

Framsóknarmenn telja að með samrekstri megi ná fram hagráðingu í rekstri og undir það tekur Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Gísli Halldór telur þó óþarft að stofna sérstakan starfshóp og telur að starfsmenn stofnana Ísafjarðarbæjar og bæjarfulltrúar geti unnið að málinu á næsta ári án stofnunar starfshóps.

Guðmundur M. Kristjánsson

hafnarstjóri hefur ekki heyrt minnst á þessar hugmyndir. „Það hefur enginn nefnt þetta í mín eyru. Þetta hefur ekki komið til tals í hafnarstjórn og ég þekki ekki til tillögu Marzellíusar og get ekki tjáð mig um hana. Framsóknarflokkurinn var með formennsku í hafnarstjórn á síðasta kjörtímabili og flokkurinn lagði þetta aldrei fram þar. Ef bæjarstjórn vill fara í þessa vinnu þá er það bara gert og ég hef fyrirfram enga skoðun á því enda er ég ekki inni í rekstri áhaldahússins og slökkviliðsins,“ segir Guðmundur.

Hann segir verkefni og rekstur þessara stofnana ólíkan en útilokar ekki að finna megi einhvern flöt á nánara samstarfi. „Við á höfninni höfum alltaf átt gott samstarf við áhaldahúsið og slökkviliðið þannig að samvinna er til staðar. Við gætum ekki komist af á höfninni án þessa að eiga aðgang að starfsmönnum áhaldahússins sem eru alltaf boðnir og búnir að aðstoða okkar þegar þörf er á,“ segir Guðmundur.



Til hamingju

VÍS óskar Bæjarins besta til hamingju með 30 ára afmælið og þakkar fyrir farsæla samleið í gegnum tíðina.

VÍS | HAFNARSTRÆTI 1 | 400 ÍSAFJÖRÐUR | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

vís

Aldraðir af erlendum uppruna ná ekki lágmarks framfærslu

Fyrir stuttu birtist viðtal á vir.is við eldri borgara í Reykjavík, Evu Ó. Hjaltadóttur, sem vildi vekja athygli á bágri fjárhagsstöðu eldri borgara hérlandis. „Ég hef ekki efni á nauðsynjavörum, það er bara þannig. Ég er ekki sú eina sem er í þessari stöðu, heldur fjöldi eldri borgara. Það þorir bara enginn að tala um þetta því ástandið hjá mörgum er til skammar,“ sagði Eva. Hrefna Magnúsdóttir, formaður Ísafjarðardeildar Rauða krossins segist vel kannast við þetta ástand. „Þetta eru engar fréttir fyrir okkur, við vitum af þessu vandamáli. Yfirleitt leitar fólk ekki til okkar sjálft, heldur fáum við ábendingar

frá ættingjum eða félagsþjónustu. Þetta á líka við um aðra lífeyrisþega,“ segir Hrefna.

Deildir Rauða krossins á Vestfjörðum vinna saman að verkefnum sem snúa að öldruðum. Reynt er að hjálpa eins og hægt er og þá eru deildirnar með heimsóknabjónstu til að sporna við félagslegri fátækt aldraðra. „Við leggjum líka áherslu á öryggismál aldraðra og bjóðum upp á námskeið því tengdu. Ég held meira að segja að aðeins sé boðið upp á slíkt hér á Vestfjörðum en um er að ræða samvinnuverkefni við Félag eldri borgara. Þá kemur iðjuþjálfari og sjúkraflutningamaður og veita sálrænan stuðning og

kenna skyndihjálp. Við tökum eftir bágun kjörum aldraðra í kringum slíka viðburði. Sumir hafa ekki efni á að kaupa nauðsynlegan öryggisbúnað,“ segir Hrefna.

Aðstæður aldraðs fólks af erlendum uppruna geta verið mun verri en annarra að sögn Hrefnu því það fær mjög lágar greiðslur, sem ná ekki lágmarksframfærslu í sumum tilfellum. „Þetta er berskjaldaður hópur. Rauði krossinn gaf út skýrslu í ár sem nefnist: Hvar þrengir að?. Þar er hægt að sjá hvaða hópar búa við verstu kjörin í íslensku samfélagi,“ segir Hrefna. Í skýrslunni segir m.a.:

„Allt að þrjú þúsund ungmenni



Hrefna Magnúsdóttir til hægri ásamt Bryndís Friðgeirsdóttur, starfsmanni Rauða krossins.

hafa misst fótanna í lífsbaráttunni áður en hún hefst fyrir alvöru, fordómar fara vaxandi í samfélaginu sérstaklega í garð innflytjenda, um 9% landsmanna eru undir fátækramörkum og 13% eiga á hættu að verða fátækir. Þá er ljóst að innflytjendur sæta vaxandi fordómum, sérstaklega þeir sem koma frá löndum utan Evrópu. Gera verði betur í málum útlandinga, atvinnuleysi sé mun hærra í þeirra röðum, oft hafi þeir lítið tengslanet og eigi erfitt með að aðlagast samfélaginu. Börn þeirra standi einnig verr að

vígi fyrir framtíðina en jafnaldrar þeirra vegna skorts á stuðningi í skólakerfinu og hjá foreldrum, oft vegna tungumálaerfiðleika. Í skýrslu Rauða krossins nú kemur einnig fram að stéttaskipting sé meiri í íslensku samfélagi en fyrir áratug, og misskipting lífsgæða hafi aukist.“

„Það eru sífellt fleiri sem leita til okkar eftir aðstoð og þeim hefur fjölgað jafnt og þétt síðan 2008. Það eru alltaf fleiri og fleiri sem ekki ná endum saman um hver mánaðarmót,“ segir Hrefna.

– sfg@bb.is



Háskóla- og Vestfjarðar Háskóla
University Centre of the Westfjords

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni.

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



VESTURBYGGÐ

Aðalstræti 63 • 450 Patreksfirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



NÝHERJI

Borgartúni 37 • 105 Reykjavík

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Fjórðungssamband Vestfirðinga

Árnagötu 2-4 • 400 Ísafirði

Artoficeland.is

Listaverk úr náttúru Íslands



Fæst meðal annars hjá:

The Wiking Akureyri
Upplifun Hörpunni
Ísbirnum Laugarveg
Galleri Alþýðulist Varmahlöð Skagafirði
Rammagerðin Hafnarstræti Reykjavík
Gestastofan Þorvaldseyri

Artoficeland.is
sala@artoficeland.is
Sími 8631626

RB RÚM



ÍSLENSK HÖNNUN

Sérsmíði fyrir hótél og gistiheimili

Í áraraðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Við ráðleggjum fólki að hafa tvær dýnur í öllum hjónarúmum og tengja

dýnurnar saman með rennilásum. Mismunandi stífleika er hægt að velja allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr.

Mikið úrval af öllum tegundum rúma. Hafið samband við sölumenn okkar fyrir frekari upplýsingar.

Íslensk framleiðsla síðan 1943.



*Alþjóðleg viðurkenning
fyrir framúrskarandi
árangur í framleiðslu í
rúmum og springdýnum.*

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 8 - 18
OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ 10 - 14



Til Vítanam á flótta und- an norskum ljóðahátíðum

Það kom Ísafirðingnum Eiríki Erni Norðdahl rithöfundur síður en svo á óvart að Kjell Westö hafi fengið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, þvert á móti, þá bjóst hann við því. Eiríkur Örn var tilnefndur til verðlaunanna sem voru afhent á miðvikudag í síðustu viku. „Auðvitað langar mann alltaf að vinna en ég spáði því allan tímann sjálfur að Kjell fengi þetta. Hann er stjarnan í hópnum og hefur notið mikill vinsælda í norrænum fagurbókmenntum í ábyggilega 15 ár. Maður hefði alveg getað tapað fyrir minni kempu,“ segir Eiríkur Örn.

Tvö ár eru síðan skáldsagan Illska kom út og hlaut fádæma góðar viðtökur á Íslandi. Síðan þá hefur hún komið út í þýskri, danski og sænski þýðingur. „Frönsk þýðing er væntanleg á næsta ári. Ég er alltaf að vona að

ég finni finnskan útgefanda og helst litháíska líka,“ segir hann. Aðspurður hvort að hann sé ekki orðinn leiður á Illsku, að vera enn tveimur árum síðar „að fylgja henni úr hlaði“ segir Eiríkur Örn að þótt það sé frábært að fá bókina þýdda á mörg tungumál og kynna hana fyrir lesendum þá taki þetta tíma og hugsanir frá öðru. „Ég er alveg að verða eins og símsvari þegar ég útskýri bókina og svara spurningum. Ekki þar fyrir að auðvitað koma alltaf fram einhverjir nýir vinklar, en það er frekar lítið rými í hausnum til að hugsa um annað.“

Hann er langt kominn með nýja ljóðabók en prósavérkin láta á sér standa. „Ég er búinn að skrifa 4-5 bækur, eða uppköst, en einhvern veginn ekkert sem ég hef almennilega fílað sjálfur eða fundið leið til að klára. Ég er



Eiríkur Örn Norðdahl.

langt kominn með ljóðabók sem ég er ánægður með en prósin einhvern veginn ekki alveg að koma. En ég er svo sem með þessi handrit og ef ég finnst þeim einhverja góða lausn er ekki endilega margra mánaða verk að sigla þeim í land.“

Eftir mánuð ætlar Eiríkur Örn og fjölskylda að flytjast um stundarsakir til Vítanam. „Að hluta er það aðferð til komast hjá því að láta bjóða mér á norskir ljóðahátíðir á tveggja vikna fresti, maður er allaf að harka eftir peningum vegna þess að maður getur

það. En það borgar sig engan veginn að fá mig alla leiðina frá Hoi An til að lesa ljóð í Hamar eða Grimstad. Og þá verð ég að segja nei, þótt það sé gaman og vel borgað og fæ þá kannski meiri vinnufrið. Nadja ætlar að skrifa ritgerð og við skiptumst á að vera með börnin. Við áttuðum okkur líka bara á því að þar sem Aram verður 6 ára á næsta ári og byrjar í skóla verður erfiðara að ferðast í lengri tíma. Aino verður svo tveggja ára nokkrum dögum áður en við komum til baka, og þá þarf að borga fyrir hana sinn eigin flugmiða. Þegar við áttuðum okkur á þessu áttuðum við okkur á því sömuleiðis að við mætum engan tíma missa. Þannig lagað. Svona ævintýri verða bara dýrari og erfiðari í framkvæmd,“ segir Eiríkur Örn Norðdahl.

– smari@bb.is

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

KERÆCIS

Eyrargötu 2 · 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Austurmörk 15 · 810 Hveragerði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Aðalsgötu 59 · 430 Suðureyri

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

kom | almannatengsl
stofnað 1986

Katrínartúni 2 · 105 Reykjavík

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

KONUR



MENN

Hafnarstræti 9-13 · 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Kómeðíuleikhúsið

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Vínlandsleið 12 · 113 Reykjavík

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Torfnesi · 400 Ísafirði

ALLT TIL
JÓLANNA



MATURINN
GJAFIRNAR
FÖNDRID
HEIMILID
BÖRNIN
GOTTID
& MARGT
FLEIRA



Samkaup **úrval**

www.Samkaupurval.is

Verð eru birt með fyrirvara um villur og eða myndavíxl.



Fyrrverandi og núverandi Ísafirðingar á Bessastöðum: Kristján G. Jóhannsson, Eyþór K. Einarsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Gunnlaugur Gunnlaugsson.

Umdæmisstjórn Kiwanis með ísfirskum blæ

Gunnlaugur Gunnlaugsson á Ísafirði tók fyrir nokkru við starfi umdæmisstjóra Kiwanis á Íslandi og í Færeyjum. Hann mun gegna þeirri stöðu í eitt ár eða til 1. október á næsta ári. Þannig vill til, að ritari og féhirðir í umdæmisstjórninni eru líka Ísafirðingar, þó að annar þeirra sé brottfluttur. Kristján G. Jóhannsson á Ísafirði

er umdæmisritari en Eyþór K. Einarsson frá Ísafirði umdæmisféhirðir.

Myndin sem hér fylgir var tekin á Bessastöðum þegar forseti Íslands bauð þangað Kiwanismönnum í tilefni af hálfar aldar afmæli Kiwanisstarfs á Íslandi. Ólafur Ragnar er líka Ísafirðingur að uppruna, eins og kunnugt er.

Í Kiwanisumdæminu sem spannar Ísland og Færeyjar eru 35 klúbbar, þar af 32 á Íslandi og 3 í Færeyjum. Á Íslandi eru um 900 Kiwanisfélagar en um 600 þúsund í heiminum öllum. Kiwanishreyfingin er 100 ára á næsta ári, en hún var stofnuð í Bandaríkjunum árið 1915. Höfuðstöðvar hennar eru í Indianapolis.

Nýr samningur um Fab Lab

Forsvarsmenn Menntaskólans á Ísafirði hafa undirritað nýjan samning við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og Súðavík-urhrepp, um rekstur FabLab smiðju í skólanum. Rekstur Fab lab smiðjunnar hófst formlega í byrjun árs 2013 og fékk smiðjan þá nafnið Guðmundarsmiðja til minningar um Guðmund Þór Kristjánsson vélstjórnarkennara sem var frumkvöðull að stofnun Fab Lab smiðju við skólann. Menntaskólinn leggur eins og áður til húsnæði og tæki í Guðmundarsmiðju en aðrir aðilar að samningi sameinast um annan rekstur.

Fab Lab (Fabrication Laboratory) er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur ungum sem



öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Markmið Fab Lab er að auka þekkingu á persónumiðaðri framleiðslu, stafrænum framleiðsluaðferðum í iðnaði og að efla nýsköpun á Íslandi. Þá er verkefninu ætlað að auka tæknilæsi almennings og almenna tæknivitund. Markmið verkefnisins eru enn fremur að skapa vettvang fyrir nýsköpun og að efla samkeppnishæfni iðnaðarfyrtækja, menntastofnana og nemenda.


Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**

Aðalstræti 21 · 415 Bolungarvík

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Náttúrugripasafn Bolungarvíkur

Aðalstræti 21 · 415 Bolungarvík

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



PÓLLINN EHF.

Pollgötu 2 · 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



RAFSKAUT ehf

Suðurtanga 7 · 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



**Sophus Magnússon
bifreiðastjóri**

Skipagötu 15 · 400 Ísafirði · Sími 893 8355

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Ösvör Sjóminjasafn

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sindragata 12b · 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

Inntré ehf.,

Sindragötu 11 · 400 Ísafirði

BÁTUR DAGSINS™



SUNNUDAGUR

Grilluð kjúklingabringa



MÁNUDAGUR

Skinkubátur



ÞRIÐJUDAGUR

Kalkúnsbringa og skinka



MIDVIKUDAGUR

Pizzabátur



FIMMTUDAGUR

Sterkur ítalskur



FÖSTUDAGUR

Subway Club



LAUGARDAGUR

Subway bræðingur

**NÝTT BRAGÐ
Á HVERJUM
DEGI.**

6 tommu bátur á

549 kr.

nýtt bragð á hverjum degi



SUBWAY BRÆÐINGUR ER BÁTUR DAGSINS Á LAUGARDÖGUM

SUBWAY


Ferskleiki er okkar bragð.™

„Mótlætið veitir mér innblástur“

„Ég hugsa bara í litasinfóníum og er alltaf að segja sögu,“ sagði Solveig Edda Vilhjámsdóttir þegar BB hafði sambandi við hana. Solveig hefur búið í Bolungarvík og á Ísafirði síðan í febrúar 2012 en hún ákvað að flytja til Vestfjarða árið 2007. „Ég var alltaf rosalega bísí í námi og vinnu og var alltaf á flakki og ákvað bara að ég vildi flytja hingað. Ég bjóst samt ekki við að það yrði nokkurn tíman að veruleika en svo gafst tækifærið bara. Ég er einhvern veginn aldrei á jörðinni en þetta er eini staðurinn í heiminum þar sem ég næ jarðtengingu.“

Solveig lærði listmálun hjá rússneska kennaranum Natalíu Himmirski í bandaríska ríkisháskólanum Bemidji í norður Minnesota. Kennari hennar í Tækniskólanum hér á landi ráðlagði listnemendum sínum að elst ekki við dýra og þekkta skóla þar sem kennslan þar væri oft ópersónulegt og nemendur fengju litla kennslu og athygli. Þess vegna valdi Solveig þennan ríkisháskóla á sínum tíma og fékk þar mikla og góða kennslu að eigin sögn.

„Ég er ennþá í sambandi við kennarann minn síðan þá en það gæti reyndar verið að deildin sé



Solveig Edda Vilhjámsdóttir.

dottin upp fyrir. Eitt af því sem veitir mér innblástur er jafnrétti og viljinn og baráttan við að halda áfram að mála. Það vakti nefnilega athygli mína úti, að þar sem ég var aðeins eldri en hinir nemendurnir þá var ég oft spurð af hverju ég hefði valið þessa braut. Strákarnir aftur á móti voru aldrei spurðir því þeir voru bara listmál-arar. Það er sem sagt svona mótlæti sem veitir mér innblástur en líka samskipti og upplifun. Og náttúran auðvitað en fjöllin hérna og umhverfið toppa allt. Ég hef ferðast mikið en ber það allt saman við náttúruna hérna. Það eru bæði íslensku litirnir og svo krafturinn í náttúrunni hérna, svo það er ekki bara útlitið.“

„Ég mála með olíu á striga og

myndirnar voru oft figúratívar. Þær eru meira abstrakt núna þó það séu oft figúrir í þeim og ég er alltaf að segja sögu. Það er þá tímabilið sem myndin er máluð á sem kemur fram eða tilfinninga-umrótið. Eitthvað sem er kannski ekki hægt að tala um en kemur fram í myndunum.“ Solveig Edda hélt sýningu í Edinborg árið 2012 og komst upp úr því að í gallerí Agora í New York. Hún vinnur nú að gerð sjálfstæðrar sýningar en setti sér líka það markmið á friðardaginn að mála eina mynd í mánuði í heilt ár og setja svo upp sýningu tileinkaða friði. „Þetta er svo einfalt þema en samt svo krefjandi,“ sagði þessi kraftmikla listakona.

– sfg@bb.is

Æfingabúðir & König Ludwig Lauf

29. janúar – 5. febrúar

Í vetur bjóða Bændaferðir upp á ferð til Oberammergau/Ettal í Þýsku Ölpunum, þar sem fléttað verður saman æfingabúðum fyrir skíðagöngufólk og þátttöku í König Ludwig Lauf, einni þekktustu almenningsgöngu heims.

Fararstjórar: Heimir Hansson & Einar Ágúst Yngvason

Verð: 188.400 kr. á mann í tvíþýli.

Mjög mikið innifalið!

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790

bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2, 108 Reykjavík




Mánafell

Stígahlið 2-4 Bolungarvík • Sími 863 3879 •
892 1616 • Heimasíða: www.orkudisa.com
Netfang: arndis@snerpa.is

Gisting í íbúðum!

Fullbúnar íbúðir með aðgengi að interneti,
þvottavél og þurrkara. Kolagrill á svölum.
Svefnpokaplass eða uppabúin rúm
eftir pöntunum!



VÉLSMIÐJAN MJÖLNIR EHF.

MÁVAKAMBUR 2 • 415 BOLUNGARVÍK

SÍMI 456 7378

Lítið af eyðibýlum á Hornströndum

Áhugamannafélagið Eyðibýli hefur unnið að því undanfarin sumur að skrá og rannsaka eyðibýli hérlandis. Rannsóknarverkefnið hófst á Suðurlandi árið 2011, árið eftir var farið á Norðurland eystra og Vesturland og sumarið 2013 voru eyðibýli á Norðurlandi og Vestfjörðum skráð. Það liggur kannski ekki í augum uppi hvað flokkast sem eyðibýli. Samkvæmt áhugamannafélaginu eru húsin sem þau skráðu yfirgefin íbúðarhús sem ekki hafa verið tekin til annarra nota, þau eru með fjóra uppi-standandi útveggi og geta staðið á jörð í búnytjum. Markmið verkefnisins er að „meta vægi einstakra húsa og varðveita þannig valin yfirgefin hús á Íslandi,“ líkt og segir á vefsíðu félagsins.

Hafþór Óskarsson háskólanemi frá Drangnesi var einn þeirra sem skrásetti eyðibýli á Vestfjörðum sumarið 2013 en nú manns fóru þangað í júní og júlí.

Leitin að eyðibýlum á Vestfjörðum var þó nokkuð öðruvísi en þau áttu von á vegna þess hve mörg þeirra eru nýtt eins og Hafþór sagði í samtali við BB. „Það kom mér og okkur eiginlega á óvart hvað var lítið af eyðibýlum á Hornströndum, þar sem það er alltaf verið að tala um hvað svæðið er mikið í eyði. Raunin var aftur á móti sú að það voru ekki mörg hús sem falla undir okkar skilgreiningu á eyðibýli, sem er þá yfirgefið íbúðarhús, með fjóra uppistandandi veggi og sem er ekki fyrir notað fyrir svefngesti. Annaðhvort var búið að rífa húsin, eða þá að það var verið að gera þau upp og nota þau. Eyðibýlin á Hornströndum voru til dæmis örfá því þau eru öll nýtt sem gistiþláss.“

Eyðibýlin sem voru skráð á Vestfjörðum eru 89 talsins og standa í Austur og Vestur Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslunum og Strandarsýslu.



VELDU HOLLARA

Fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem hlaut
gæðavottun Skráargatsins



ROSE



Úrbeinuð kjúklingalæri

Nettóþyngd: 700 gr.
Lausfryst

Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.

Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir kröfur Skráargatsins.

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.

Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.

**Lestu meira um Skráargatið á
skraargat.is**

 **ROSE**



Gagnrýna „hringlandahátt“ innanríkisráðuneytisins

Sjálfstæðismennirnir Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi í Ísa-fjarðarbæ og Baldur Smári Einarsson, bæjarfulltrúi í Bolungarvík segja að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra hljóti að falla frá því að hafa aðalskrifstofu sýslumanns Vestfjarða á Patreksfirði. Í grein í Morgunblaðinu segja þeir að framan af hafi vinnubrögð við sameiningu sýslumannsembætta verið til fyrirmyndar og mikið og gott samráð haft við fólki heima í héraði.

„Eftir það samráð var sett fram hugmynd að staðsetningu embættanna og það kynnt að aðalskrifstofa sýslumanns ætti að vera í Bolungarvík. Að sögn ráðuneytisins voru þær hugmyndir settar fram eftir vandlega íhugun og á grundvelli faglegs mats.

Ekki verður annað sagt en að það ferli hafi verið til fyrirmyndar fyrir ráðuneytið, enda komu þar berlega í ljós áherslur sveitarfélaganna varðandi þjónustustig og ekki var vart við mikinn ágreining um staðsetningu þessara embætta. Meiri áhersla var lögð á að tryggja yrði viðunandi þjónustustig með löglærðum fulltrúum á minni skrifstofunum. En svo hefur ekki verið á sunnanverðum Vestfjörðum um nokkurt skeið,“ segir í greininni.

Í haust var skipt um kúrs og ráðherra lagði til að sýslumaður Vestfjarða hafi aðsetur á Patreksfirði. „Sú ákvörðun er ekki byggð á því faglega mati sem lagt var til grundvallar í vor og vandséð á hvaða faglegu forsendum ráðherra tekur þessa kúvendingu í málinu. Sem bæjarfulltrúar



Aðsetur sýslumanns Vestfjarða verður á Patreksfirði frá og með áramótum.

á norðanverðum Vestfjörðum og fulltrúar í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga höfum við áhyggjur af þessari þróun. Við teljum þetta óskynsamlega ráðstöfun. Það að yfirmanni embættisins skuli ætlað að vera staðsettur svo langt frá meginþorra starfseminnar mun veikja embættið.

Þetta mun hafa umtalsverðan viðbótarkostnað í för með sér fyrir alla sem nýta sér þjónustu sýslumanns. Ákvörðunin er ekki í takt við það sem kynnt var í vor og þjónustusvæðið norðanverðir Vestfirðir er of stórt til að þar sé ekki sýslumaður, ekki síst með það í huga hvernig samgöngum

er háttað á svæðinu. Þetta tekur ráðherra undir með því að leggja til að hafa bæði sýslumann og lögreglustjóra í Vestmannaeyjum en þar er svipaður fjöldi íbúa og á norðanverðum Vestfjörðum og samgöngur eru síst betri innan Vestfjarða en milli lands og Eyja.“
– smari@bb.is

**Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni**



Hafnargötu 80 · 415 Bolungarvík

**Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni**



BB Endurskoðun ehf
Bókhalds- og endurskoðunarstofa

Pollgötu 2 · 400 Ísafirði

**Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni**



Hafnarstræti 19 · 400 Ísafirði

**Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni**



Sindragötu 11 · 400 Ísafirði

**Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni**



Grænagarði · 400 Ísafirði

**Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni**



FRYSTIKERFI ehf

Suðurgötu 9 · 400 Ísafirði

**Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni**



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

UMHVERFID ER FRAMTÍÐIN
GÆTTU ÞESS VEL

Sundstræti 32 · 400 Ísafirði

**Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni**



eirnaglinn ehf

Strandgötu 7b · 400 Ísafirði

Með Borgun getur þú rekið vefverslun með einföldum og öruggum hætti

Það eru til ótal gerðir af greiðslukortum og margir greiðslumátar. Borgun býður upp á sérsniðnar lausnir sem gera þér kleift að taka við greiðslum á netinu með einföldum og öruggum hætti.

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar. Áhugasamir sendi upplýsingar á vr@vr.is fyrir **15. desember 2014**.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, fjöldi svefnplássna og byggingarár. Auk þess skal fylgja lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta umhverfi. Nauðsynlegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi einnig með.

Öllum tilboðum verður svarað.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

KONUKVÖLD Á HÁRSTOFUNNI

13. nóvember kl. 20:00

Flott tilboð af jólapakkningum fyrir konur og herra ásamt sjámpó og næringum

Urban Anti+Dotes
Fyrir allar hárgerðir,
þú kaupir næringuna og
við gefum þér sjámpó með

Epic Volume
Segir bless við flatt og
lint hár, þú kaupir næringuna
og við gefum þér sjámpó með

Frábær gjöf fyrir alla stráka og herra
Þú kaupir nýtt mótunarvax Manipulator
Matte og færð gefins með B For
Men sjámpó í fallegri snyrtitösku

Opð mán. 10-14
þri. 10-14
mið. 14-20
fim. 10-18
fös. 10-18

HÁRSTOFAN

Aðalstræti 21, Bolungarvík - Sími 456 7599




Jón Hjörtur er kylfingur ársins hjá GÍ

Tryggvi Sigtryggsson var endurkjörinn formaður Golfklúbbs Ísafjarðar á aðalfundi hans sem haldinn var í gærkvöldi. Tryggvi hefur gegnt formennskunni frá 2006 eða í átta ár og hugðist láta af henni núna, „en það var þrýst á mann að vera áfram“, segir hann. Fram kom á fundinum, að búið er að greiða upp allar skuldir og klúbburinn orðinn skuldlaus í fyrsta skipti frá því að golfskálinn í Tungudal var byggður fyrir nærri þremur áratugum og lán voru tekin í því skyni.

„Þetta var mjög góður fundur, fjölmenni og góðar umræður“, segir Tryggvi.

Á fundinum var Jón Hjörtur Jóhannesson útnefndur kylfingur ársins en háttvísibíkar klúbbsins hlaut Vilhjálmur Antonsson. Bikarinn er veittur þeim sem sinna klúbbum af sérstökum dugnaði og eru til fyrirmyndar bæði á golfvelli og í félagsstarfi.

Talsverð endurnýjun varð í stjórn klúbbsins, sem sjö manns



Jón Hjörtur Jóhannesson.

skipa. Úr henni gengu Finnur Magnússon (eftir átján ára stjórnarsetu), Jens Andrés Guðmundsson og Óðinn Gestsson, en í stað þeirra komu Jakob Tryggvason, Kristín Hálfðánsdóttir og Bjarki Bjarnason. Auk Tryggva sitja áfram í stjórninni Óli Reynir Ingimarsson, Anna Guðrún Sigurðardóttir og Vilhjálmur Matthíasson.

Krafan að fiskeldisstörfin verði á Ísafirði

„Þetta sýnir hvað embættismannakerfið er sterkt. Þrátt fyrir að ráðherra hafi sagt að þessi störf yrðu á Ísafirði, þá virðast völd embættismannanna vera það mikil, að orð ráðherra skipta ekki máli. Embættismennirnir ná þarna alveg nýjum og óséðum hæðum“, segir Daníel Jakobsson, oddviti Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Matvælastofnun hefur auglýst starf fagsviðsstjóra fiskeldis laust til umsóknar. Þessu starfi var áður sinnt á starfsstöð Fiskistofu á Ísafirði, sem hefur verið lokað. Henni var lokað í janúar en bæði Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra og Eypór Björns-

son fiskistofustjóri hafa sagt að hún verði opnuð á ný.

„Ég var bæjarstjóri þegar starfsstöðinni var lokað og á þeim tíma fullvissaði Sigurður Ingi mig um að Fiskistofa opnaði aftur og því sýndum við biðlund, en nú er sú biðlund á enda og krafan er að innan tveggja vikna verði þetta starf auglýst á Ísafirði, auk fleiri starfa hjá Fiskistofu á Ísafirði. Ég veit að við erum með ráðherra með okkur í þessu máli og hann verður að standa við gefin fyrirheit, eða öllu heldur að undirmenn hans standi við loforð ráðherra“, sagði Daníel í samtali við blaðið í síðustu viku.

– smari@bb.is

Vinsælu jóla- og kirkju-
könnurnar komnar aftur!

Sendum BB hamingjuóskir
á 30 áraafmælinu með ósk
um farsæld í framtíðinni



Ljósveitan

Kemur með háhraðanetið

Fremtíðin í dag

Míla tengir heimili landsins við Ljósveituna og nýtir til þess nútímatækni, fyrirliggjandi leiðslur og rými. Þannig á mikill fjöldi íslenskra heimila nú kost á háhraðatengingu sem skapar kjöraðstæður til fjarvinnu, veitir möguleika á fleiri en einum háskerpumyndlykli fyrir sjónvarp og betri aðgang að þeirri fjölbreyttu afþreyingu sem í boði er um netið.

Kynntu þér stöðugar háhraðatengingar Ljósveitunnar á mila.is

Hafðu samband við eftirtalda aðila til að kaupa þjónustu um Ljósveituna:



Guðrún Stella Gissurardóttir á Hanhóli í Syðridal í Bolungarvík er borgarbarn en hefur verið búsett á norðanverðum Vestfjörðum allt frá þrítugu eða í rúma tvo áratugi. Tildrög þess að hún fluttist vestur voru sérkennileg, að ekki sé nú meira sagt, eins og hér verður greint frá. Hún hefur brennandi áhuga á samfélagsmálum af öllu tagi og hefur látið til sín taka á því sviði á margan og ólíkan hátt. Síðustu sextán árin hefur hún verið forstöðumaður Vinnu-málastofnunar á Ísafirði.

Konur eru vannýtt auðlind

Guðrún Stella Gissurardóttir á Hanhóli í Syðridal í Bolungarvík er borgarbarn en hefur verið búsett á norðanverðum Vestfjörðum allt frá þrítugu eða í rúma tvo áratugi. Tildrög þess að hún fluttist vestur voru sérkennileg, að ekki sé nú meira sagt, eins og hér verður greint frá. Hún hefur brennandi áhuga á samfélagsmálum af öllu tagi og hefur látið til sín taka á því sviði á margan og ólíkan hátt. Síðustu sextán árin hefur hún verið forstöðumaður Vinnu-málastofnunar á Ísafirði.

Einna nýjast á þeirri vegferð er seta hennar í bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar þar sem hún skipar annað sætið á M-lista, sem bauð fram í fyrsta sinn núna í vor. Listinn bar hið sérstæða heiti *Máttur meyja og manna* og var hann skipaður eingöngu konum, þó að karlar störfuðu vissulega líka að framboðinu. Í efsta sætinu var Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Bolungarvíkur, sem núna hefur verið ráðin fræðslustjóri á Akureyri, og nú leiðir listann Halldóra Sveinbjörnsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Bolungarvík. Þess má geta, að Jóhann Hannibalsson eiginmaður Guðrúnar Stelli er fyrrverandi bæjarfulltrúi í Bolungarvík.

Guðrún Stella fæddist í Reykjavík og átti heima í Laugarnesi til átta ára aldurs. Fluttist þá í Kópavog og bjó þar til þrítugs, lengst af í Hjallabrekku (í foreldrahúsum) og í Hamraborginni, utan smá tíma þar sem hún dvaldi í Lúxemborg sem au pair á unglingsárum þangað til hún fluttist vestur á firði.

Afdrifaríkt að hringja í vitlaust númer

– Hvað varð til þess að þú fluttist vestur?

„Það var af algerri tilviljun. Ég hringdi í vitlaust símanúmer og lenti á formanni skólanefndar í Mosvallahreppi, sem hafði verið að auglýsa eftir skólastjóra að Holtsskóla í Öndarfirði. Út úr þessu samtali kom það, að hún Sigríður á Kirkjubóli í Valþjófsdal, sem þá gegndi stöðu formanns skólanefndar, fékk mig

til að sækja um stöðuna. Þetta var ástæðan fyrir því að ég kom vestur.

Hins vegar hafði ég alltaf haft áhuga á því að prófa að búa úti á landi og þetta var tækifæri sem ég ákvað að nota. Á þessum tíma var ég reyndar með það í huga að fara vestur um haf í framhaldsnám í stjórnsýslufræðum. Af því varð þó ekki, en ég fór að minnsta kosti vestur.“

Erfiðara að flytja rótfastan bónda

– Þú varst ekki mjög lengi í Öndarfirðinum ...

„Nei, ég var þar í tvö ár. Fljótlega eftir að ég kom vestur kynntist ég verðandi eiginmanni mínum, Jóhanni Hannibalssyni á Hanhóli. Þá voru göngin undir Breiðadalsheiði ekki komin og þess vegna erfitt fyrir okkur að vera í sambandi. Ekki var auðvelt að flytja hann til, rótfastan bónda í Bolungarvík, sem bjó þá með aldraðri móður sinni, Þorsteinu Jónsdóttur, sem hafði fætt og alið upp 15 börn og unni sveitinni. Þess vegna sagði ég starfinu lausu og fluttist til hans og tengdamömmu.“

Og núna hefur Guðrún Stella verið búsett á Hanhóli í Bolungarvík í tuttugu ár.

– Hafðirðu verið í sveit sem stelpa eða eitthvað kynnst sveitabúskap áður?

„Nei, ég hafði nú ekki verið í sveit, en ég hafði margoft heim sótt ættingja mína á Guðlaugsstöðum í Blöndudal, þaðan sem móðir mín er ættuð. Ég á mikinn frændgarð þarna í Blöndudalnu. Bróðir minn sem er næstur mér í aldri var hins vegar mikið í sveit á sumrum og ég leit það öfundaraugum. Þannig blundaði það kannski alltaf í mér að komast í sveitina. Ég er þó kannski ekki mikil sveitakona í mér, þó ég unni náttúrufergurðinni og kyrrðinni, en ég varð strax bergnumin af ægifygurð Vestfjarða þegar að ég kom hingað fyrst.“

Já, Guðrún Stella er Húnvetningur í móðurætt, en í föðurætt á hún rætur að rekja bæði í Ölfusið og líka á norðanverða Vestfirði,

mikið til í Sléttuhrepp.

Hélt að það yrði saga til næsta bæjar

„Afi minn ólst upp í Bolungarvík. Foreldrar hans komu þangað úr Grunnavík en langamma mín, Kristjana Kristjánsdóttir, hafði verið yfirsetukona í Jökulfjörðum og gerðist ljósmóðir í Bolungarvík. Þau fluttu svo suður á þriðja áratug síðustu aldar í kjölfar þess að þau misstu son sinn, afabróður minn, í hans fyrsta sjóróðri frá Bolungarvík.“

Áður en Guðrún Stella kynntist Jóhanni eiginmanni sínum átti hún dótturina Ástu Björgu Björgevinsdóttur, sem er tónlistarmaður og tónlistarkennari. Með Jóhanni hefur hún eignast fjórar dætur í viðbót, en sú fyrsta þeirra, sem hlaut nafnið Ósk, lést í fæðingu. Hinar heita Magnea Gná, Þorsteina Þöll og Salvör Sól.

„Ég var orðin 45 ára þegar ég átti þá yngstu og hélt að það yrði saga til næsta bæjar, en nokkru eftir að ég lét vita af væntanlegu barni komst Sigríður Snevarr í fréttirnar. Hún átti þá von á sér að mig minnir á 55. aldursári og því fannst engum tiltökumál að ég kæmi með eitt svona örverpi á þessum aldri.“

Vann alla tíð með skólagöngu

Eftir að Guðrún Stella fluttist til Bolungarvíkur árið 1994 gerðist hún kennari þar og námsstjóri og starfaði við það í nokkur ár og var jafnframt forstöðumaður Vinnuskólans í Bolungarvík um tíma. Hún varð svo forstöðumaður Vinnu-málastofnunar á Ísafirði árið 1998 og hefur gegnt því starfi síðan.

– Þú hefur varla átt langan starfsferil að baki þegar þú komst vestur í Öndarfjörð þrítug að aldri, væntanlega hefurðu verið mikið til í námi ...

„Reyndar fór ég mjög ung út á vinnumarkaðinn og tók megnið af mínu menntaskólanámi í kvöldskóla og vann alltaf með, og eftir að ég fór í dagskóla vann ég á kvöldin. Jú, ég hafði verið í háskólanámi í fimm ár, bæði í Kennaraháskólanum og í fyrsta

hluta lögfræði í Háskóla Íslands, en vann líka mikið með. Ég vann í nokkur ár hjá Tryggingastofnun ríkisins en auk þess á sumrin meðal annars hjá Flugleiðum og hjá Kópavogsbæ, fyrir utan ýmis önnur störf. Og allt mitt framhaldsnám í háskóla hef ég líka tekið með fullri vinnu en ætla þó að taka mér leyfi eftir næstu áramót og skrifa eina meistararitgerð í starfsráðgjöf.“

MMM

– Þú varst kjörin í bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar núna í vor. Þú hefur ekki átt sæti þar áður.

„Nei, ekki í bæjarstjórn, en ég hafði tekið þátt í ýmsum nefndastörfum á vegum bæjarins. Einnig áður en ég kom vestur hafði ég verið í ýmsum nefndum á vegum Kópavogsskaupstaðar. Ég hef hins vegar mikið verið í ýmskonar þverpólitískum nefndum og starfshópum í gegnum tíðina, mest í tengslum við atvinnu, mennta- og menningarmál.“

– Þú varst á M-listanum, sem hlaut nafnið *Máttur meyja og manna* (MMM). Hvernig kom þessi listi til?

„Það stefndi í að það yrði einungis eitt framboð í Bolungarvík. Oft hefur verið talað um að auka þurfi hlut kvenna í stjórnmálum, að konur séu vannýtt auðlind þegar kemur að stjórnun og fyrirtækjarekstri.

Það vill nú þannig til, að konur hafa verið í auknum mæli að flytjast af landsbyggðinni og virðast fremur ráða búsetu fjölskyldunnar. Ein ástæða þess kann að vera sú, að svo virðist sem að í sjávarbyggðum höfði samfélagsgerðin meira til karla en kvenna. Nú fyrir skömmu stóð Bygðastofnun að byggðaráðstefnu þar sem þessu var sérstakur gaumur gefinn, en hún bar yfirskriftina *Sókn sjávarbyggða, kemur framtíðin, koma konurnar*.

En til þess að hafa áhrif á samfélagsgerðina þurfa fleiri konur að taka þátt í sveitarstjórnarmálum, og það varð úr, að við ákváðum að bjóða fram kvemalista. Hópurinn sem stóð að framboð-

inu var að vísu í sjálfa sér ekki kvennahreyfing, það voru bæði karlar og konur sem stóðu að því, en ákveðið var að bjóða fram lista skipaðan konum eingöngu, meðal annars til að auka áhrif kvenna í stjórnmálunum. Þarna voru konur á öllum aldri sem vildu breytingar og vildu leggja sitt af mörkum til að þróa samfélagið meira í átt til nútímans.

Því miður náðum við ekki meirihluta, en auðvitað vonum við að hugmyndir okkar muni samt ná fram að ganga að einhverju leyti í samstarfi við aðra þá sem skipa bæjarstjórnina,“ segir Guðrún Stella.

Og því má skjóta hér inn, að sjö manna bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar skipa núna fimm konur og tveir karlar, þannig að þar er tæplega hægt að segja að konur séu vannýtt auðlind a.m.k. þetta kjörtímabilið.

– En eruð þið sem að framboðinu stóðuð nokkuð óánægð með árangurinn í kosningunum?

„Nei, maður getur ekki verið annað en ánægður með að fá þrjá bæjarfulltrúa af sjö með svona stuttum fyrirvara og með lista sem er bara skipaður konum. Ég held að við getum mjög vel við unað, því að fyrirvarinn var svo skammur.“

Smærri frumkvöðlar og atvinnusköpun fjöldans

– Hvernig líst þér á framtíð Bolungarvíkur?

„Ég er bæði hjartsýn og svart-sýn. Ég held að við höfum ýmsa möguleika og tækifæri, en við þurfum að breyta svolítið um taktík og hugsa öðruvísi en gert hefur verið. Fram að þessu hefur verið tilhneiging til þess að vera með stórar lausnir í atvinnumálum. Ég held að við þurfum að horfa meira á smærri frumkvöðla og atvinnusköpun fjöldans til þess að hafa ekki öll egginn í sömu körfu og auka fjölbreytni starfa,“ segir Guðrún Stella. „Við þurfum einhvern veginn að virkja og fóstta frumkvæði íbúanna í meira mæli. Mér er mjög umhugað um það.“

Þannig hef ég lagt það til í



Fýkur vár ljóðir
Arminur Þorláksson
1973-1975
Ljón og ljóðir eru í ljóðinu
á milli sín ljóðir á milli sín

bæjarráði að við settum á fót samfélagssetur til þess að reyna að virkja íbúana meira en verið hefur, fósra frumkvöðla og virkja þá sem eru utan vinnu-markaðar af einhverjum ástæðum. Ég hef mikla trú á mann-fólkinu, en það þarf stundum að skapa ákveðna aðstöðu, leiða fólk saman og benda á ýmis verkefni sem erfitt er að ráðast í einn og sér, en gætu verið auðveld í framkvæmd með því að fá fleiri að.

Þar á ég til dæmis við verkefni sem gætu undirbúið aukna ferðaþjónustu. Það gæti snúist um að búa til gönguleiðir, skrá sögur og sagnir, skrá sögu húsa og íbúa þeirra og þar fram eftir götunum. Það gæti snúist um að leiða saman tónlistarfólk og áhugafólk um ýmsar listir til að búa til einhverja viðburði og þróa þannig menningartengda ferðaþjónustu. Ef við sköpum þannig aðstöðu og reynum að leiða það verkefni, þá gætum við gert ýmislegt í þessa veru.

Með því að bjóða upp á handverksaðstöðu getum við þróað smáðnað eða unnið að matvælaþróun með því að nýta eldhús félagsheimilanna, en það að koma bara meira saman kveikir á nýjum hugmyndum. Við þurfum bara að skapa aðstæðurnar. Það er hægt að hrinda mörgu í framkvæmd, til dæmis með nýjum fjármögnunarleiðum eða fjöldafjármögnun þar sem stór hópur fólks leggur til litla fjárhæð, samanber Karolina Fund, og með því að nýta stoðkerfi atvinnulífsins.

Námsframboð verði endurskoðað

Guðrún Stella segir að menntastigið á Vestfjörðum sé of lágt.

„Við þurfum að gera meira átak í þeim efnum og sveitarstjórnir þurfa að láta sig þetta varða meira en gert er,“ segir hún. „Mér finnst mjög brýnt að endurskoða námsframboð í framhaldsnámi hér, þannig að það taki meira mið af þörfum svæðisins.

Ég hef lagt það til við menntaskólann, að hér verði sett á laggirnar frumkvöðla- og ferðaþjónustubraut, sem gæti til dæmis verið tveggja ára námsbraut, þó þannig að hægt sé að ljúka stúdentsprófi. Ég held að slíkt gæti höfðað til unga fólksins, en það gæti líka verið ómetanlegt til að styrkja atvinnusköpun og styrkja ferðaþjónustuna á svæðinu. Ég held að möguleikar okkar séu margir þar, en mikla vinnu þarf að leggja fram við að auka þekkingu og afla grunnupplýsinga og þróa vörur og þjónustu, meðal annars fyrir ferðamenn.

Nýlega var ég á Spáni, en þar hefur menntakerfið verið endurskipulagt frá grunni. Núna er allt starfsnám þar tvö ár og geta nemendur þá farið í háskóla að því loknu. Búið er að taka allar námsgreinar úr náminu sem tilheyra ekki beint faginu, en með þessu

telja þeir sig geta aukið áhuga á starfsmenntun og dregið úr brottfalli. Mér fannst líka athyglisvert að allt nám sem boðið er í dag-skóla á Spáni verða skólarnir að bjóða sem síðdegisnám til að mæta fullorðnum sem hafa ekki lokið neinu starfsnámi.“

Að hugsa út fyrir rammann

„Mér finnst líka að það sé mjög brýnt að hafa frumkvöðlakennslu í grunnskólum. Við þurfum að virkja unga fólkið snemma til að hugsa sem frumkvöðlar, að vera ekki bara þiggjendur þekkingar heldur frumkvöðlar að einhverju, hvort sem það væri framleiðsla, þjónusta eða eitthvað annað, og muni í framtíðinni skapa sín störf sjálf. Reyndar er vísið að þessu í Grunnskóla Bolungarvíkur með þátttöku í Evrópuverkefnum sem lúta einmitt að þessu.

En við þurfum ekki bara frumkvöðla á rekstrarsviðinu, við þurfum líka samfélagsfrumkvöðla sem hafa frumkvæði að góðum verkum og betra samfélagi án þess að það sé endilega í hagnaðarskyni. Ég get vel séð fyrir mér, ef við gætum þróað frekar framhaldsmenntunina hérna, þróað styttri starfsnámsbrautir, að þær gætu jafnvel orðið alþjóðlegar og laðað hingað erlenda nemendur á framhaldsskólaaldri. Ég bendi í þessu sambandi á alþjóðlegan menntaskóla í Noregi sem sækir erlenda nemendur víða að.

Við megum stundum hugsa svolítið út fyrir rammann og reyna að herja á markaði sem allra víðast annars staðar. Í ferðaþjónustunni gætum við líka hugsað um námskeiðstúrista, sem gætu haft áhuga á fræðslu og námskeiðum og þess háttar sem tengdist sögu og menningu, náttúru, fuglaskoðun, stangveiði, mat og öðru í þeim dúr. Ég held að þar geti verið miklir möguleikar, en það krefst auðvitað mikillar undirbúnings- og rannsóknarvinnu.“

Andvarpið í göngunum hvarf með tímanum

–Frá því að þú varðst forstöðumaður Vinnumiðlunar á Ísafirði og þangað til Bolungarvíkur-göngin komu til sögunnar haustið 2010 fórstu um Óshlíðina til og frá vinnu í tólf ár. Tilkoma ganganna hefur trúlega verið nokkur viðbrigði fyrir þig.

„Já, þetta var alger bylting í samgöngumálum,“ segir Guðrún Stella. „Auðvitað var maður oft í hættu þegar farið var á milli heimilis og vinnustaðar gegnum árin. Stundum var ég veðurteppt öðru hvoru megin. Samt gerði ég mér ekki grein fyrir því þá hversu mikil streita fylgdi þessu. Maður gerði bara það sem gera þurfti til þess að sækja vinnu.

En eftir að göngin komu áttaði ég mig fljótlega á því hvað það hafði fylgt þessu mikil spennan.



Við fjármögnum flest allt milli himins og jarðar



Þegar fjölskyldan stækkar getur nýrri, sparneytnari og öruggari bill gert gæfumuninn. Með faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu hjálpum við ykkur að fjármagna það sem upp á vantar til að þið getið fengið ykkur nýjan fjölskyldubíl.

Við aðstoðum með ánægju.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is

ergo



Um veturinn eftir að þau voru opnuð andvarpaði ég þegar ég var komin hálfa leið í gegn, en svo fór andvarpið alltaf að verða fyrr á ferðinni þangað til það hvarf. Ég held að þetta hafi verið merki um það að ég hafi alltaf verið búin að búa mig undir einhverja spennu á leiðinni, en síðan merkti ég það á sjálfri mér hvernig ég slakaði á smátt og smátt.

Það er þó ekki enn átakalaust að koma sér í og úr vinnu, því að þegar vetur eru snjópungir þurfum við oft á tíðum að ferðast um Syðridalinn á snjósleða og geyma bílinn nær þjóðvegnum.“

Samfélagsmál, handverk og ræktun

– Viðfangsefni í tólstundum

... „Samfélagsmál hafa verið helsta tólstundagamanið mitt. Ég hef mikinn áhuga á atvinnu-málum og menntamálum og hef lagt verkefnum á þeim sviðum talsvert lið gegnum tíðina. Sama má segja um ýmis lista- og menningarmál og að standa fyrir einhverjum viðburðum. Oft hefur það verið til að reyna að kveikja einhvern neista hjá fólki, hvetja til menntunar, virkja konur til atvinnusköpunar og eitthvað í þá veru.

En ég hef líka afskaplega gaman af handverki, ekki samt þrjónaskap og þess háttar, heldur annars konar handverki. Líka hef ég mikla unun af því að vera að gróðursetja og rækta og hef það frá móður minni, sem var ástríðu-full ræktunarkona auk svo margs annars.“

– Annars konar handverki?

„Ég hef verið að vinna í leir og gler og mósaík og þess háttar. Ég hef mikla unun af því að skapa eitthvað. Það er gaman að sjá eitthvað verða til og ekki síst ef verið er að nýta eitthvað sem hefði ella verið hent. Við þurfum að nýta í meira mæli það sem til fellur.

Því höfum við í MMM lagt það til að stofnuð verði efnisveita hjá sveitarfélaginu til að skapandi fólk og til dæmis skólar geti nýtt sér efnivið sem hægt er að gefa nýtt líf í einhverju formi, efnivið sem ella væri hent. Segja má að Listasmiðjan í Bolungarvík sé vísir að því, vegna þess að þar er endurunnið gler sem fellur til úr húsum þegar verið er að skipta um gler og fjarlægja brotnar rúður.“

Bújarðirnar of litlar

– Hvernig er búskapurinn á Hanhóli, er það blandaður búskapur, eins og kallað er?

„Nei. Við höfum verið með sauðfjárbúskap, en það er nú orðið sáralítið í dag. Það er bara þróunin sem hefur átt sér stað um allar sveitir, að jarðirnar eru of litlar til þess að geta haft fullt starf við búskapinn, að minnsta kosti í hefðbundnum búskap.

Ég hef nú alltaf unnið utan heimilis, en Jóhann maðurinn minn hefur líka verið smám saman að fíkra sig í þá áttina og núna er hann að heita má í fullri vinnu utan búans. Á vetrum er hann við snjóathuganir fyrir Veðurstofuna og mörg undanfarin sumur hefur hann verið safnvörður í Ósvör. Jafnframt hefur hann verið að grípa í annað, meðal annars að kenna í Grunnskólanum.

Þetta er ef til vill bara þróun sem þarf að eiga sér stað áður en við þróum annars konar atvinnu í sveitunum, meðal annars í ferðaþjónustu eða í annars konar framleiðslu, þó að ég voni að íslenskur landbúnaður megi eflast og styrkjast. Enda eru hér framleiddar frábærar afurðir úr íslensku sauðkindinni og Ísland er vel til fallið til kvikfjárræktar.“

Ævintýrin gerast

– Þegar þú lítur yfir farinn veg á Vestfjörðum, ertu nokkuð ósátt við að hafa hringt í vitlaust númer fyrir tuttugu og tveimur árum?

„Nei, alls ekki! Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og viðburðaríkt tímabil, mikið ævintýri fyrir mig sem borgarbarn að flytjast vestur á firði, og það í sveit. Ég hitti fyrir alveg frábært fólk, sveitungana í Öndarfirði, sem tóku mér opnum örmum. Mér leið strax eins og ég hefði átt þar heima alla tíð. Það var vissulega eftirsjá að flytja þaðan vegna þess að ég var í skemmtilegu starfi með góðu fólki. En maður hittir líka annars staðar gott fólk!

Kannski voru þetta bara einhver forlög. Ævintýrin gerast ef maður er tilbúinn að taka á móti þeim. Ég komst svo að því mörgum árum seinna að ég á ættir að rekja til Hanhóls, svo að það hefur líklega verið rétt hjá Þorsteinu tengdamóður minni að ég væri bara komin heim. Það hafði hún á orði skömmu eftir að við Jóhann kynntumst, þegar ég varð kyrfilega veðurteppt á Hanhóli í nokkra daga.“

Að fóstura kvenfrumkvöðla

Engum dylst sem til þekkir að Guðrúnu Stellu Gissurarðóttur er það sérstakt áhugamál að efla atvinnu og fjölbreyttara atvinnulíf í sveitarfélaginu sínu, og reyndar hvarvetna.

„Núna er ég að vinna í mjög spennandi Evrópuverkefni sem Vinnumálastofnun stýrir og gengur undir heitinu Female Project. Þetta verkefni gengur út á það að fóstura kvenfrumkvöðla [fostering female entrepreneurs] og stuðla að myndun tengslanets þeirra í Evrópu og víðar. Þetta er komið af stað en kemst alveg á fullt frá áramótum þegar fræðslan fer af stað,“ segir hún.

Verkefnið Female Project felst í því að styðja við konur sem hafa nýlega stofnað fyrirtæki og efla þær til að ná árangri í sínu



fyrirtæki, en núna er opið fyrir konur að sækja um þátttöku í verkefninu.

Annars vegar snýst þetta um beina fræðslu og aðstoð og hins vegar leiðbeinenda- og þjálfunarhringi, sem konurnar verða í til að miðla hver annarri af reynslu sinni. Núna er verið að ljúka við að ganga frá námsefninu og síðan er að þýða það og koma í íslenskan búning, en þátttökulöndin sjá hvert um sig ákveðinn hluta námsefnisins.

Guðrún Stella segir að rétt um 30% fyrirtækja hérlendis séu í eigu kvenna.

„Konur eru þar með vannýtt auðlind sem við Íslendingar eigum og þurfum að virkja frekar á þessu sviði, en þetta er eitt af því sem kreppan varpar ljósi á hvar hægt er að sækja aukna verðmætasköpun í landinu.“

Að horfa til hópa sem eru utan vinnumarkaðar

Hjá Vinnumálastofnun tekur Guðrún m.a. á móti fólki sem er utan vinnumarkaðar og henni er mjög umhugað um þann hóp.

„Það er ekki góð staða að vera án atvinnu og án hlutverks. Ég held að sveitarfélögin þurfi að horfa meira til þeirra hópa sem eru utan vinnumarkaðar, ekki bara atvinnuleitenda heldur líka þeirra sem hafa skerta starfsgetu, og reyna að huga að samfélagi þeirra allra og skoða lausnir, bæði til að efla atvinnulíf, auka verðmæti og bæta mannlíf.

Mér er mjög umhugað um að sveitarfélögin skoði hvort þau séu að þjóna öllum íbúum sínum

hvað atvinnu varðar, en auðvitað þarf ríkið og stofnanir á þess vegum að koma að því verkefni.“

Hjá Vinnumálastofnun er þessa dagana verið að hrinda af stað átaki sem ber heitið *Virkjum hæfileikana, alla hæfileikana*. Tilgangur þess er að efla atvinnu-miðlun við þá sem hafa skerta starfsgetu, meðal annars með því að hafa vegfátt þar sem vinnuveitendur geta skráð inn störf sem gætu hentað fólki með skerta starfsgetu.

Þuríðardagur

Guðrún Stella hefur mikinn áhuga á sögu og menningu eins og oft hefur komið fram.

„Við eigum svo einstaka landnámskonu hér í Bolungarvík, Þuríði sundafylli. Fimmtudaginn fyrir síðasta sjómannadag efndum við til Þuríðardags til að gera þeirri konu hátt undir höfði, sem seiddi fiskinn inn í Ísafjarðardjúp og skapaði þar með lífsbjörgina hér.

Við það tækifæri fékk ég sent þetta velkveðna ljóð um Þuríði sundafylli frá brottfluttum Bolvíkingi, Guðrúnu Sigurbjörnsdóttur:

Mátug af göldrum með eilífðarhjúp mest allra kvenna í sögunni í dag. Hún Kvíarmið setti og seiddi í Djúp stórfisk sem bjargaði bændanna hag. Og bændurnir borguðu með kollóttri á sem hún breytti í gull og kistuna setti. Í Óshyrnu merki um tröllid má sjá í mögnuðum Þuríðarkletti.

Ég vona að þessi dagur verði árlegur í tengslum við sjómanna-dagshelgina, og ef til vill ætti að

vera Þuríðardagur víðar við Djúpið en í Bolungarvík.“

Blúnduboð og naglaboð í athafnavíkunni?

Síðasta vor stofnuðu þær Guðrún og Soffía Vagnsdóttir líka fyrirtæki með heitinu Þuríður sundafyllir ehf. með það í huga að framleiða einhverja minjagripa tengda þessari merku landnámskonu.

„Við erum líka að skrifa barnabók um hana,“ segir Guðrún. „Kannski að maður bretti upp ermarnar og taki vinnurispú núna í athafnavíkunni sem stendur frá 17. til 23. nóvember, en í þeirri viku er líka sérstakur dagur helgaður frumkvöðlakonum, 19. nóvember.

Ég hvet alla Vestfirðinga að taka sig til í athafnavíkunni, láta verkin tala og framkvæma eitt-hvert hugarfóstur. Að minnsta kosti skrifa niður hugmyndir sínar, standa að einhverju samfélagsverkefni og efla tengslanetið sitt með því að koma saman. Það er aldrei að vita hvað slíkt gæti leitt af sér. Við Soffía stóðum í nokkur ár í athafnavíkunni fyrir *Blúnduboðum í Bolungarvík* fyrir konur til að hvetja þær til að huga að hugmyndum og atvinnurekstri.“

Og síðan spyr Guðrún Stella Gissurarðóttir hér í lokin hvort ekki sé bara kominn tími á fleiri blúnduboð til að hekla saman hugmyndir og naglaboð til hitta naglann á höfuðið, kveikja hugmyndir og finna leiðir til að hrinda þeim í framkvæmd!

– *Viðtal: Hlynur Þór Magnússon.*

Matsedill

Sími 456-3166



HAMRABORG

Pizzur / Pizza

	12"	15"
Margarita Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur	1.400	1.790
Frú Borghildur Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur og pepperoni	1.790	2.290
Gústa á Uppsölum Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur og skinka	1.790	2.290
Jóka stóra Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka, paprika og ananas	1.990	2.590
Frú Sigríður Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka, ananas, sveppir og laukur	2.150	2.790
Frú Þorbjörg Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni og sveppir	1.890	2.490
Frú Svane Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni og ananas	1.890	2.490
Palla ponta Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni, sveppir og gráðostur	1.990	2.590
Gulla Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka og ananas	1.890	2.490
Ósk Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka og sveppir	1.890	2.490
Anna í Hollywood Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka, ananas, paprika, tómatsneiðar og rjómaostur	2.550	2.990
Jósefína Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, skinka, pepperone, hakk, sveppir, paprika, laukur og ólífur	2.730	2.990
Gunna á höfninni Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, rækjur, túnfiskur, laukur og tómatsneiðar	2.150	2.790
Halla Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, gráðostur, cheddar, parmesan, piparostur	2.150	2.790
Stebba Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, paprika, tómatsneiðar, laukur, sveppir	2.150	2.790
Ólína Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni, rauðlaukur, jalapenó, græn paprika, svartur pipar	2.150	2.790
Frú Rut Pizzasósa, Gouda/mozzarella ostur, pepperoni, sveppir, piparostur	1.990	2.590
Hvítlauksbraud	1.400	1.660
Braudstangir	600	900

Pizza með:	12"	15"	12"	15"
1. álegg	1.790	2.290	2. álegg	1.890 2.490
3. álegg	1.990	2.590	4. álegg	2.150 2.790
5. álegg	2.550	2.990	6. álegg	2.730 3.420

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni





Sparnaður

Láttu sparnaðinn rætast

Settu þér skemmtilegt markmið og náðu því!

Við vitum að það getur verið erfitt að hefja reglulegan sparnað. Þess vegna höfum við einfaldað fyrstu skrefin í Netbankanum. Um leið og sparnaðurinn er orðinn hluti af föstum útgjöldum er eftirleikurinn miklu auðveldari.

Hvað hefur þig alltaf dreymt um að gera? Láttu sparnaðinn rætast!

Brúðkaupsafmæli aldarinnar



Kosningamál að efla áhaldahúsið

„Við teljum það mikilvægt fyrir sjálfsmynd og sálarheill samfélagsins að veita góða og öfluga þjónustu á sviði umhverfismála, og þar er áhaldahúsið fremst í flokki. Það á ekki að koma neinum á óvart að til standi að fjölga starfsmönnum áhaldahússins, enda var það eitt af kosningamálum Í-listans,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

„Það hefur fækkað í áhaldahúsinu á undanförunum árum, menn hafa hætt og ekki verið ráðið í þeirra stað, og það hefur verið kvartað undan ónógrri umhirðu um bæinn og við því þarf að bregðast. Við stefnum að því að auka getu áhaldahússins og fjölga starfsmönnum, með þeim fyrirvara, að það þarf að samþykka í fjárhagsáætlun,“ segir Gísli Halldór.

Bókun Gísla á fundi bæjarráðs á mánudag, þar sem hann sagði m.a. að aukning á starfsemi áhaldahúss hafi verið ítarlega rædd á fundi umhverfis- og framkvæmdamálanefndar, vakti furðu nefndarmanna Sjálfstæðisflokks, þeirra Kristínar Hálfðánsdóttur og Óðins Gestssonar. Þau segja að málið hafi ekki hlotið ítarlega umræðu í nefndinni.

„Þetta kom fram í kosningaráttunni í vor, enda var Marzellíus meðal annars með tillögu sinni að minna á að Í-listinn var með það sem kosningamál að efla áhaldahúsið,“ segir Gísli, og bendir á að á fundi umhverfis- og framkvæmdamálanefndar 11. september voru lögð fram gögn þar sem áætlanir um eflingu áhaldahússins komu fram.

Kynbundinn launamunur ekki til staðar

Niðurstöður launakönnunar starfsmanna Ísafjarðarbæjar leiddi í ljós að ekki er marktækur munur á launum kynjanna þegar skoðuð eru leiðrétt dagvinnulaun með tilliti til starfs, aldurs, yfirvinnu, símenntunarálags og persónuálags. Könnunin var unnin af Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri og var skýrsla um könnunina kynnt á fundi félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar.

Í fundargerð nefndarinnar kemur fram að úrtak könnunarinnar er frekar lítið sem gerir samanburð á launum erfiðan. Skýrslan er ekki aðgengileg almenningi þar sem í henni koma fram launagreiðslur og önnur málefni einstakra starfsmanna en kynning á niðurstöðum skýrslunnar verður aðgengileg innan fárra daga.

– smari@bb.is

islandsbanki.is

Netspjall

Sími 440 4000

Facebook

Íslandsbanki



ÞETTA ER EKKI RÉTTLÁTT!

**Fjárlagafrumvarpið 2015 er aðför að launafólki á Íslandi.
Fjöldi stéttarféлага á landinu hefur mótmælt
fjárlagafrumvarpinu harðlega í formi ályktana.**

Hækkun á matvælum

Hækkun á matarskatti er aðför að launafólki sem ver stórum hlutum tekna sinna til kaupa á brýnustu nauðsynjum.

Heilbrigðismál

Með meiri kostnaðarþátttöku vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu er gróflega vegið að hagsmunum sjúklinga og þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Menntamál

Fyrirheit um eflingu starfs-, verk- og tæknimenntunar eru svikin og möguleikar fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun til að sækja sér nám eru skertir verulega.

Jafnræði í lífeyrismálum

Skert framlög til jöfnunar örorkubyrða almennra lífeyrisjóða valda skertum lífeyrisgreiðslum til félagsmanna ASÍ.

Starfsendurhæfing

Niðurskurður til starfsendurhæfingar er aðför að fólki sem veikist eða slasast og þarf á starfsendurhæfingu að halda til að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Atvinnuleysistryggingar

Stytting bótatímabils er fordæmalaus aðför að atvinnulausu fólki og mun auka enn á fátækt í landinu.

Húsnæðismál

EKKI er gert ráð fyrir neinum auknum framlögum til að mæta miklum vanda í húsnæðismálum.

Skattalækkunarir

Ríkisstjórnin hefur að undanfögnu afsalað ríkissjóði tekjum fyrir tugi milljarða króna til að bæta hag þeirra ríkustu.



Fækkun í Þjóðkirkjunni en ágæt mæting í messur

Fjölmargar fréttir hafa birst á undanförunum árum um fjölda þeirra sem hafa skráð sig úr Þjóðkirkjunni. Fyrir stuttu var greint frá því að hlutfall landsmanna í Þjóðkirkjunni hefði lækkað um 14% frá aldamótum. Inga Rún Ólafsdóttir, formaður sóknarnefndar Breiðholtskirkju, segir í samtali við Ríkisútvarpið það vera mat sitt að starfið hafi breyst mikið í gegnum árin. Hefðir og fastir liðir séu þó ávallt á sínum stað þó kirkjan leggi sig fram um að tileinka sér fleiri leiðir en áður til að ná til fólks, þá ekki síst yngra fólks. „Kirkjan er stöðugt á tánum að reyna að þróa sína þjónustu og mæta fólkinu betur og nútímanum. Við verðum að gera það“, segir Inga Rún.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur hlutfall þeirra landsmanna

sem skráðir eru í Þjóðkirkjuna lækkað verulega frá aldamótum. Árið 2000 voru tæp 89 prósent þjóðarinnar skráð í Þjóðkirkjuna. Hlutfallið var komið niður í 75 prósent í byrjun þessa árs. Það þýðir að á sama tíma og landsmönnum hefur fjölgað töluvert hefur fækkað í Þjóðkirkjunni og þar eru nú um 3.000 færri en um aldamót. Fækkun í Þjóðkirkjunni á árunum 2006-2010 var að miklu leyti rakin til kynferðisbrota og viðbrögðum kirkjunnar í framhaldinu.

Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði segist ekki verða var við úrsagnir úr Þjóðkirkjunni í hans prestsumdæmi vegna þess að slíkt fer fram hjá Þjóðskrá. „Fólk er kannski ekki að koma til mín og segja mér að það hafi skráð sig úr kirkjunni,“ segir



Ísafjarðarkirkja.

Magnús. „Við sjáum bara tölurnar ársfjórðungslega og þá yfir landið. En það er svipuð mæting í kirkjuna og ágæt aðsókn í barna- og unglingastarfið.“

Magnús segir ennfremur að það hafi alltaf verið hópur fólks

sem hefði lítil tengsl við kirkjuna en hugsanlega væri sá hópur að átta sig á því núna að hann þyrfti ekki að vera skráður í þessa stofnun. „Sumir trúka kannski ekki og aðrir finna ekki fyrir tengslum við kirkjuna. Það geta verið

margskonar ástæður að baki úrsögnum fólks. En messurnar eru vel sóttar, sérstaklega á hátíðum. En það er samt alltaf nóg pláss fyrir alla, það er ekki vandamál,“ sagði presturinn sem er bara stundum með kúrekahatt.

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hafnarstræti 9 • 470 Þingeyri

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



PRYMUR HF. – Vélsmiðja

Suðurgata 9 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 3711

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Strandabyggð

Höfðagötu 3 • 510 Hólmavík

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur

Miðtúni 1 • 460 Tálknafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Reykhólahreppur

Mariútröð 5a • 380 Reykhólar

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Teiknistofan Eik ehf.

Suðurgata 12 • 400 Ísafjörður
s. 4560160 • www.teiknistofan.is

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Úlfar Önundarson

Drafnargötu 2 • 425 Flateyri

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Ljósmyndasafnið

Eyrartúni • 400 Ísafirði

Víð elskum jólin

Konukvöld

Fimmtudaginn 13. nóvember

í Húsasmiðjunni og Blómavali Ísafirði frá kl 19 til 21



Kynningar og
jólastemmning

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í BLÓMAVALI,
JÓLAVÖRU, GJAFAVÖRU AFSKORNUM BLÓMUM
OG POTTAPLÖNTUM.
EINNIG AF ÖLLUM JÓLALJÓSUM,
ÚTIVISTARFATNAÐI OG BÚSÁHÖLDUM.


blómaval



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

*AFSLÁTTUR gildir ekki af vörum merktum
Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Hvert liggur leið?
Nýtt nám í Borgarholtsskóla
 Framhaldsnám fyrir leikskólaliða - opnar leið í leikskólakennaranám



Upplýsingar í síma 856 1718 / thorkatla@bhs.is



Brýnt að bæta gönguskiðasvæði Ísfirðinga

Fossavatnsgangan hefur stækkað verulega á síðustu árum og brýnt að bæta gönguskiðasvæðið svo að hún geti haldið áfram að þróast. Skíðafélag Ísfirðinga og Fossavatnsgangan hafa sent framkvæmdaáætlun næstu tíu ára til Ísafjarðarbæjar og óskað eftir að bærinn leggi fjármagn til framkvæmdanna.

„Næsta vor koma fimm hundruð manns til að taka þátt í göngunni og 2020 geri ég ráð fyrir þúsund manns, svo það er brýnt að hugsa málin til framtíðar,“

segir Kristbjörn R. Sigurjónsson, einn forsvarsmanna Fossavatnsgöngunnar. Framkvæmdaáætlunin hljóðar upp á 108 milljónir króna fram til 2024. Þar er gert ráð fyrir að Ísafjarðarbær greiði þriðjung en vinnuframlag Skíðafélagsins og styrkir dekki tvo þriðju kostnaðar.

Kristbjörn segir að inni í framkvæmdaáætluninni sé kostnaður sem ekki tengist skíðasvæðinu beint heldur falli undir verkswið Vegagerðarinnar og Orkubús Vestfjarða.

Allt gistirými á Ísafirði er fullbókað í vor þegar Fossavatnsgangan fer fram. Kristbjörn hefur ekki áhyggjur af gistingu þegar fjöldi keppenda hefur tvöfaldaðast, eins og hann spáir að gerist innan nokkurra ára.

„Þetta eru fyrst og fremst erlendir keppendur sem eru vanir að taka þátt í svona mótum og erlendis er fólk vant því að keyra einn til einn og hálfan tíma á mótssstað, þannig að það er til dæmis hægt að gista í Reykjanesi.“
 – smari@bb.is

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Gámabílar í lögreglu- fylgd á Suðureyri

Hver einasti gámaflutningabíll sem fiskþurrkunin Klofningur ehf. á Suðureyri fær til að skipa út vörum fær lögreglufylgd hálfks kílómetra metra spöl í gegnum Suðureyrarþorp. Ástæðan er að bílarnir komast ekki að fiskverkunarhúsi Klofnings nema með því keyra gegn einstefnu í Aðalgötu vegna þess að þeir ná ekki krappri beygju.

Guðni Einarsson, framkvæmdastjóri Klofnings, segir að fyrirtækið sendi frá sér 1 til 2 gáma á viku, en uppáfallandi eru frekari flutningar, bæði til og frá Klofningi. „Þetta var látið afskiptalaust þangað til í vor þegar lögreglan fór að mæta,“ segir hann.

„Okkur er ekki heimilt að fylgja sjálfir bílunum og tryggja að ekki skapist óþæg-

indi eða hættu af flutningunum. Mér finnst það sérstakt að lögreglan þurfi að keyra frá Ísafirði, 23 km hvora leið, til að fylgja gámum 500 metra leið um fáfarna götu. Þetta kostar okkur stórfé því að lögreglan rukkar okkur fyrir þetta, en við erum bara nýlega farnir að fá reikninga,“ segir Guðni.

Klofningur fór þess á leit við Ísafjarðarbæ, að bærinn greiði þessa reikninga frá lögreglunni. Bæjarráð hafnaði því, en fól bæjarstjóra að vinna að lausn vandans í samvinnu við Klofning.

„Ég vil meina að það sé bæjarins að tryggja að flutningabílar komist í gegnum bæinn. Ég hef fulla trú á að þetta verði leyst og það er verið að leita lausna,“ segir Guðni.
 – smari@bb.is

TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ

Óskum Bæjarins besta, starfsfólki og Vestfirðingum öllum hjartanlega til hamingju með 30 ára afmæli blaðsins.



 **BOLUNGARVÍK**

Lýðræðið er hjarta allra framfara

Frjálst orð er þess slagkraftur



Súðavíkurreppur
450 5900 | sudavik@sudavik.is | www.sudavik.is



Mikilvægt að hafa staðbundinn öflugan fréttamiðil

Ég vil óska aðstandendum viku-blaðsins BB og fréttavefjar þess til hamingju með afmælið og þessi tímamót í 30 ára sögu blaðsins. Staðbundnum fjölmiðlum er víða haldið úti hér á landi. Hlutverk fjölmiðlunar á landsbyggðinni er íbúnum mikilvægt, hún gegnir fjölbættu hlutverki sem upplýsingamiðill, hún miðlar menningu og mannlífi staðanna og hefur einnig miklu lýðræðislegu hlutverki að gegna.

BB og fréttavefurinn hafa fyrir löngu náð útbreiðslu út fyrir Vestfirði og fest sig í sessi sem öflugur landsbyggðarfjölmiðill sem tekið

er eftir og hefur þróast mikið á undanförunum árum. Sterkir fjölmiðlar hafa vissulega áhrif á sitt samfélag og af þeim sökum er líka ábyrgð þeirra mikil að vanda vel til verka í allri umfjöllun um menn og málefni og hleypa ólíkum sjónarmiðum að í umfjöllun blaðsins. Mér finnst að blaðið hafi staðið sig að öllu jöfnu vel í því hlutverki, þó ég verði að viðurkenna, að stundum í kringum kosningar hafi blaðið orðið helst til blátt.

BB hefur vissulega sett svip sinn á samfélagið á Vestfjörðum og þjónað margvíslegum tilgangi.

Það er vandasamt verk að reka fjölmiðil svo öllum líki, væntingar og kröfur lesenda eru ólíkar og erfitt er að gera öllum til hæfis. Miðillinn verður að vera blanda af fróðleik, skemmtun og afþreyingu, en líka veita pólitískt aðhald hverju sinni og upplýsa mál frá öllum hliðum.

Ekki er hægt að segja annað en að afmælisbarnið geti litið stolt yfir farinn veg og horft bjartsýnt fram á við á þessum tímamótum. Það er líka hlutverk lesenda að koma því á framfæri til hvers er ætlast til af blaðinu og vefnum svo hægt sé að mæta eftirspurn



hverju sinni. Rannsóknir hafa sýnt að staðbundnir fjölmiðlar eins og BB hafa mikil áhrif á nærsamfélagið og því skiptir miklu að hafa haft aðgang og verið samferða vikublaðinu BB í 30 ár og vef þess síðustu 15 árin.

Ég vonast eftir því að blaðið og vefurinn haldi áfram að þjóna okkur Vestfirðingum og landsmönnum öllum og gæti vel að lýðræðishlutverki sínu. Ég þakka samfylgdina við blaðið og vefinn í öll þessi ár.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir,
sveitarstjóri Reykhólahrepps

Hefur í mínum huga afar jákvæða mynd

Ég óska þeim sem standa að Bæjarins besta til hamingju með áfangann. Í 30 ár hefur blaðið og síðan fréttavefur þess fært Vestfirðingum fréttir innan fjórðungsins og þar með átt stóran þátt í því að halda þeim upplýstum um málefni landshlutans. Þá hefur miðillinn einnig átt mikinn þátt í því að flytja fréttir frá Vestfjörðum yfir á landsvísi, með því móti að helstu fjölmiðlar fylgjast með honum. Fréttavefur Bæjarins besta hefur vissulega átt þátt í því að vekja athygli á Reykhólahreppi, oftar en ekki má rekja fréttir í stóru miðlunum til fréttar sem í upphafi var birt þar.

Ég er á þeirri skoðun að útgáfa á góðum landshlutamiðli eins og BB skipti miklu máli og sé mikilvægur hluti af því hvernig Vestfirðingar upplifa sig. Það er því einnig vandmeðfarið að gefa út blað sem BB. Eftir því sem ég get metið störf blaðamanna, þá hefur miðillinn í mínum huga



afar jákvæða mynd sem upplýsandi og fræðandi um Vestfirði, miðill sem skilur eitthvað eftir sig.

Mér þótti alltaf skemmtilegt að lesa BB þegar blaðið barst til okkar í Reykhólahreppi. Ég sakna þess, en ég kík á vefinn nánast daglega, mér finnst það orðið nauðsynlegur þáttur. Það skemmtilegasta sem mér þótti við blaðið sjálft var umfjöllunin um fólkið sem býr á Vestfjörðum.

ALLT Á EINUM STAÐ

Á pósthúsum finnur þú úrval af smávöru og íslensku sælgæti í gjafapakkann. Þú velur gjöfina, pakkar henni inn og sendir hana af stað í einum grænum – einfalt ekki satt!

Komdu og gerðu góð kaup!

SÆLGÆTI GJAFAYARA MINJAGRIPIR LEIKFÖNG SPIL BÆKUR

www.postur.is



ORKUBÚ VESTFJARÐA



**Óskum BB og Vestfirðingum öllum
til hamingju með 30 ára afmælið**



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Hver hefur efni á að taka ekki þátt í séreignarlífeyrissparnaði?

Með því að koma þér upp vænum séreignarlífeyrissparnaði til viðbótar innistæðu í samtryggingarsjóði, verndarðu þig og fjölskyldu þína gegn lækkandi launum við starfslok.

Nú er frádráttarbært iðgjald allt að 4% af launum.
Síðan greiðir vinnuveitandi 2% af launum í mótframlag.

Séreignarsparnaður er einhver besta sparnaðarleiðin sem býðst einstaklingum í dag.

Nú getur sjóðfélaginn notað sparnaðinn til að kaupa sér fasteign og greiða niður lán vegna fasteignakaupa á næstu árum.

Séreignasparnaður erfist og er allur laus til útborgunar við 60 ára aldur sjóðfélaga.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði Vestfirðinga geta nú skoðað réttindi sín í sjóðnum með því að sækja um aðgang að upplýsingum á heimasíðu sjóðsins www.lvest.is

**Vertu með
það borgar sig**

Lífeyrissjóður Vestfirðinga | Hafnarstræti 9 | 400 Ísafjörður | Sími 456-4233 | www.lvest.is | afgr@lvest.is

Ekur 520 kílómetra til vinnu

Senn líður að því að Hrafnseyrar- og Dynjandisheiðar lokist endanlega á þessu ári. Á milli heiðanna búa og starfa að jafnaði 3-4 menn allt árið, þ.e. við Mjólkár-virkjun í Arnarfirði. Verkefni þeirra er að sjá um daglegan rekstur í virkjuninni, viðhald og eftirlit. „Það getur verið ófært nokkra mánuði á ári en við reynum samt að fara í frí á níu daga fresti og þá í vikutíma. Við veljum þá daga sem hægt er að ferðast þannig að vaktakerfið er meira til viðmiðunar yfir vetrartímann,“ segir Þórarinn Þórarinnsson, starfsmaður í Mjólká.

Starfsmennirnir geta ekki verið með fjölskyldur sínar á staðnum þar sem enginn skóli eða önnur atvinna er á svæðinu. Póstbátur frá Bíldudal kemur einu sinni í viku en hann er aðal samgöngutæki starfsmanna. „Stundum er farið á vélsleða eða gangandi yfir Hrafnseyrarheiði og menn síðan sóttir til að fara í búð á Ísafirði. Svo er bara gengið með höldupokana yfir heiðina,“ segir

Þórarinn og bæðir við: „Nei, ég er bara að grínast, hann Jóhann vill ekki samþykkja þetta. Það er yfirleitt farið á vélsleðum. Við gerum ekki sérstakar ráðstafanir þegar veðurspáin er slæm en reynum alltaf að eiga einhverjar auka birgðir af mat og nóg af núðlum í skápnum. Maður reiknar alltaf með að eiga aðeins umfram.“

Þórarinn hóf störf í Mjólká í júní og þótti honum betra að Jóhann Pétur Pétursson yrði fyrir svörum þegar spurt var um veturinn. Jóhann Pétur býr á Suðureyri og þarf því að ferðast langa leið til vinnu þegar Hrafnseyrarheiðin er ófær. „Ég fór tvisvar á vélsleða síðasta vetur og tvisvar gangandi,“ segir Jóhann. „Annars keyri ég bara hringinn og tek pósthátinn frá Bíldudal. Þessa leiðina eru 520 kílómetrar milli Suðureyrar og Bíldudals. Síðan pöntum við mat í búðinni á Patreksfirði og tökum hann með okkur í bátinn.“ Jóhann segir að starfsmennirnir geri sér ýmislegt til



Starfsmenn í Mjólkár-virkjun ferðast sumir langar leiðir til að komast í frí.
dundurs yfir vetrartímann. hér áður sá um að halda refum og mink niðri og svo hefur búskapur verið hér frá upphafi sem sumir okkar sjá um. Menn reyna að finna sér eitthvað til undurs.“
Gott hljóð var í þeim Þórnari og Jóhanni Pétri þrátt fyrir að heiðarnar færu að lokast og kvöddu þeir með hlýjum orðum.
– sfg@bb.is

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

**Hárstofan
MARÍA**

Silfurgötu 6 • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hafnarstræti 9 • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hrannargötu 2 • 400 Ísafirði



Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Árnagötu 1 • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Hafnarstræti 9-11 • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni

JÓN OG GUNNA VERSLUN

AUSTURVEGI 2 • SÍMI: 456 3464

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Sindragötu 1 • 400 Ísafirði

Sendum BB hamingjuóskir á 30 ára afmælinu með ósk um farsæld í framtíðinni



Austurvegur 2 • 400 Ísafirði

ALLT SEM ÞIG LISTIR

ÁSTREKKTIR BLINDRAMMAR



ALLIR PENSLAR FRÁ WINSOR & NEWTON



JÓLALÍMMIÐAR



SKRAUTSKRIFTARPENNNAR YMSAR BREIDDIR OG LITIR



LÍMBÚTAR TVÍHLIÐA



**VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON**

Vildarverð: 671.-
Fullt verð: 839.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvalldagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 13. nóvember, til og með 15. nóvember. 5% vildarafsláttur gildir af öllum tilboðum nema þeim sem merkt eru „Vildarafsláttur“. Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

BB leiðandi frá fyrstu tíð

Héraðsfréttablaðið Bæjarins besta fagnar nú þrítugsafmæli sínu og vefur blaðsins er að verða 15 ára. Báðir þessir fjölmiðlar hafa sett sett svip sinn á íslenskt fjölmiðlaumhverfi svo eftir hefur verið tekið og mikilvægi þeirra er ótvírætt.

Gagnvart Blaðamannafélaginu hefur mikilvægi BB einkum birst í því frumkvöðlastarfi og elju sem miðillinn hefur sýnt varðandi það að halda landfræðilegri vídd í blaðamennsku. Allir stóru miðlarnir og meginþorri blaðamanna starfar og býr á höfuðborgarsvæðinu. Því var tilkoma óháðu héraðsfréttablaðanna á nýnunda áratug síðustu aldar mikilvæg, ekki hvað síst hvað varðar um-

fjöllun um nærumhverfi fólks á landsbyggðinni. Í þessari þróun var BB ávallt leiðandi frá fyrstu tíð.

Blaðið er afar mikilvægt fyrir mannlíf og samfélag á Vestfjörðum, landsvæði sem hefur öðrum landsvæðum fremur átt undir högg að sækja hvað varðar mannfjöldapróun og staðið frammi fyrir erfiðleikum í byggðafestu, atvinnu og samgöngum. Þannig hefur BB skipt Vestfirðinga sjálfa miklu máli, verið spegill nærsamfélagsins og helsta upplýsingaveita um málefni sem standa heimamönnum nálægt, en þykja oftast en ekki minna fréttæm á vettvangi landsmálablaðanna.

En BB hefur raunar líka verið

mikilvæg upplýsingauppspretta fyrir landsmiðlana á höfuðborgarsvæðinu og þannig verið augu og eyru þeirra á Vestfjörðum. Ófáar fréttir sem landsmenn hafa fengið að vestan eiga upptök sín í BB. Þetta hlutverk hefur orðið sífellt mikilvægara enda hefur sparnaður og hagræðing hjá landsmiðlunum oftast en ekki orðið til þess að áhersla á fréttir af landsbyggðinni hefur minnkað.

Vestfirðir eru að mörgu leyti óhentugt svæði til blaðaútgáfu vegna dreifðrar byggðar og ófærðar sem torveldar dreifingu. Vefurinn bb.is er því að mörgu leyti eðlilegt svar miðilsins við slíkri stöðu og frumkvöðlastarfið á þeim vettvangi hefur verið eink-

ar mikilvægt.

Þetta hefur skipt miklu fyrir Vestfirðingana sjálfa, sem hafa haft öflugan fréttavef sem tengist blaðinu sterkum böndum. Blaðið hefur hins vegar sett mannlíf og viðameira unnið efni í forgang og þannig hefur tekist að draga fram og nýta kosti þessara ólíku miðla, prentmiðilsins og netsins, að mörgu leyti. Netmiðillinn hefur vegna eðlis síns aukið áhrifin á landsmiðlana með fréttaumfjöllun sinni og þess utan náð til hóps brottfluttra Vestfirðinga, sem er mjög mikilvægur lesendahópur staðbundins fréttablaðs, en fullyrða má að fjöldi brottfluttra Vestfirðinga fari nánast daglega inn á bb.is.



Vissulega er lífsbarátta svæðisbundins miðils eins og BB er enginn dans á rósum, en starfið er mikilvægt og árangurinn hefur verið eftirtektarverður til þessa. Blaðamannafélagið óskar Bæjarins besta innilega til hamingju með þennan áfanga og vonast til að miðillinn eigi langt líf fyrir höndum.

Sunna Ósk Logadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu frá 1999 og nú fréttastjóri á mbl.is

Styrkurinn felst í nálægðinni

Á hverjum morgni þegar ég sest við tölvuna flakka ég milli nokkurra fréttamiðla, innlendra sem erlendra. Guardian, BBC, CNN, RÚV, mbl.is og bb.is. Þessir miðlar eru alltaf inni í morgunrúntinum mínum. Á meðan ég drekk fyrsta kaffibollann

drekk ég því líka í mig stórfréttir af heimsbyggðinni og einnig þessar skemmtilegu, fróðlegu og forvitnilegu fréttir af landsbyggðinni sem oft er m.a. að finna á vef Bæjarins besta.

Í mörg ár hefur ríkt mjög gott og gjöfult samstarf milli mbl.is

og Bæjarins besta. Þeir Halldór og Sigurjón hafa verið „okkar menn“ á Ísafirði og nágrenni og ávallt gott að leita til þeirra í stórum sem smáum málum sem ómögulegt er að sinna án þess að hafa menn á staðnum. Þeir eru báðir góðir ljósmyndarar og hafa



gott fréttanef – slík blanda er uppskrift að góðum og öflugum fréttavef – líkt og bb.is er.

Það er mjög gaman að sjá hversu öflugir margir héraðsmiðlar á Íslandi eru orðnir á netinu. Einnig er gaman að margir þeirra gefa enn út blöð reglulega, stundum mjög vegleg, t.d. í kringum bæjarhátíðir og jól.

Styrkur héraðsmiðlanna felst í nálægðinni við lesendurna. Margir erlendir fjölmiðlar hafa á síðustu árum farið þá leið að einbeita sér meira að einstökum hverfum borga og bæja, enda vill fólk vita

hvað er að gerast í þeirra nánasta umhverfi. Hvort sem það eru skipulagsmál, skólamál, heilbrigðismál eða skemmtilegar og áhugaverðar upptakur, þyrstir fólk í fréttir úr sínu hverfi – úr sinni heimabyggð.

Bæjarins besta er einmitt þannig miðill. Þar eru menn vakandi fyrir því að setja stórar ákvarðanir sem teknar eru fyrir sunnan í samhengi fyrir íbúa á Vestfjörðum.

Ég óska Bæjarins besta innilega til hamingju með afmælið og velfarnaðar í framtíðinni.

FPT bátavélar

20 - 825 hestöfl

Aflmiklar og eyðslugrannar
nútíma bátavélar

FPT Industrial
er handhafi viðurkenningarinnar
"The Diesel of the year 2014"
og fékk sömu viðurkenningu
á árinu 2008 frá hinu virta
alþjóðlega tímariti Diesel.

Vandaðu valið við
kaup á nýrri bátavél

Það er mikil fjárfesting að
kaupa nýjan vélbúnað.
Við reiknum út aflþörf,
hlutföll í gir og stærð á
skrúfu til að ná hámarksafli
og hagkvæmstu eyðslu.

Okkar
þjónustuaðilar
eru hringinn
í kringum landið

ÁSAFL

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

Sterk tenging þeirra sem fluttir eru burt

Bæjarins besta hefur alltaf verið sérstakt blað fyrir mér. Það var svo spennandi þegar maður var yngri að lesa viðtöl við vini, kunningja og aðra sem höfðu frá svo mörgu spennandi að segja úr umhverfi sem maður þekkti. „Pabbi, sjáðu hver þetta er!“ voru viðbrögðin þegar nýjasta forsiðan blasti við.

Ég hef aðeins einu sinni komið að dreifingu blaðsins, þá var ég í Grunnskólanum á Ísafirði. Ég ætlaði að leika við vinkonu mína sem sá um að ganga í hús með blaðið og ég bauðst til að fara með. Í ektu vestfirsku vetrarveðri brutumst við um og komum hverju blaði til skila.

Í dag er ekki minna gaman að lesa um fólkið á heima- og uppeldisslóðum. Blaðið er sterk tenging þeirra sem fluttir eru burt við svæðið þar sem allir þekkja eða tengjast á einhvern hátt.



Vefur blaðsins er ein af vefsíðunum í daglegri rútínu hjá mér. Ég er rosalega ánægð að sjá hvað ungt fólk er áberandi á vefnum, hvort sem er í fréttum eða greinaskrifum.

Við eigum 30 ára gamlan fjölmiðil sem er fyrir alla.



Kristján L. Möller, alþingismaður

Ómetanlegur styrkur að hafa slíkt blað

Bæjarins besta blað, eða jafnvel bæjanna besta blað. Þetta kemur upp í huga minn nú á 30 ára afmæli blaðsins og 15 ára afmæli fréttavefjarins. Sem landsbyggðarmaður og áhugamaður um eflingar landsbyggðarinnar og málefna hennar les ég blaðið alloft og kíkí alltaf á vefinn á nær hverjum degi til að fá vestfirskar fréttir og til að fylgjast með vestfirskri umræðu.

Blaðið er eitt það allra besta að mínu mati af öllum héraðsfréttablöðum, líflegt og vel uppsett og síðast en ekki síst með fallegum og skýrum myndum.

Það er ómetanlegur styrkur hvers bæjar og landshluta að hafa slíkt blað og mega Vestfirðingar vera afar stoltir af sínu blaði,

sem gefið hefur verið út í svo langan tíma og fært fólki fréttir og krufið mál til mergjar. Þetta er ekki sjálfgefið og þessa njóta ekki mörg sveitarfélög í landinu.

Þetta hefur tekist með samstilltu átaki og síðast en ekki síst viðtökum lesenda, en það þarf fleira til, nefnilega áhugasama og hafa blaðamenn og eigendur sem hafa áhuga á vestfirskum málefnum og þekkja þau vel. Þetta er grunnurinn að mínu mati og þetta hefur BB haft alla tíð.

Ég óska aðstandendum blaðsins og Vestfirðingum öllum til hamingju með afmælið og langa farsæla útgáfu og hvet Vestfirðinga til að fylgja sér á bak við blaðið um ókomin ár.



Sendum BB
hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk
um farsæld í framtíðinni

»» 3X Technology • Sindragata 5 • 400 Ísafjörður • Íceland
www.3xtechnology.com • Tel: +354 450 5000 • Fax: +354 450 5009



Sendum BB
hamingjuóskir
á 30 ára afmælinu
með ósk um farsæld
í framtíðinni



Gamlir blaðamenn

Tók því fjarri að gerast blaðamaður á Bæjarins besta

Hlynur Pór Magnússon

Eins og Bæjarins besta er eitt af elstu héraðsfréttablöðum landsins sem enn lifa er ég væntanlega einn af elstu héraðsfréttamönnum landsins sem enn lifa. Senn eru þrír áratugir liðnir frá því að ég byrjaði á þeim vettvangi vestur á Ísafirði – sem blaðamaður á Bæjarins besta. Þá voru reyndar nærri tveir áratugir frá því að varð blaðamaður á Morgunblaðinu þar sem ég vann um skeið þegar ég var í skóla. Þetta sýnir mér hvað ég er orðinn gamall.

Haustið 1985 kom ég til kennslustarfa við Menntaskólann á Ísafirði. Minn ævinur og samstarfsmaður lengi áður á Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Björn Teitsson skólameistari, nuddaði í mér þá um sumarið að koma vestur og kenna hjá sér einn vetur. Og það varð úr að ég færi vestur og yrði einn vetur.

Hann reyndist nokkuð langur.

Þegar leið að vori hringdi til mín Sigurjón J. Sigurðsson á Bæjarins besta og falaðist eftir starfskröftum mínum þá um sumarið. Sagðist hafa heyrt að ég hefði reynslu af blaðamennsku.

Í fyrstu tók ég þessari mála-leitan fjarri. Sagði að nauðsynlegt væri fyrir blaðamann á héraðs-miðli að vera gjörkunnugur fólki, fyrirtækjum og málefnum á því svæði sem fjallað væri um, og það væri ég vissulega ekki. Sigurjón lét sig ekki og ég kom til vinnu á Bæjarins besta vorið 1986 og var þar fyrsti blaðamaðurinn í fullu starfi. Áður hafði Snorri Grímsson verið þar um tíma í hálfu starfi og jafnframt fyrsti blaðamaðurinn sem ráðinn var til Bæjarins besta.

Síðan var ég í fullu starfi á

Bæjarins besta næsta árið, allan veturinn jafnframt fullri kennslu. Um vorið fékk ég besta og klárasta nemandann minn í Menntaskólanum á Ísafirði á þeim tíma (að öllum öðrum ölöstuðum), Vigdísí Jakobsdóttur, til þess að verða liðsauki á Bæjarins besta.

Næsta áratuginn var ég við blaðaskrif á öðrum vettvangi. Meðal annars var ég um átta ára skeið ritstjóri Vestfirska fréttablaðsins sáluga. Samkeppnin milli Vestfirska og Bæjarins besta var hörð enda sama vörutegund í boði á litlum markaði. Þarna lenti ég í samkeppni við mína vini og fyrrverandi yfirboðara á Bæjarins besta, Sigurjón J. Sigurðsson ritstjóra og Halldór Sveinbjörnsson prentmeistara og ljósmyndara. Í kannski tvö eða þrjú skipti hvessti eitthvað milli blaðanna á síðum þeirra en

ástæðum þeirra sviptivinda er ég löngu búinn að gleyma, sem betur fer. Þær rokur höfðu hins vegar engin áhrif á góð persónuleg samskipti okkar alla tíð.

Svo var það aftur fyrir rúmlega hálfum öðrum áratug sem ég fór að vinna á ný fyrir Bæjarins besta. Mig minnir að árið 1998 hafi ég skrifað opnuviðtöl eða forsíðuviðtöl í flest tölublöðin. Þetta gerði ég með fullri kennslu og vann yfirleitt aðfaranætur mánu-daga meira og minna til að geta skilað viðtölunum að morgni áður en ég færi að kenna. Þá var ég yngri og úthaldsbetri en síðar hefur orðið.

Svo gerðist ég fastur starfsmaður Bæjarins besta á ný, líklega vorið 1999. Ég var í fastri vinnu á Bæjarins besta og síðan jafnframt á bb.is fram á árið 2003 þegar ég sagði mig lausan sakir

annarra viðfangsefna. Samt hef ég alla tíð síðan verið mjög tengdur blaðinu og vefnum. Þrátt fyrir brottflutning fyrir tæpum áratug hef ég skrifað fjöldann allan af viðtölum fyrir Bæjarins besta og geri enn. Iðulega hef ég líka hlaupið undir bagga með fréttaskrif á bb.is vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og geri enn.

Enn liggur Sigurjón vinur minn á Bæjarins besta á mér að skrifa viðtöl fyrir blaðið. Mér finnst sjálfum að ég sé löngu útrunninn í þeim efnum og þetta sé lítið annað en klisjuvinna hjá mér. Enda á ég langlengstan starfsaldur allra að baki á Bæjarins besta, ef undanskildir eru stofnendurnir Sigurjón og Halldór. Þeir eru að vísu miklu yngri en ég.

Ég þakka þeim félögum innilega fyrir samstarfið öll þessi ár. Jafnframt hugsa ég með mik-

Er ekki eitthvað að koma?

Kristinn Hermannsson

Það verður að segjast alveg eins og er, að ég á afskaplega góðar minningar frá starfinu á Bæjarins besta. Auðvitað er fyllsta ástæða til að taka allri fortíðarrómantík með vissum fyrirvara, en það er ekki svo langt um liðið, að ég tel mig fullfæran um að vitna þar um.

Auðvitað er bölvað basl að vera blaðamaður á héraðsfréttablaði. Það er þess eðlis að þar sinna fáir einstaklingar fjölbreyttu starfi og talsvert umfangsmiklu. Mætti eiginlega kalla það ólympíska blaðamennsku, því það er nánast skrifað undir skeiðklukku – sem hefur sína kosti. Úr því verður afskaplega stöðugt og gott vinnuumhverfi. Þrjár fréttir milli átta og hálf tíu. Þá bolli af Yogi afeitrunartei (sem var einhvers staðar á óljósum mörkum þess að vera háð og í tísku). Síðan tvær fréttir til tólf og þá hádegismatur (sjötta frétt dagsins þarf að vera langt komin til að geta klárast strax eftir mat). Þannig er

um að gera að kýla á það.

Ef eitthvað klikkar, þá gildir að gera betur næst. Algjör draumur fyrir fólk eins og mig, sem getur auðveldlega hugsað um eitthvað í viku, ef nægur er tíminn. Reyndar hefur mig oft síðan langað til að semja við Sigurjón ritstjóra, hvort hann væri ekki til í að reka á eftir fyrrverandi starfsmanni. Það væri ljómandi gott að fá nokkur símtöl á dag: „Er ekki eitthvað að koma?“ En í asanum felst mikið frelsi. Það er heilmargt sem er ekki hægt að hafa áhyggjur ef tíminn er knappur.

Vandi héraðsfréttablaða (og reyndar landspressunar líka) er að sömu einstaklingarnir fjalla um geysilega margar hliðar mannlegrar tilveru. Þetta er náttúrulega mjög skemmtilegt fyrir blaðamennina, sem fá að setja sig inn í afskaplega fjölbreytt viðfangsefni, en ekki alltaf kjörið. Þá er mikill kostur að starfa í samfélagi

með langri hefð fyrir blaðaútgáfu þar sem viðmælendur eru fúsir til að útskýra og segja frá viðfangsefnum sínum, sem blaðamenn hafa ekki endilega mikinn skilning á. Svo eiga blaðamenn sína verndarvætti sem óbeðnir senda, svo lítið ber á, gagnlegar athugasemdir um málfar og ýmis tæknileg atriði.

Auðvitað er langauðveldast og þægilegast að skrifa um eitthvað sem maður sjálfur þekkir og skilur. Tala við fólk sem maður tengir auðveldlega við. Það er ágætt þegar þarf að láta hlutina ganga í amstri hversdagsins.

En e.t.v. er minnistæðast það sem kom á óvart. Að sjá nýja hlið á fólki, eða málum sem maður hafði ekki kveikt á áður. Þannig er mér t.d. afskaplega minnstætt viðtal sem ég átti við Ingibjörgu heitina Björnsdóttur frá Kleifum um lífið í Skötufirði á 6. og 7. áratugnum. Í þessum efnum hafa orðið mjög


hraðar breytingar. Mína tíð hefur verið lítil byggð í Djúpinu – ég hef alltaf skynjað svæðið sem landslag. En það eru einungis fáir áratugir síðan þar var mikil menning og það opnaði algjörlega nýjan heim fyrir mér að heyra þær sögur. Reyndar hefur þessum lífsstíl verið haldið ágætlega við á Skotlandi í gegnum svokallaðan „crofting“ búskap, en það er önnur saga.

Sumt sem var til umfjöllunar á litlu héraðsfréttablaði varðar enn heimsbyggðina. Þannig situr í mér viðtal við Herdísí Hübner, kennara á Ísafirði, um innrás viljugra þjóða sem þá var yfirvofandi í Irak. Það verður að viðurkennast, að ég hafði afskaplega litla tilfinningu fyrir þessu máli og fannst ekki aðkallandi áhyggju-efni að einræðisherra suður í löndum yrði settur af með hervaldi. Herdís er aftur á móti í stöðu, sem fæstir Íslendingar þekkja. Faðir hennar var kvaddur

í þýska herinn tæplega 17 ára til að berjast í seinni heimsstyrjöldinni. Þannig er stríð með beinum hætti í minni fjölskyldunnar og þannig skein í gegn persónuleg innsýn í það hversu háskaleg stjórnmál hernaður er. Innsýn sem kemur iðulega ekki fram í hetjubíómyndum þar sem góðu kallarnir vinna.

Oftar en ekki var þó líf blaðamanna (og alveg sérstaklega kaffipásur) á afskaplega léttum nótum. Vinnustaðurinn var ekki mjög formlegur og ekki tilteknar kröfur um hegðun, atferli og framkomu, svo lengi sem fólk sinnti sinni vinnu. Sem hefur vissa ókosti, því það er lítil tilbreyting í óformlegum föstudegi ef fólk er óformlegt hvort eð er alla vikuna. Til að leysa þetta vandamál tókum við Hálfðán Bjarki Hálfðánsson okkur saman um að sinna störfum okkar með bindi og gátum þannig notið óformlegra föstudaga. Það var

rifja upp...



illi virðingu og þakklæti til hinna mörgu auk þeirra sem ég hef unnið með á Bæjarins besta, bæði

blaðamanna og starfsfólks í prentsmiðju og í umbroti og öðrum verkefnum.



mjög ánægjulegt.

Á sínum tíma fannst mér ég vinna hjá afskaplega rótgróinni stofnun, en síðan hefur hún elst um helming. Tíminn líður ótrú-

lega hratt, en Bæjarins besta hefur elst vel. Ég óska eigendum og starfsmönnum til hamingju með tímamótin og hlakka til að fylgjast með afmælisbarninu dafna.



Landsbankinn

Sendum BB
hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk
um farsæld í framtíðinni

Sendum BB
hamingjuóskir á 30 ára
afmælinu með ósk
um farsæld í framtíðinni



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
410 Hnífsdal - Iceland - Sími: 450 4600 - Fax: 456 3624 - e-mail: hg@frosti.is



Gamlir blaðamenn rifja upp...

Unnið hjá Bæjarins besta

Haukur S. Magnússon

Nú eru liðin slétt fimm ár síðan ég ritaði síðast hugleiðingu um líf, leik og störf hjá héraðsfréttamiðlinum Bæjarins besta í tilefni af stórafmæli hans, og rúm tólf síðan ég sagði þar upp og hélt suður til heimspekináms – eftir hálf tveim árum og vel það á kontórnum.

Þrátt fyrir að ferill minn hjá Bæjarins besta hafi verið helst til snaggaralegur, þá eru þeir sex plús mánuðir sem ég eyddi þar á skrifstofunni sennilega þeir mikilvægustu á mínum starfsferli. Ég skal útskýra af hverju:

Ég hef haft annan fótinn (jafnvel báða) í fjölmiðlun nær allar götur síðan ég lauk störfum á BB; oft sem blaðamaður og skrifent, oftast sem ritstjóri. Sem ritstjóri hef ég lengst af haft umsjón með mun stærra starfsliði en því er var á að skipa á BB, og jafnan hefur útgáfustarfsemin verið ívið umfangsmeiri (í það minnsta á borði) en sú sem tíðkaðist á héraðsfréttamiðlinum góða í mína daga. Einhver gæti ímyndað sér að svoleiðis væri allt öðruvísi en að vinna hjá Bæjarins besta.

En það er það ekki.

Satt að segja líður varla sá dagur að ég grípi ekki til einhvers sem ég lærði við störf mín hjá Bæjarins besta; af Sigurjóni, Halldóri, Hlyni, Hálfadáni Bjarka

og öðrum sem komu við á Sól-götunni lengur eða skemur meðan ég var við vinnu þar. Þar gæti ég nefnt ýmislegt, en ætli sé ekki best að draga það saman í tvo eða þrjá auðmelta punkta:

– **Ef það þarf að gera eitt hvað, þá gerir maður það bara** (og maður vinnur kannski bara lengur til að gera það, og maður sleppir kannski að skrifa á sig tímana sem tók að gera það, því manni finnst vandræðalegt að vera ekki fljótvirkari). (Dæmi: Mér var oftast en ekki falið að taka ljósmyndir með fréttum og jafnvel forsíðuvíðtölum. „En ég er enginn ljósmyndari,“ sagði ég. „Taktu þá bara nógu margar myndir,“ var jafnan viðkvæðið, „við hljótum að hafa eina eða tvær nothæfar upp úr krafsinu“).

– **Það eru engar reglur, það er engin tímaritslöggá.** Ef maður fær góða hugmynd framkvæmir maður hana bara eftir fremsta megni og bestu getu (Dæmi: Ég sá um að gera fylgiskönnun fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2002. Hún fór þannig fram, samkvæmt fyrirmælum ritstjórnar, að ég valdi handahófsnúmer úr símaskránni, hringdi í þau og spurði fólk hvað það ætlaði að kjósa. Fékk nokkra vini með mér í lið. Þetta er síst vís-

indaleg nálgun – félagsfræði- og tölfraðikennurum mínum við MÍ hefði líklega blöskrað aðferðafræðin, miðað við hvað þeir reyndu að kenna mér. Burtséð frá því var spáin merkilega nærri útkomunni, ef ég man rétt).

– **Fjölmiðlun snýst um samfélag.** Og ef maður ætlar að stunda svoleiðis verður maður að finna sitt samfélag, og sinna því svo af elju, natni og athygli. Bestu fjölmiðlarnir, *lifandi fjölmiðlar*, orka meira eins og málþípa fyrir samfélagið allt til að skiptast á skoðunum og hugmyndum, frekar en ræðupúlt hvar predikað er yfir múginn.

Og þannig mætti lengi telja.

Ég hef víða komið frá því ég lauk störfum á BB og meðal annars heimsótt ritstjórnarskrifstofur einhverra virtustu dagblaða og tímarita heims. Og nánast hvar sem ég hef komið hef ég furðað mig á því hvað það þarf marga starfsmenn til að gera þessi blöð (þar á meðal það sem ég stýri). „Iss, Sigurjón myndi reka alla nema þrjá, láta þá gera átta fréttir á dag á mann og tvö, þrjú víðtöl á viku og segja það gott. Greinilega bara lettingjar sem vinna hérna.“

Nú skal ég ekki segja hvort það er rétt, en ég get hinsvegar



fullyrt að fáir fjölmiðlar sem ég hef komist í tæri við gera jafn miklar og ítarlegar kröfur til síns starfsfólks og Bæjarins besta á Ísafirði. Og fáir fjölmiðlar sem ég hef komist í tæri við hafa á að skipa jafn duglegu, hæfileikaríku og umhyggjusömu starfsfólki.

Takk fyrir mig, BB. Ég hlakka til að skrifa pistil í sextíu ára afmælisheftið!

Haukur Sigurbjörn útskrifaðist loksins með BA úr heimspeki í fyrra. Hann býr í Filadelfíu, PA,

USA, hvar hann fjar-ritstýrir tímaritinu Reykjavík Grapevine (sem kemur út í 25.000 eintökum, aðra hvora viku á sumrin, mánadaglega yfir vetrartímann) og sinnir öðrum ritstörfum. Honum hefur aldrei tekist að fá viðlíka nyt úr neinum starfsmanni og Sigurjóni J. Sigurðssyni tekst að fá úr sínum, en hann þorir líka aldrei að hringja í liðið og æpa það til dáða, eins og Sigurjón gerði. Hann þarflíklega að læra það við tækifæri.

Blaðamannabúsinn

Vigdís Jakobsdóttir

Ætli kjörbókarritgerðir og ræðuskrif fyrir tvær Morfiskeppnir hafi ekki verið sú reynsla mín sem komst næst blaðamennsku þegar ég var að klára fyrsta bekk í menntó. Jú, og svo hafði ég farið í starfskynningu til Páls Ásgeirs á Vestfirskra fréttablaðinu, þegar ég var í 9. bekk. Þar hafði ég fengið að spreyta mig á spurningu vikunnar og á því að taka saman aflatölur.

Að segja að ég hafi verið blaut á bak við eyrun þegar ég hóf störf sem blaðamaður á BB síðla vors 1987 eru því engar ýkjur.

Á þessum tíma var verið að gera tilraun með það að gefa blaðið út tvisvar í viku, sem kallaði á meira efni og vinnu. Einhverra hluta vegna hafði Hlynur Þór Magnússon, íslenskukennarinn

minn í MÍ, trú á því að ég myndi valda því að skrifa fréttir og mælti með mér við Sigurjón og Halldór.

Ég var ráðin sem nokkurs konar lærlingur Hlyns Þórs síðla vors. Hann var blaðamaðurinn með stóru B-i, sem hafði svolítinn einkakontór inn af prentsmiðjunni í Neðsta og skrifaði fréttirnar á glænýja Amstrad ritvinnsluvél. Ég fékk hins vegar úthlutað stól við ofvaxið skrifborð inni í setjaraherbergi með aðgang að rafmagnsritvél. Ég man samt ekki betur en að fyrstu fréttirnar mínar hafi flestar farið handskrifaðar til Hadda setjara.

Ég var sett í smáfréttirnar til að byrja með. Eitt fyrsta verkefnið var að fara út á flugvöll þar sem bæjarstjórnin Haraldur Línadal var að halda tölu (ég man

ekki lengur hvert tilefnið var). Ég þekkti Harald ekki í sjón og neyddist til að spyrja þann sem stóð við hlið mér hver þessi maður væri. Vandræðalegt fyrir unga blaðamanninn, svo ekki sé meira sagt.

Ekki voru nema um tvær, þrjár vikur liðnar frá ráðningu minni og skólaárinu raunar bara rétt að ljúka þegar sló í brýnu milli Hlyns og Sigurjóns, sem endaði með hurðarskelli og uppsögn blaðamannsins. Hlynur hafði verið haldreipið mitt. Mentorinn sem ég gat gengið að stuðningi hjá. Alfræðiorðabókin mín og stafsetningargúrú. Skyndilega var staðan breytt og ég stóð ein eftir.

Tvö blöð á viku og enginn til að afla fréttar, skrifa þær og prófarkalesa lengur, nema bólugrafni



Gamlir blaðamenn rifja upp...

17 ára unglingurinn og Sigurjón ritstjóri, sem hafði í ótal mörg önnur horn að líta. Sennilega gekk erfiðlega að finna annan blaðamann í stað Hlyns Þórs. Að minnsta kosti var afráðið að ráða ekki í staðinn fyrir hann heldur skyldum við Sigurjón skrifa blaðið um sumarið. Tilrauninni með tvö tölublöð á viku var hætt og

horfið aftur til eins tölublaðs á viku.

Þannig kom það til að ég fékk Amstradinn og einkakontórin og varð blaðamaður með stóru B-i sumarið eftir fyrsta bekk í menntó.

Eftirminnilegasta frétt þessa sumars var án nokkurs vafa bruni gömlu kirkjunnar í lok júlí. Ég

man eftir ábyrgðartilfinningunni sem fylgdi því að skrifa um svo viðkvæmt efni. Tíminn sem við fengum til að vinna þá frétt var líka afar knappur og spennustigið hátt. Ég man líka að við fengum tiltal úti í bæ fyrir að beita full grafískum lýsingarorðum um ástand kirkjunnar innandyrna, sem þótti víst ekki viðeigandi í skrif-

um um helga byggingu. Þessar lýsingar myndu tæpast vekja sömu viðbrögð nú.

Fram til dagsins í dag hef ég búið að þeirri dýrmætu reynslu sem ég hlaut sumarið '87 og raunar fleiri sumur síðar á BB. Að rifja hana upp nú fær mig til að hugsa um mikilvægi þess að ungu fólki sé treyst fyrir krefjandi

verkefnum svo þau megi eflast og taka út þroska. Hjá BB fékk ég í raun öflugt starfsnám sem ég get með sanni sagt að ég hafi búið að alla tíð. Ég þakka Hlyni Þór og ritstjórn blaðsins fyrir þá gjöf og óska blaðinu hjartanlega til hamingju með 30 ára afmælið.

Afmæliskveðja frá Rúsinunni í Pylsuendinum

Thelma Hjaltadóttir

Það var vorið 2004 sem ég fékk að spreyta mig sem blaðamaður á Bæjarins besta. Þá alger jómrú í faginu, blaut á bak við eyrun og með hjartað í buxunum. Á þeim tíma hafði ég ekkert unnið nema hluta- og sumarstörf frá fæðingu barna minna, en eldri sonurinn var um þetta leyti að feta sín fyrstu spor í grunnskóla.

Ekki veit ég hvað varð til þess að Sigurjón ákvað að gefa þessari óreyndu stúlkukind séns, en til allrar hamingju gerði hann það. Mig grunar að það hafi eitthvað að gera með að í starfsumsókninni minntist ég á handritið að barnabókinni sem ég var búin að reyna í dágóðan tíma að gefa út. Í dag, tíu árum seinna, er það enn óútgefið og safnar ryki uppi í skáp, en ef það varð til þess að ég kom fætinum inn um dyrnar hjá BB, þá hefur það þjónað sínum tilgangi.

Ég starfaði hjá héraðsmiðlinum góða í átta ár og var það mikill skóli fyrir mig. Það var ótrúlega skemmtilegt að starfa við það að spjalla við fólk alls staðar á Vestfirðum og fræðast um mál sem ég hefði líklegast aldrei annars vitað neitt um. Ég kynntist ótalmörgu góðu fólki í gegnum starfið og upplifði samfélagið á nýjan hátt. Augu mín opnuðust fyrir því hvað Vestfirðingar eru ótrúlega þrautseigt, hugmyndaríkt og framkvæmdaglatt fólk. Eflaust fær fólk klökkadhar hugmyndir á hverjum degi, en Vestfirðingar láta þær verða að veruleika. Að því komst ég berlega á mínum blaðamannsferli. Nánast vikulega féllu menni í skaut fréttir sem gerðu mann stoltan af vestfirska blóðinu í æðunum.

Oft á tíðum var mikill hasar á blaðinu, þar sem það er ekki auð-

veldasta verk í heimi að finna fréttir til að fylla heilan dag á vefmiðli sem aðeins fjallar um eitt landsvæði. Það tókst ótrúlega vel, þó svo að oft hafi maður gripið til örþrifaráða til að fylla fréttakvótann ógurlega. Sumar fréttir jöðruðu við mörkin að geta kallast fréttir og minntu frekar á færslur á Facebook. Kallaði það ósjaldan á háðsglósur og stríðni frá félögunum er slíkar „fréttir“ birtust.

Efst er mér í minni fréttin „Fluga í frostbardaga“ sem sagði frá flugu á glugga sem náðist á mynd á vefmyndavél Snerpu á Hótel Ísafirði í októbermánuði, en hinum megin við glerið var allt alhvítt og vetrarlegt. Spáðu ófáir vina minna, í gríni að sjálf-sögðu, að ég myndi vinna Pulitzer-verðlaunin fyrir þann fréttalutning.

Ekki vakti það síður kátínu þegar ég gerði glappaskot og fljótfærnisvillur, sem var ósjaldan, enda mér í blóð borið (væntanlega Hornstrandablóðið margrómada) að vinna eins og á akk-órði og skila verkinu sem allra fyrst svo hægt sé að takast á við það næsta. Í blaðamennsku er hins vegar mjög mikilvægt að læra að gefa sér tíma til að lesa verkið yfir með ró og yfirvegun, þó svo að það liggi á birtingu. Á þessu klikkaði ég margoft og fyrir vikið birtust margar skemmtilegar, og auðvitað aðrar óskemmtilegar, fljótfærnislegar klaufavillur.

Mín uppáhaldsskyssa var þegar ég sá um sælkeradálkinn víðfræga og pikkaði upp, eftir uppskrift á blaði, að hræra ætti ísinn með slefi og bera svo fram með þreytum rjóma. Vona ég innilega að enginn hafi farið bókstaflega eftir þeim leiðbeiningum, en ef



svo er þá nota ég tækifærið hér til að biðjast afsökunar.

Einnig er mér mjög minnistætt þegar ég tilkynnti óafvitandi um mannslát í beinni útsendingu, ef svo má að orði komast, en til allrar hamingju voru fregnir af því láti stórlega yktar rétt eins og hjá Mark Twain forðum daga. Þannig var mál með vexti að ég var að tala við skipstjóra nokkurn í gegnum NMT-síma með tilheyrandi skruðningum og látum. Viðkomandi var að ferja fyrrum bandaríska hermenn sem voru að vitja gamalla slóða og snúa aftur til radarstöðvarinnar sem byggð var á Straumsnesfjalli um miðbik síðustu aldar. Ég náði að toga nægar upplýsingar upp úr skipstjóranum til að skrifa smá fréttarkorn, meðal annars hver hefði verið lykilmáður í samskiptum milli heimamanna og Kana á sínum tíma. Kann ég nú ekki við nafngreina manninn aftur og minna hann á mistök mín og nota því hér gervinafn í

staðinn, en í gegnum lélega sambandið og lætin í bátnum heyrðist mér skipstjórinn segja: Jón heitinn Sigurðsson. Og setti ég það í fréttina, en einungis örfáum mínútum eftir birtingu á vefnum urðu símalínurnar rauðglóandi þar sem fólk hringdi inn og hváði hvað væri að ske, þar sem Jón væri sprelllifandi eftir bestu vitneskju. Sumir sögðust skjálfraddaðir hafa hitt hann þá um morguninn og voru því felmt-ri slegnir yfir fregninni. Þá hafði skipstjórinn sagt: Jón heitir hann Sigurðsson, og mér misheyrst svona illilega.

Ekki voru það einungis félagarnir sem stríddu mér góðlátlega á mistökum mínum, heldur voru ýmsir af samstarfsmönnum mínum miklir stríðnisþúkar. Enn í dag kalla sumir þeirra mig Rúsinuna, en það viðurnefni festist við mig eftir að forsvarsmaður félags sem ég komst ekki á blaðamannafund hjá svaraði afsökunarbeiðni minni á þennan hátt:

„Elsku rúsinan mín! Hafðu engar áhyggjur, ég sendi þér bara fréttatilkynningu.“

Þessi kveðja fannst þeim Hálf-dáni Bjarka Hálfðánssyni og Smára Karlssyni óborganlega fyndin og tóku því upp þetta gælunafn á mér. Í kjölfarið fékk skrifstofan mín heitið Pylsuendi og svo það færi nú ekki framhjá neinum setti Hálfðán Bjarki, sá tröllvaxni maður, merkimiða fyrir ofan dyrnar með heitinu feitletruðu. Miðinn var svo hátt uppi að ég gat með engu móti náð honum niður. Þar við sat að ég var Rúsinan í Pylsuendinum á BB mánuðum saman.

Nú er mitt kærna BB orðið þrí-tugt og fagna ég því innilega. Vestfirðir væru ekki samir án þessa þrautseiga héraðsmiðils, rétt eins og Bæjarins besta hefði ekki náð þessum háa aldri án sinna dyggu lesenda. Aðstandendum sendi ég mínar bestu hamingjuóskir með áfangann. Lengi lifi BB, hipp hipp húrur!

Erfitt en þakklátt starf

Svava Björg Þorsteinsdóttir hefur lært mikilvæga lexíu lífsins í erfiðu starfi sínu sem hjúkrunarfræðingur – að lifa í núinu. Hún á að baki mikla reynslu við hjúkrun krabbameinssjúkra, sem hún segir vera erfitt en gefandi starf. Þá hefur hún einnig lært til djákna, sem hún segir að miklu leyti felast í sálgæslu. Blaðamaður Bæjarins besta fékk Svövu til að segja frá starfinu, djáknánáminu og ævintýraþránni, sem varð til þess að hún hefur búið bæði í Litháen og Namibíu.

Rauð eyðimörk og villt dýr í Namibíu

Svava flutti aftur á Ísafjörð fyrir rúmu ári ásamt eiginmanni sínum Snorra Sigurhjártarsyni og þremur dætrum, þeim Sonju Katrínu, Dagnýju Björgu og Agnesi Þóru.

„Þetta er í þriðja sinn sem ég flyt vestur – allt er þegar þrennt er,“ segir Svava og hlær, þegar hún er spurð út í búferlaflutninginn. „Ég kom hingað fyrst 1995, þá nýútskrifaður hjúkrunarfræðingur. Ætli það hafi ekki verið einhver ævintýraþrá sem varð til þess að ég ákvað að koma vestur. Á þeim tíma var líka betur borgað fyrir hjúkrunarfræðinga ef þeir störfuðu úti á landi, en þeir fengu svokallaða staðaruppbót.“

Ætlunin var að vera bara eitt ár, en ég hafði aldrei áður komið til Ísafjarðar. En svo kynntist ég Snorra manninn mínun og Ísafjörður átti strax í mér einhverja taug. Ég get eiginlega ekki útskýrt það, en það er eitthvað við þennan stað. Fjöllin eru að mínu mati yndisleg og mér finnst guðdómlega fallett hér fyrir vestan.

Svo það var í raun alltaf í spilunum að maður skyldi enda hér, þó svo að maður hafi nú kannski ekki séð það fyrir þennan fyrsta snjópunga vetur eftir að ég kom. Ég kom í mars og kynntist Snorra um sumarið og við tókum saman. Svo einn dag sá ég að auglýst var eftir netagerðarmanni til starfa í Namibíu. Ég hvatti Snorra til að sækja um og hann lét verða af því og fékk starfið. Við fluttum því út, en þá hafði ég búið á Ísafirði um eitt og hálft ár.

Við bjuggum í Namibíu í eitt og hálft ár en ég varð ófrísk og því fórum við heim eilítið á undan áætlun þar sem starfið var til tveggja ára. Ég vildi eignast mitt fyrsta barn heima á Íslandi og við fluttum svo aftur vestur með dótturina Sonju Katrínu viku gamla.

Tíminn í Namibíu var ákaflega skemmtilegur og mikil reynsla. Algjört ævintýri. Við ferðumst

mikið um landið en á þessum tíma vorum við barnlaus en Snorri á fyrirtvö börn sem bjuggu þá heima á Íslandi. Við tókum þátt í að byggja leikskóla, en fyrir tækið sem Snorri vann hjá gaf heimamönnum húsnæðið og við máluðum og standsettum það. Mjög skemmtilegt verkefni sem maður var stoltur af að taka þátt í.

Mig langar mikið til að heimsækja Afríku aftur enda dásamlegur staður. Þarna var eyðimörkin stórkostleg, rauður sandur eins langt og augað eygði og himininn engu líkur. Við fórum í einu ferðalaginu í þjóðgarð þar sem maður sá villt dýr í návígi. Þetta var svo gjörólíkt öllu öðru sem maður þekkti. Auðvitað var líka töluverður menningarmunur og það er rosaleg fátækt þarna. Við vorum nokkuð vel stæð miðað við fólkið sem bjó þarna. Í fátækrahverfunum bjó fólk í nokkurs konar bröggum, eða kofum, sem búnir voru til úr bárujárni og öðru tiltæku efni og leit ansi hröleg út. En svo kom á móti að fyrir framan marga þessara bragga stóðu flottir bílar og fólkið kom út að morgni tilhaft og fínt. Þetta fannst manni ansi ýktir öfgar.“

Þakklátir fyrir stuðning í sjálfstæðisbaráttu

Eftir heimkomuna bjuggu Snorri og Svava á Ísafirði og í Kópavogi í nokkur ár en fluttust síðan til Litháen.

„Snorri var að vinna í Hampiðjunni sem var á þeim tíma að flytja alla grunnstarfsemina til Litháen. Við fylgdum í kjölfarið og bjuggum þar í tvö og hálft ár. Okkur leið mjög vel þar. Við eignuðumst yngstu dóttur okkar þar og elsta dóttirin byrjaði sína skólagöngu úti, sem var ansi strembið þar sem kennarinn talaði ekki ensku og skólinn hafði enga reynslu í að taka við útlendum nemendum. Hún þurfti því í fyrstu að hafa með sér túlk, en litháíska er mjög erfitt tungumál að læra. En hún var svo dugleg og tileinkaði sér málið fljótt og áður en varði var hún farin að túlka fyrir okkur þegar við fengum gesti heim eða vorum á stórmarkaði o.s. frv.“

Við bjuggum í Šiauliai sem er fjórða stærsta borg Litháen og er nokkurn veginn fyrir miðju landsins. Borgin er nálægt landamærum Lettlands og það var styttra að fara til Riga heldur en Vilnius sem er höfuðborg Litháen.

Litháar eru yndislegt fólk sem ber hlýhug til Íslendinga. Það er fólki í fersku minni að Íslendingar

voru meðal fyrstu þjóðanna sem lýstu stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Litháa frá Sovétríkjunum fyrir rúnum tveimur áratugum, sérstaklega fólk á miðjum aldri. Jón Baldvin Hannibalsson, sem þá var utanríkisráðherra, er sérstaklega vel metinn, enda var það fyrir frumkvæði hans að Ísland varð fyrsta ríkið til að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og jafnframt hvatti hann NATO-ríkin til að gera það sama. Litháar eru Jóni Baldvini afar þakklátir og til heiðurs honum hefur torg í höfuðborginni Vilnius til dæmis verið nefnt Íslandstorg.“

Munur á heilbrigðisþjónustu

– Var mikill munur að búa í Litháen og heima á Íslandi?

„Litháen stendur nær því sem við eigum að venjast í heimalandinu en Namibía, en þó var margt ólíkt. En þarna voru þó nokkir Íslendingar, sér í lagi þeir sem fylgdu Hampiðjunni, og við mynduðum nokkurs konar eigið samfélag þarna úti. Eins kynntumst við líka fólki úti sem varð góðir vinir okkur og höldum sambandi við suma þeirra enn í dag.“

Helsti munurinn fyrir mig var einna helst hvað manni fannst maður vera kominn mörg ár aftur í tímann hvað varðaði alla heilbrigðisþjónustu. Ég átti yngstu dótturina úti og þurfti að leita vel og lengi að fæðingardeild sem ég vildi eiga á, allt var eitthvað svo gamalt og úr sér gengið. Maður fékk lykil til að læsa herbergi sínu á sængurdeildinni því annars gat maður átt það á hættu að dótinu manns væri stolið. Í mæðraskoðun var manni úthlutað klósettappír áður ef maður þurfti á salernið þar sem ekki var hægt að skilja neitt slíkt eftir án þess að það væri tekið. Fátæktin er bara það mikil þarna. Þegar þurfti að leita til læknis stóð fólk í langri biðröð og lækarnir voru ekki með tölvur heldur handskrifuðu allt. Og sitthvað fleira í þessum dúr sem kom manni spáskt fyrir sjónir þar sem maður hefur vanist svo góðu hér heima.

Dagný, miðjustelpa mín, handleggssbrotnaði tvisvar á meðan við vorum þarna úti og þurfti að fara í aðgerð í annað skiptið. Við Snorri fórum með hana á sjúkrahúsið og henni var gefin slakandi pillla. Svo þegar hjúkkan kemur til að fara með hana á skurðstofuna fylgjum við eftir, en erum stoppuð við lyftuna. Þá máttum við ekki fara lengra með henni og litla skinnið sem vissi ekkert hvað væri að gerast var hrifin burt. Ég gat heyrt ópin í henni þegar lyftan lokaðist og

farið með hana. Þetta var rosalega erfitt og manni fannst maður vera komin til annarrar aldar miðað við hvernig þetta er hér á landi.“

Snúið aftur til Ísafjarðar

„Það vakti samt mikla athygli að íslensk kona væri að fæða barn þarna úti, enda er Agnes mín eini Íslendingurinn sem hefur fæðst þarna eftir minni bestu vitneskju.“

Ég lærði örlítið í litháísku og reyndi að bjarga mér t.d. í verslunum, en þetta er bara afar erfitt tungumál að læra. Elsta stelpa hefur því miður misst kunnáttuna niður, en hver veit nema þetta sé einhvers staðar geymt í huga hennar. Miðstelpa var á leikskóla og talaði aldrei litháísku við neinn, en það var greinilegt að hún skildi allt sem sagt var við hana. Þegar starfsmenn leikskólans báðu hana um að gera eitthvað, þá hlýddi hún því án þess að þurfa hugsa sig um, svo að skilningurinn var alveg til staðar.

Á þessum tíma voru Litháar almennt ekki mjög sleipir í enskunni, en það er nú eitthvað að breytast núorðið og enskan að koma sterkari inn. En við þurftum mjög oft að notast við túlk. Þá töluðu flestir eingöngu litháísku og rússnesku, en hún er fyrsta tungumálið sem börnum er kennt.“

Eftir að fjölskyldan sneri heim frá Litháen fluttist hún til Kópavogs og þaðan til Ísafjarðar á ný.

„Fyrir rúmu ári sá ég að auglýst var eftir manni til að sjá um almennt rekstur Netagerðarinnar á Ísafirði. Ég sagði við Snorra að þetta væri nú eins og klæðskerasaumur fyrir hann og lagði til að við myndum skella okkur vestur. Ég sá bara kosti við að koma vestur, gott að ala upp börn og minnka við sig stressið.“

Við gáfum þessu ár til að byrja með og leigðum húsnæði. En nú erum við búin að kaupa hús og bara komin til að vera,“ segir Svava með stórt bros á vör. „Ekki bara erum við Snorri sátta við tilveruna hér heldur kunna stelpurnar afar vel við sig líka. Maður hafði smá áhyggjur í byrjun að flytja með elstu stelpuna. Hún byrjaði í tíunda bekk hér eftir flutninginn en hún hefur alveg blómstrað hérna. Það hefur líka gengið vel með hinar stelpurnar.“

Djáknánámið eflandi og styrkjandi

– En hvernig komst það til að þú lærðir til djákna?

„Ég var að vinna hjá Heimahlynningu, en þar fer fram líknammeðferð, sérhæfð einkennameðferð krabbameinssjúklinga

og annarra sjúklinga er glíma við ólæknandi sjúkdóma. Mig langaði til að læra eitthvað meira og ætlaði að fara í krabbameinshjúkrun, en þar sem of fáir sóttu um það nám datt það upp fyrir. En ég var komin í gírinn og þar sem boðið var upp á djáknann sem viðbótarnám við hjúkrunarfræðinginn skellti ég mér á það.“

Þar sem ég var með BS-gráðu í hjúkrunarfræði bauðst mér að taka djáknánámið á einu ári sem viðbótarnám. Ég er búin með bóklega hluta námsins en á eftir þann verklega. Þannig gæti ég ekki starfað sem djákni nema klára það fyrst, en ég tók þetta fyrst og fremst til að styrkja mig og efla í hjúkrunarstarfinu. Og einnig fyrir mig persónulega, fannst mér. Þetta er afar skemmtilegt nám sem felst mikið í sál-gæslu, sem var það sem heillaði mig. Djáknar starfa ekki eingöngu við kirkjur eins og margir halda, heldur eru þeir líka á öldrunarheimilum, sjúkrahúsum og víðar.“

Óhætt er að segja að djáknánámið hafi nýst Svövu vel eftir flutninginn vestur, en hún veitir stuðningsviðtöl fyrir krabbameinsveika og aðstandendur þeirra á vegum Krabbameinsfélagsins Sigurvegarar á norðanverðum Vestfjörðum.

„Jú, ég hef verið að veita stuðningsviðtöl og eiginlega mættu fleiri nýta sér þá þjónustu þar sem hún er í boði.“

Svava situr í stjórn félagsins, en hún var strax gripin og fengin til að liðs við félagið þegar hún flutti vestur.

„Ég bý auðvitað að mikilli reynslu þegar kemur að krabbameinssjúkum og ég var bara glöð að vera boðið að koma til liðs við Sigurvegarar. Þetta er mjög erfitt starf en það er líka skemmtilegt, krefjandi og þakklátt.“

Mig langar mikið til að klára djáknánámið og hver veit, kannski verður maður bara djákni hér á Vestfjörðum,“ segir Svava hlæjandi og bætir við: „Enginn veit sína ævina fyrr en öll er.“

Dauðinn ekki verstur

– Hvernig kom það til að þú fórst að vinna við að hjúkra krabbameinssjúkum?

„Mig hafði lengi langað til að prófa að vinna á líknardeildinni og eftir að við fluttum frá Litháen var auglýst eftir hjúkrunarfræðingi í Heimahlynningu. Ég fékk starfið þó ég hefði enga reynslu á þessu sviði, en það var mikill skóli. Við vorum eingöngu hjúkrunarfræðingar sem unnum þar. Höfðum aðsetur á líknardeildinni

en vorum í raun starfsmenn Landspítalans. Um er að ræða sólarhringsþjónustu svo við vorum alltaf á vakt og skiptum bakvöktunum á næturnar á milli okkar. Það er mikið öryggi fólgið í því fyrir fólk að geta leitað til manns hvenær sem var ef á þurfti. Eins voru alltaf lækmar á bakvakt sem maður gat leitað til ef þörf var á.“

– Tók það ekki á sálina að vinna við þennan starfa?

„Jú, auðvitað reyndi það á, en maður reyndi að setja upp ákveðinn múr til að reyna að brynja sig fyrir því. Erfiðast fannst mér þegar ungt fólk átti í hlut, sér í lagi ef það t.d. átti börn á svipuðum aldri og börnin manns. Það var einna sárast. En maður vann mikið með aðstandendum og fannst gott að geta orðið að liði. Og það er mikilvægt að boðið sé upp á þessa þjónustu.

Það er nauðsynlegt að geta boðið skjólstæðingum að vera sem lengst heima og jafnvel dáið heima ef óskað er eftir því, en þá þarf að búa að sterkri fjölskyldu því að þetta er mikið álag á aðstandendur eins og gefur að skilja. Mér finnst frábært að fólk hafi þennan valkost og gott að geta stuðlað að því í starfinu. Í þessu starfi eru sjúklingarnir langt komnir þar sem þetta er líknarstarf, en dauðinn er alls ekkert verstur. Hann getur jafnvel verið fallegur og líknandi.“

Starfið var þó farið að taka sinn toll af Svövu þegar ákvörðunin um að flytja vestur kom til.

„Ég held ég hefði hætt fljótlega þó svo að við hefðum ekki flust vestur, þar sem þetta er bara það erfitt starf. Ég var líka að vinna með skjólstæðing sem var tengdur mér sem reyndi afar mikið á. Ég fann því að ég þurfti að breyta til eftir þá erfiðu reynslu. Maður brennur fljótt út í svona störfum og því getur oft verið nauðsynlegt að söðla um.“

Fann sig í hjúkr-unarhlutverkinu

Hjúkrunarstarfið lá ekki alltaf fyrir Svövu og ætlaði hún eins og margar aðrar ungar stúlkur að verða flugfreyja, innanhússarkitekt og sitthvað fleira í þeim dúr þegar hún var að vaxa úr grasi.

„Eftir stúdentinn við Menntaskólann við Sund fór ég í sálfræði við háskólann. Ég hætti þó eftir nokkra mánuði enda orðin þreytt á skólagöngu á þessum tíma. Ég fór að vinna á öldrunardeild við Hátún, starf sem pabbi spáði að ég myndi aðeins endast í nokkra daga. Það væri of erfitt.

En ég starfaði þar í nokkra mánuði og fór í kjölfarið í hjúkr-unarnám. Á þessum tíma var ég að gæla við þá þælingu að verða ljósmóðir, en svo fannst mér svo gaman í hjúkruninni að ekkert annað kom til greina.“

Svava vinnur nú við heimahjúkrun við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.



„Það er verulega skemmtilegt starf. Við erum með aðsetur á Hlíf en förum í alla nágrannakjarnana. Maður kynnist mörgu fólki og starfar með góðu fólki.“

– Hvernig ferðu að því að létta á álaginu sem fylgir starfinu?

„Ég fer mikið út í náttúruna. Það er einmitt einn af helstu kostunum við að búa hér fyrir vestan, maður þarf rétt að stíga út fyrir dyrnar til að komast í tæri við

guðdómlega fallega náttúru.

Við fjölskyldan erum búin að taka upp skíðin aftur og förum töluvert á skíði í fyrra. Ég hef reyndar heyrt að maður sé varla maður með mönnum nema að hafa prófað gönguskiði hér fyrir vestan, svo ég stefni á að gera það við gott tækifæri. Svo prófaði ég jóga um daginn og fannst það alveg æðislegt.

Ég byrjaði líka að hlaupa með

Riddurum Rósu í sumar og hljóp 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu ásamt elstu dóttur minni. Ég hefði ekki trúað því hvað það er gaman. Stemmningin var frábær og þetta var eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert.

Annars hefur reynsla mín í gegnum starfið kennt mér lifa í núinu og hvað heilsan er mikilvæg. Maður veit aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Í

starfinu lærir maður að sjá hlutina í stærra samhengi og hvað maður nýtur mikillar blessunar að eiga heilbrigð börn og geta átt tíma með fjölskyldunni. Maður hættir að kvarta yfir smáu hlutunum og sér að lífsgæðakapphlaupið skiptir engu máli þegar uppi er staðið,“ segir þessi glaðlynda kona að lokum.

– *Thelma Hjaltadóttir.*

Að vera góður smalahundur

Síðasta áratuginn, eða meir, hef ég alltaf annað slagið heyrt því haldið fram að héraðsfréttablöðin séu að líða undir lok eða að þeirra tími sé í raun þegar liðinn.

Annað hefur hinsvegar komið á daginn. Ég ætla svosem ekki að halda því fram að héraðsfréttablöðin lifi góðu lífi, því ég veit það, meðal annars af eigin reynslu, að þar hefur ekki dropið smjör af hverju strái í gegnum árin. Þetta er, og verður sjálfsagt alltaf, erfiður rekstur. Aftur á móti hafa vinsældir staðbundinna miðla ekki dvínað og þörfin fyrir þá síst minni nú en fyrr.

Fólk er bæði forvitið og fróðleiksfúst. Fólk vill fá að vita um allt er varðar hagsmunum þess og þeirra nánustu. Það vill líka vita sem mest um svo margt sem kemur því ekkert við, þannig lagað. Fólk vill fræðast sér til gagns og svara forvitni sér til gamans. Það er meðal þess sem gerir fólk að fólki.

Mesta þörf höfum við fyrir upplýsingar um það sem stendur okkur næst, um okkar nærumhverfi. Íslendingar, sem heild, myndu aldrei láta sér nægja að fá

bara heimsfréttir inn á borð eða skjá hjá sér. Heimsfréttirnar, þar sem Íslands væri kannski getið annan eða þriðja hvern dag, og aldrei á forsíðu! Á sama hátt nægir það ekki íbúum í einu héraði að fá bara fréttir af því sem þykir merkilegt á landsvísi. Fólk vill fréttir af sinni þúfu, fréttir sem heildinni finnst sér kannski ekki koma beint við.

Það má vissulega deila um hvers hlutverk það er að sinna miðlun innan afmarkaðra landsvæða. Ekki ætla ég að dæma um það, en ég held samt að enginn ræki það hlutverk betur en héraðsfréttablöðin. Í þeim eru sagðar bæði stóru fréttirnar og líka þær litlu. Oftar en ekki fara þessar fréttir á flug, því stóru miðlarnir taka iðulega upp, með einum eða öðrum hætti, mál úr héraðsmiðlunum, mál sem annars hefði kannski annars ekki verið fjallað um á landsvísi. Gildi lítillar fréttar í litlu blaði getur því þannig öðlast margfeldisáhrif.

Það er vinsælt í dag að tala um svokallað varðhundshlutverk fjölmiðla. Að þeim beri að veita

stjórnvöldum á hverjum tíma, og á hverjum stað, aðhald o.s.frv. Sömuleiðis stórfyrirtækjum og fleiri hagsmunaaðilum. Á það hefur verið bent að litlum héraðsfréttablöðum veitist það örðugt að sinna þessu varðhundshlutverki, þar sem nálægðin sé of mikil og þessi blöð eigi yfirleitt hagsmuna að gæta hjá þeim sem þau þurfi að vakta, vegna auglýsinga og áskriftar.

Ég er alinn upp í friðsælli sveit þar sem við höfðum enga sérstaka þörf fyrir varðhunda. Þar komu góðir smalahundar sér hinsvegar býsna vel. Ég held, í einfaldni minni, að þannig sé það reyndar víðast á landsbyggðinni. Ég tel, með öðrum orðum, að héraðsfréttablöðin þurfi fremur að vera smalahundar sem smala fréttunum saman og koma þeim á rétta staði. Ég held líka að, þrátt fyrir smæð og nálægð, geti góð héraðsfréttablöð veitt nauðsynlegt aðhald þó það sé ekki endilega gert með neinum látum.

Bæjarins besta er, og hefur alla sína tíð verið, eitt af öflugustu héraðsfréttablöðum landsins. BB er eins og héraðsfréttablöð eiga



að vera, sambland af fréttablaði og tímariti sem er nauðsynlegt til að þóknast kröfuhörðum lesendum. Þess má einnig geta að BB var einn af fyrstu prentmiðlunum landsins til að uppgötva veraldarvefinn og tileinka sér ýmislegt af því sem hann hefur upp á

að bjóða. Fréttavefur BB var einn af þeim fyrstu sinnar tegundar og er enn einn af þeim virkari og öflugri.

Ég óska Bæjarins besta til hamingju með þennan áfanga og óska því og öðrum héraðsfréttablöðum landsins langlífis.

Einar Kristinn Guðfinnsson, forseti Alþingis

Ekkert einkamál Vestfirðinga

Þegar sagnfræðingar framtíðarinnar leita fanga um efni sem tengist Vestfirðum munu þeir fljótlega nema staðar við BB; Bæjarins besta. Frá upphafi hefur blaðið verið eins konar krónika um vestfirska sögu. Aldarspeigill sem við getum notað til þess að skoða það sem gerst hefur á Vestfirðum á því árabili sem hans hefur notið við.

Það má teljast nokkuð einstakt hversu blaðaútgáfa hefur verið öflug í gegnum tíðina á Vestfirðum. Þó ekki sé leitað aftur til 19. aldarinnar en einungis skoðað það sem gefið hefur verið út á prenti á þeim tímum sem stjórnmálakerfið var að festa sig í sessi, þá blasir við kröftug útgáfa, þar sem ritfært fólk festi í senn á blað skrif á viðburðum og pólitísk skrif sem voru lituð mikilli ástríðu; en einnig oft á tíðum stórryðum og afdráttarlausum skoðunum.

Þetta breyttist þegar leið á öldina. Fyrst með innreið Vestfirskra fréttablaðsins, sem Árni Sigurðsson ritstýrði af myndarbrag og metnaði. Og síðar BB

sem þeir Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson hafa haldið úti af ótrúlegri þrautseigju í þrjá áratugi. Ég man að blaðið bar með sér mikinn frumbýlingsbrag. En smám saman festist það í sessi. Varð kröftugur fréttamiðill sem flutti vestfirsk tíðindi. Viðtölin sem þar hafa birst eru jafnan skemmtileg og fróðleg, enda hafa oft stýrt þar penna rit-sníllingar á borð við Hlyn Þór Magnússon og fleiri.

BB varð með árunum lifandi og fjörugur fréttavefur í viðbót við blaðaútgáfuna. Þá má segja að brotið hafi verið í blað. Og ótrúlegt er að BB vefurinn hefur orðið fjölsóttur af lesendum um allt land; já í rauninni um allan heim. Við erum mörg sem förum ekki í gegnum nokkurn dag nema að lesa vefinn, og sjálfur tel ég mér nauðsynlegt – en líka skylt – að lesa einnig prentaða blaðið.

Stundum er ég sáróánægður með BB. Stundum finnst mér fjölmiðillinn sökkva niður í hreinar lægðir í efnistöfum og fréttamati. Og ég neita því ekki, að stundum hefur mér hreinlega



mislíkað við það sem á borð mitt hefur borist af vettvangi BB. En þannig er það. Kannski voru mál-in mér skyld og ég því fyrir vikið ekki alveg hlutlaus áhorfandi. En hvað sem því hefur liðið, þá gæti ég ekki verið án BB.

Margt hefur breyst frá því að vestfirsku flokksblöðin voru hinn ráðandi þáttur í þjóðmálaumræðunni hér á Vestfirðum. BB hefur auðvitað ekki komið í stað þeirra. En blaðið og vefurinn hafa leyst þau af hólmi sem vettvangur um-

ræðunnar. Tölvutækni var í fyrstunni nýtt til þess að gefa út prentmiðil. En vefurinn gerir það kleift að miðla til okkar fréttum, fróðleik, skoðunum og öðru því sem fjölmiðill getur boðið upp á og á erindi til okkar Vestfirðinga.

BB er fyrir löngu orðið hluti af daglegu lífi Vestfirðinga og annarra þeirra sem vilja fylgjast með því sem gerist á vettvangi Vestfirðinga. Hann er ekkert einkamál Vestfirðinga, heldur lesefni fjölda fólks, sem margt hvert

hefur lítil tengsl vestur, nema í gegnum þennan fjölmiðil.

Mín von er sú á BB eigi sér langa lífdaga í hverri þeirri mynd sem fjölmiðlar framtíðarinnar verða. Og þá er ég viss um að stundum mun BB gleðja mig, stundum ergja mig, en umfram allt vona ég að miðillinn geti haldið áfram að vera sá aldar-speigill Vestfirðinga sem hann hefur verið og er. Hluti af sjálfsmynd okkar Vestfirðinga og vettvangur okkar í bestum skilningi.

Vetrarfrí á Ísafirði

Tveggja náttu fjölskyldutilboð með hálfu fæði 45.600 kr.

M.v. 2 fullorðna og 2 börn, gisting í herbergi með baði, morgunverður og 2ja rétta kvöldverður.

Börn eru 11 ára og yngri. Fyrir unglunga 12-18 ára í stað barns, greiðist 2.500 kr. aukagjald per dag.

Sé bætt við aukanótt er hún á 20.500 kr. með hálfu fæði.

Þriggja náttu fjölskyldutilboð með morgunverð 43.400 kr.

M.v. 2 fullorðna og 2 börn, gisting í herbergi með baði og morgunverður.

Börn eru 11 ára og yngri. Fyrir unglunga 12-18 ára í stað barns, greiðist 1.800 kr. aukagjald per dag.

Sé bætt við aukanótt er hún á 14.000 kr. með morgunverð.

Kynntu þér nánar á
hotelisafjordur.is eða í síma 456 4111

HÓTEL
Ísafjörður

Ísafjarðarbær óskar Bæjarins besta
og starfsmönnum þess í nútíð og
fortíð hjartanlega til hamingju með
þrjátíu ára afmælið.

Öflugt héraðsfréttablað er ómissandi, bæði sem
innlegg í umræðu dagsins í dag en ekki síður sem
heimild fyrir komandi kynslóðir.



Sterkasta rödd Vestfirðinga og kannski best lesna blaðið á Íslandi

Það voru augljóslega bjartsýnismenn sem ýttu Bæjarins besta úr vör fyrir þrjátíu árum. Landsblöðin öll í ólgusjó, Dagblaðið og Vísir höfðu sameinast, Tíminn breyst í NT í von um að þrauka, Alþýðublaðið og Þjóðviljinn í andarslitrunum, og fyrir norðan var Dagur að reyna að sprikla. Ríkisútvarpið og Morgunblaðið voru þá enn stórskipin sem vart höggubust.

Þegar horft er yfir sviðið á árinu 2014 eru flest blaðanna sem við áður þekktum horfin af vettvangi. Fjögurra milljarða króna afskriftir þurfti til að halda Morgunblaðinu á lífi og nú á haustdögum fregnaðist að Ríkisútvarpið gæti ekki staðið í skilum með greiðslu af skuldabréfi. Það heitir víst tæknilegt gjaldþrot, sögðu menn. Og það þrátt fyrir 300 milljóna króna meðgjöf úr vösum skattgreiðenda í hverjum einasta mánuði, fjárhæð sem á tíu árum færi langt með að duga fyrir öllum þeim jarðgöngum sem Vestfirðinga og líka Austfirðinga dreymir um.

En Bæjarins besta? Frískara sem aldrei fyrr.

Við hinir sem vinnum á 300 þúsund manna markaðssvæði klórum okkur í skallanum og

spyrjum hvaða galdramenn þetta eru, sem tekst að halda úti vikuriti og vefmiðli fyrir vestfirskan, – eða kannski væri réttara að segja, – ísfirskan heimamarkað. Og þrauka enn, þrátt fyrir að íbúum fjórðungsins hafi fækkað úr tíu þúsund niður í sjö þúsund á þessum þremur áratugum.

Þetta eru þvílíkir afreksmenn að réttast væri að Ríkisútvarpið yrði úr tekið úr höndum eyðsluklónna í Efstaleiti og höfuðstöðvar þess fluttar í bakhús hjá Bæjarins besta, til manna sem sýna það og sanna í hverri einustu viku að það er hægt að gera flotta hluti við naumar aðstæður. BB-menn gætu kannski skilað af gangi af afnotagjöldunum upp í göng, til Dýrafjarðar og Súðavíkur, Seyðisfjarðar og Vopnafjarðar.

Frískleg prentútgáfan í aðlaðandi broti með sinni stóru forsíðumynd, helsta útlitseinkenni Bæjarins besta, gæti ég best trúað að væri hlutfallslega mest og best lesna blað á Íslandi, – innihald tölublaðanna er þess eðlis að margir lesa þau nánast upp til agna, – meira að segja tilkynningar og auglýsingarnar líka. Örlög BB eru ekki þau að vera hraðflett og síðan fleygt nær ólesnu.



Baldur Hrafnkell og Kristján Már, félagarnir á Stöð 2, í Dýrafirði í fyriravetur á leið á Ingjaldssand til fundar við Betty, í fylgd björgunarsveitarmanna frá Flateyri.

Við fyrir sunnan sem kynnumst BB einkum með daglegum heimsóknum inn á bb.is skiljum vel hvers vegna mælingar sýna að hann er vinsælasti vefurinn sem starfræktur er utan suðvest-

urhornsins. Þar sést líka að lesendahópurinn nær langt út fyrir Vestfirði, sem gefur þessari sterkustu rödd Vestfirðinga mikinn slagkraft.

Um leið og við óskum Bæjar-

ins besta til hamingju með áfangann skulum við hafa það hugfast að íslensk fjölmiðlun, á dverg-vöxnu málssvæði, verður ætíð stöðugur barningur og miðlarnir brothætt egg.

Sælkerar vikunnar eru Júlíus Sómon Pálsson og Konný Björk Viðarsdóttir

Fyllt svínalund og rækjukokteill

Á okkar heimili sér húsbóndinn alfarið um eldamennskuna og þarf því aldrei að vaska upp. Ekki er eldað mikið eftir uppskriftum heldur er tilfinning látin ráða útkomunni. Við höfum gaman af því að halda matarboð og oft á tíðum finnur maður upp á einhverjum óvæntum réttum í höfðinu á sér, bara svona eins og sumir semja lag. Einfaldleikinn er oftast bestur í matreiðslu og teljum við að varast skuli að blanda of miklu hráefni í einn rétt.

Rækjukokteill

Dögun lúxus rækjur
gúrka
tómatar
Iceberg
sítróna
ananassafi
hvítvín
majones
sýrður rjómi
tómatsósa

Blandið saman 70% majones á móti 30 % af sýrðum rjóma. Dass af tómatsósu bætt við þar til litur verður létt bleikur, alls ekki of mikið. Hellið smá hreinum ananassafa og hvítvíni eftir smekk, smakkið til. Fínsaxið gúrku og bætið út í. Setjið rækjur í botn af glasi eða skál og hellið sósu yfir. Tómatar, gúrka og iceberg (fínsaxað) ofan á. Kreystið sítrónusafa létt ofan á og kælið í 1-2 klst.

Fyllt svínalund

Svínalundir
beikon
jalapeno ostur
Besta kryddið svínakrydd.
Skerið lundina upp langsum en haldið bakhluta og hliðum lokuðum. Raðið ostinum í 2mm sneiðum langsum í lundina. Þrýstið saman svo lundin lokist með ostinn innan í. Vefjið beikon þéttingsfast alla leið utan um lundina. Kryddið vel með svína-

kryddi frá Besta. Hitið pönnu vel, snöggsteikið létt báðar hliðar til að fá brúningu. Setjið svo lundina í ofn í ca 40 mín við 180 gr. Fer annars eftir stærð lundarinnar.

Kartöflugratin

Forsoðnar kartöflur, 1 pakki
rjómi 300 ml
timían krydd
pipar
1 teningur
nautakraftur
ostur
Setjið olíu á heita pönnu og steikið kartöflurnar upp úr tímian og pipar. Hellið rjóma út í, bætið við nautakraft og sjóðið þar til rjóminn fer að þykkjast aðeins. Setjið í eldfast mót og og vel af gratínosti yfir. Bakið þar til osturinn hefur brúnast vel.

Sósa

Rjómi ½ ltr.
sveppir



timían krydd
nautakraftur
1 teningur
rauðvín
rifsberjahlaup góð teskeið
Steikið sveppi (niðurskorna) og kryddið með timían og smá pipar. Hellið rjóma í pott og nautakrafti bætt út í. Setjið rúma teskeið af rifsberjahlaupi saman

við. Þykkið með sósu-jafnara eftir smekk. Dass af rauðvíni eftir þykkingu sósunnar.

Má bera fram með fersku salati.

Við skorum á vínahjón okkar, þau Þórdísi Jónsdóttir og Höskuld Bragason að vera næstu sælkerar vikunnar.

Jólahlaðborð 2014

Ljúfir jólatónar í sveitasælunni á Núpi

Jólahlaðborðið á Núpi verður laugardaginn 13. desember og mun fyndnasti sjúkrapjálfi Ísafjarðar, Ólafur Halldórsson, sjá um veislustjórn. Gunnar Hjörtur Hagbarðsson töfrar fram ljúfa tóna yfir borðhaldi. Anna Puríður og Aron syngja svo inn jólin og Benni Sig frá Bolungarvík spilar síðan fyrir dansi ásamt stórhljómsveit fram á rauða nótt.

Dívudúettinn syngur inn hvít jól á Edinborg

Jólahlaðborðin á Edinborg verða laugardagana 29. nóvember og 6. desember og mun fyndnasti sjúkrapjálfi Ísafjarða, Ólafur Halldórsson sjá um veislustjórn. Þá mun Vestfirski Dívudúettinn, þær Katerina Inga og Elín Sveins, syngja inn jólin ásamt hljómsveit og munu með dagskrá sinni bjóða upp á hvít jól sem enginn má láta framhjá sér fara. Dansleikur fram eftir nóttu.

Töfrandi jólaandi fram á rauða nótt í Félagsheimili Bolungarvíkur

Jólahlaðborðin í Bolungarvík verða laugardagana 29. nóvember og 6. desember og mun Guðbjörg Stefanía Hafpórsdóttir (Hafpórs Gunnars Leós) sjá um veislustjórn. Guðbjörg er þekkt fyrir mikinn húmor og ómeðvitaða orðheppni. Gunnar Hjörtur Hagbarðsson töfrar fram ljúfa tóna yfir borðhaldi. Svo mun Helgi Hjálmtýsson „prestfrú“, í Bolungarvík og stúlknakórinn Englarnir færa ykkur hinn rétta jólaanda. Benni Sig mun síðan ásamt stórhljómsveit spila fram á rauða nótt. Gleði og glæsileiki.

Jólahlaðborð á Núpi, Edinborg og í Bolungarvík

Verð kr 9.400

fyrir hópa þ.e. 10 manns eða fleiri

Verð kr 8.900

Með gistingu í 2 manna herbergi og dögurð (brunch) á Núpi

Verð kr 14.400

Pantanir í síma 864 - 9737

Með kveðju
Sigurður og Guðmundur



Gott að eiga góða að

Ég hef fylgst með bb.is í fjölda-mörg ár – byrjaði sennilega á því þegar vefurinn birti fyrstur allra miðla frétt um stofnun Kortaþjónustunnar ehf. árið 2002, en eiginmaður minn er einn af stofnendum félagsins. Síðan þá hef ég heimsótt bb.is reglulega og fyrir vikið var allt svo miklu kunnuglegra þegar ég flutti hingað norður á Strandir.

Sem lesanda vefjarins finnst mér efni hans almennt áhugavert og skemmtilegt. Auðvitað eru líka minna áhugaverðar fréttir með, en maður þarf ekki að lesa þær

frekar en maður vill. Vefurinn birtist mér sem mannlegur og upplýsandi miðill með góðan hómor. Ég verð að segja vefnum það til hnjóðs að mér finnst hann ekki vera nægilega landbúnaðar-tengdur og mætti alveg bæta úr því. Á hinn bóginn hefur orðaforði minn að öllu því sem snýr að sjómennsku og útgerð stórkostlega með heimsóknum mínum á vefinn.

Eftir að ég varð sveitarstjóri í Strandabyggð er vefurinn orðinn einn af skyldumiðlunum, maður kíkir á bb.is með morgunkaffinu.

Auðvitað vildi ég sjá fleiri fréttir tengdar Ströndum og lífinu í mínu næsta nágrenni, en kannski má ég líta í eigin barm þar og vera duglegri sjálf að koma efni á framfæri. Blaðamenn bb.is eru samt nokkuð iðnir við að hafa samband, bæði þegar eitthvað sérstakt er í umræðunni og eins líka þegar „gúrkuþíð“ ríkir.

Það er gott að finna að fylgst er með, og vissulega er það ákveðið aðhald að mega búast við því að blaðamaður hafi samband. Svo er líka gott að eiga góða að þegar koma þarf upplýs-



ingum eða fréttum á framfæri. Höfuðborgarmiðlarnir sýna landsbyggðinni gjarnan of lítinn áhuga,

en leiðin að hjarta þeirra liggur oft í gegnum lókalmiðilinn, vefsíðuna bb.is.

Jón Svanberg Hjartarson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Ákveðið lím fyrir samheldni fólks

Á tímamótum er hefð fyrir því að líta um öxl og velta hlutum fyrir sér. Það verður að teljast ákveðið afrek að hægt sé að halda úti héraðsmiðli eins og BB í heil 30 ár og hljóta hugsjónir og tiltrú á samfélagið að ráða þar miklu hvernig til hefur tekist. Í mínum huga hefur BB staðið sig með miklum ágætum sem spegill samfélagsins á Vestfjörðum hverju sinni. Kannski gæti hlutleysið verið meira þegar nálgast kosningar, en sumir hafa greint blá-móðu í litlum mæli þegar vindátt hefur verið óhagstæð. Held það hafi samt ekki haft varanleg áhrif á loftgæðin.

Persónulega hafa mér fundist viðtölin skemmtilegust og þá sér-

staklega þau sem ágætur vinur minn Hlynur Þór Magnússon hefur skráð í gegnum tíðina, en hann hefur að mínu mati einhverja yfirnáttúrlega næmni til að gera frásagnir áhugaverðar og skemmtilegar aflestrar. Skemmtilegustu sögurnar eru jú í hversdagsleikanum, en það er ekki á allra færi að draga þær fram og setja í áhugaverðan búning. Þar hafa BB og Hlynur Þór átt frábæra samleið.

Skipta miðlar eins og BB og bb.is einhverju máli fyrir samfélagið? Já, alveg tvímælalaust, og ég held að hægt sé að fullyrða að miðlar sem þessir geti virkað sem ákveðið lím fyrir samheldni fólks, ef rétt er á haldið. Ég held



að BB og bb.is hafi sinnt því hlutverki vel í þeirri varnarbaráttu sem Vestfirðir hafa háð á síðustu árum. Einn af föstu liðunum þegar maður sest við tölvuna er

að skanna fjölmiðlana, og þar á bb.is sinn fasta stað. Það er alltaf gaman að „skanna“ bb.is og sérstaklega eftir að maður lenti í því að flytja suður.

Ég óska eigendum BB og okkur öllum til hamingju með afmælið og óska BB annarra góðra 30 ára.

Vörður Vestfjarða í 30 ár

Bæjarins besta hefur komið út í 30 ár, en fyrsta eintakið kom fyrir augu almennings hinn 14. nóvember 1984 í mun frumstæðara formi en nú berst fólki. Á ýmsu hefur gengið og þegar BB, eins blaðið er nefnt í daglegu tali, hóf göngu sína var einnig gefið út á Ísafirði Vestfirskra fréttablaðið, sem hafði þá sterka stöðu á Ísafirði og Vestfjörðum. Engu að síður lögðu tveir ungir menn af stað á þessa braut sem gengin hefur verið í þrjá áratugi. Sigurjón J. Sigurðsson ritstjóri og ábyrgðarmaður Bæjarins Besta stendur enn vaktina, Halldór Sveinbjörnsson hefur hins vegar dregið sig í hlé og snúið sér að öðru. Þrautseigja og sá metnaður er BB hefur sýnt er einstakur og nú er blaðið orðið eitt langlífasta lifandi héraðsfréttablaðið á Íslandi. Það er hvorki einfalt verk né létt að gefa út blað, sem fyrst og fremst byggir á fréttum úr héraði, ekki síst þegar íbúum hefur farið fækkandi. Við upphaf útgáfunnar voru íbúar Vestfjarða rúmlega 10.400, en eru nú um 7000. Aðstæður hafa því breyst verulega.

Vart verður því haldið fram að ávallt hafi ríkt friður um Bæjarins besta. Stjórnmalamenn hafa oft verið ósáttir við blaðið, fundist það óvægð í sinn garð og stundum að það hafi hampað andstæðingum á sinn kostnað. Sé sagan skoðuð er það rétt að oft hefur verið bent á bresti og missagnir á þeirra leiksviði, enda hlýtur það að vera hlutverk óháðs miðils að gæta fyrst og fremst hagsmuna lesenda sinna, almennings á Vestfjörðum og reyndar á Íslandi þegar þannig ber undir líkt og gildir um samgöngumál. En þau eru Vestfirðingum mjög hugleikin. Einnig

hefur blaðið veitt aðhald þegar störf opinberra embættismanna hafa vakið upp spurningar. En það verður æ algengara í samfélagi þar sem lýðræði er markmiðið og þar af leiðandi opinská umræða, sem tíðkaðist minna áður. En eðli málsins samkvæmt liggur þunginn í umfjöllun BB á norðanverðum Vestfjörðum, Ísafirði og nágrenni.

Einstakir menn hafa stundum séð sig knúna til þess að kvarta undan umfjöllun blaðsins. Auk þess að það sé jákvætt að skoðanir séu skiptar sýnir það styrk miðilsins að það hafa þeir fyrst og fremst gert á síðum BB sjálfs og í seinni tíð einnig á vef BB, sem er þörf og góð viðbót í samræmi við tækniþróun, þótt ekki komi vefurinn í stað blaðsins. Þessi þáttur er einn af þeim sem staðfesta lifandi miðil, sem skiptir máli. Margt hefur breyst. Keppinauturinn kemur ekki lengur út og dregið hefur úr útgáfu pólitísku blaðanna og ýtir sú staðreynd enn frekar undir nauðsyn og mikilvægi miðils eins og BB er. En á síðum þess hafa verið teknar upp nýjungar sem létta það og viðtöl sem birtast nú í hverju blaði eru bæði skemmtileg og fróðleg, auk þess að höfða til lesenda efla þau fjölbreytni þess sem blaðið býður lesendum á jákvæðan hátt.

Bæjarins besta stendur á merkum tímamótum og er aðstandendum þess óskað til hamingju með áfangann og velfarnaðar í framtíðinni og megi krafturinn og hugurinn verða til þess að BB komi lengi út enn, þótt formið taki mið af þróun tækni og þörfum notenda. Árnaðaróskir á merku-tímamótum, einnig til lesenda sem eiga í BB fastan stað í tilverunni.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-lega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak-ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrif-um **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Óskum BB til hamingju með 30 árin

Fiskur á diskinn
Sjávarfang ehf

Sími 456 4400
Sindragötu 11 - 400 Ísafirði

... þar sem BB fær fiskinn sinn

Fiskbúð

Рыбный магазин	Local Fish Shop
La poissonnerie	Fiskebutik
Sklep rybny	Fiskaffär
คนขายปลา	Kalakauppa
Tindero ng isda	鲜店
Marisqueria	
Peixaria	Fishmongers
Der Fischladen	
Magazin de peste	Viswinkel
	Fiskeforretning

Opíð mán. - fös.
11:00 - 18:00
s: 456-4400

Lausn á síðustu krossgátu

Jón Steingr.			S				Á				H
	B	E	T	U	R	⇒	S	J	Á	↘	O
G	E	I	R		Ó	Ó	Ó		L	A	K
	T	R	Ö	L	L	S	K	A	P	U	R
A	U	Ð	N	A		Ó	N	N	A	G	A
	R		D	R	Ó	M	I		S	U	Ð
	↓	L		F	L	A	N	A	T	↓	
D	V	Í	N	A		N		S	T	E	F
	I	Ð	A		I	N	A	K	A	N	I
	N	A	U	T	N		U		G	↓	R
U	N	N	T		D	U	M	P	L	A	Ð
	U		G	R	Æ	S	K	U		U	
	R	Ó	R	I	L	L	A	N	Ó	G	A
	↘	V	I	T	↘	A		K	L	A	K
G	L	E	P		E	I	S	T	A		R
	A	R	I	N	N		A	U	G	N	A
S	K	A	R	N	↘	S	T	R	I	T	R

Sudoku prautir

				2		5		
9	8		4		7			6
		2	5	4	1	6		
	4					9	1	
			9		8		5	
4								9
				6				
7		3		5	9	1		

	7		6	8	2			9
2			1					8
5	6			3				2
	8	7						
4		1		6			7	
6					9	1		
7			4	1			2	6
8	1	6						
9	2				6		5	



Rækjukvótinn mikil vonbrigði

Sjávarútvegsráðherra hefur að tillögu Hafrannsóknastofnunar gefið út 750 tonna rækjukvóta í Ísafjarðardjúpi. Gísli Jón Kristjánsson, skipstjóri og útgerðarmaður á Öldunni ÍS 47, segir heildarkvótinn vera mikil vonbrigði. Sjómenn og útgerðarmenn við Djúp hafi búið við mun meiri kvóta. Hann segir að breytingar Hafrannsóknastofnunar á aflareglu vera grafalvarlega fyrir byggðirnar við Djúp. Aflaregla segir til um hversu mikil má taka úr stofninum.

„Við gerðum ráð fyrir helmingi meiri kvóta. Miðað við gömlu aflaregluna hefði mátt veiða 1.500 tonn. Ef við reiknum þetta til peninga þá er verið að skera þetta samfélag okkar niður um 350 til 400 milljónir. Þá er ég að meina tekjur sjómanna, útgerða og rækjuverksmiðjunnar og tengdrar starfsemi. Okkur veitir ekkert af þessum tekjum, ástandið er brothætt hjá okkur. Ég held að Hafró geri sér ekki grein fyrir hvað ákvarðanir þeirra kosta samfélögin við Djúp mikið,“ segir Gísli Jón.

Hann segir að sjómenn og útgerðarmenn hafi verið sammála vísindamönnum Hafrannsóknastofnunar um að fara varlega í veiðinni fyrstu árin eftir veiðar voru leyfðar eftir algjört hrún. Að sögn Gísla Jóns hefði veiðin í fyrra verið 1.800 tonn í gömlu reglunni, en í heildina voru veidd 1.150 tonn.

Náttúrustofan vill meira fjármagn

Forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða hefur óskað eftir því við aðildarsveitarfélög Náttúrustofunnar að fjárframlög til stofunnar verði aukin um 10 milljónir króna á ári næstu tvö árin. Með auknu framlagi verði fjárhagsleg staða Náttúrustofunnar styrkt og skuldir greiddar niður.

Fjárhagsstaða Náttúrustofunnar er bágborin um þessar mundir. Auknu framlagi yrði skipt á milli sveitarfélaga í samræmi við föst rekstrarframlög til stofunnar. Þau sveitarfélög sem eiga aðild að Náttúrustofunni eru Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Vesturbyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Strandabyggð.

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG
JARÐAR

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Öll almenn húsmíði
BOLUNGAVÍK
456 7080 • 893 9362 • 690 1060
Umboðsaðili fyrir GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB
SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033

SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG
JARÐAR

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- spálfrætt nýting sjávarauðlinda

Við erum Mylan

Eitt stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi



 **Mylan**
Seeing
is believing

Lægra lyfjaverð fyrir þig